allt

BRAGI RAGNARSSON

Eru allir vegir færir

• nám • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

TÓNLIST

NYLON

Taka gamalt lag með Helgu Möller

FÓLK 42 ▶

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júní 2005 - 160. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Halldórseigendafélagið

Lögreglukylfa fer Guðmundi Andra Thorssyni verr í hendi en penni, segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson, en telur Guðmund þó eiga þakkir skildar því hann staðfesti málsvörn sína í tveimur mikilvægum atriðum.

UMRÆÐAN 20

Toppslagur Vals og FH á Hlíðarenda í kvöld

Valur og FH mætast í Landsbankadeild karla í fótbolta á Hlíðarenda í kvöld en bæði lið eru með fullt hús eftir fyrstu fimm leikina.

ÍÞRÓTTIR 26

Leðurblökumaðurinn snýr aftur

Kvikmyndarinnar um upphaf Leðurblökumannsins hefur verið beðið með óþreyju en myndin verður frumsýnd í kvöld.

UNGT FÓLK 36

VEÐRIÐ Í DAG

BEST SYÐRA Þar verður skýjað með köflum og hlýtt. Norðan og austan til verður fremur þungbúið með vætu af og til og svalara veður. Hiti 7-17 stig, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4

Ríkisendurskoðandi aftur til fundar við fjárlaganefnd

Fjárlaganefnd fjallar á ný um vanhæfismál forsætisráðherra á morgun. Framsóknarmenn eru áhyggjufullir og telja stjórnarandstöðuna nota sér málið til að koma höggi á flokkinn og formann hans.

EINKAVÆÐING Magnús Stefánsson þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar segir að engar umræður hafi orðið á fundi nefndarinnar í gær um minnisblað Ríkisendurskoðunar varðandi hæfi forsætisráðherra til að fjalla um kaup S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbakanum. „Ákveðið var að halda sérstakan fund um málið í fjárlaganefnd á morgun, fimmtudag, og kalla ríkisendurskoðanda á þann fund," segir Magnús.

Áhyggjur framsóknarmanna vaxa eftir því sem umræða um hugsanlegt vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar, formanns flokksins, dregst á langinn. Viðmælendur Fréttablaðsins innan flokksins telja að það geti orðið honum dýrkeypt í komandi sveitarstjórnar- og síðar þingkosningum. Málið sé í raun upplýst en stjórnarandstaðan nýti tækifærið til hins ýtrasta í pólítískum tilgangi til að koma höggi á forsætisráðherrann og Framsóknarflokkinn.

Valgerður Sverrisdóttir viðskipta- og iðnaðarráðherra telur þó að málið hafi ekki skaðað flokkinn. Hún segir að það sé fyrst og fremst Halldór Ásgrímsson sem standi í vegi fyrir nýjum formanni Samfylkingarinnar og forsætisráðherraefninu, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. „Stjórnarandstaðan getur ekki gagnrýnt á málefnalegum grunni. Þess vegna er gripið til persónulegra árása," segir Valgerður.

Hæfi forsætisráðherra hangir á hálmstrái að mati Lúðvíks Bergvinssonar þingmanns Samfylkingarinnar. „Í minnisblaði Ríkisendurskoðunar kemur fram að allt sem stjórnarandstaðan hefur sagt um atburðarásina í málinu er sannleikanum samkvæmt. Forsætisráðherra bar að gera grein fyrir persónulegum hagsmunum sínum strax þann 6. september 2002 vegna þess að þá var Ker hf. orðið hluti af S-hópnum," segir Lúðvík. Hann telur að við mat á því hvort um verulega hagsmuni hafi verið að ræða hefði átt að taka mið af eignarhlut Hesteyrar í Keri en ekki VÍS, einsog staðan var 15. nóvember 2002 og fullyrðir hann að hagsmunir forsætisráðherra hefðu verið metnir þrisvar sinnum meiri ef ríkisendurskoðandi hefði stuðst við þá dagsetningu. „Það er mat okkar í stjórnarandstöðunni að forsætisráðherra hafi haft verulega hagsmuni í málinu enda allar fjárhæðir af þeirri stærðargráðu. Hvers vegna ríkisendurskoðandi ákvað að reikna hagsmuni forsætisráðherra niður er mér hulin ráðgáta. Staða forsætisráðherra hlýtur því að vera afar erfið þegar hæfi hans hangir á þessu hálmstrái – ef það gerir það þá," segir Lúðvík.

jh/sda/ Sjá síðu 16

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HEIMT ÚR HELJU Frönsku blaðakonunni Florence Aubenas var um helgina sleppt úr fimm mánaða langri gíslingu í Írak. Í gær hélt hún blaðamannafund þar sem hún sagði frá eldraun sinni. Aubenas mátti dúsa í kjallara bundin á höndum og fótum og með dulu fyrir augunum en sýndi engu að síður ótrúlegt sálarþrek. **Sjá síðu 8**

Miðar á Live 8:

Tekið fyrir sölu á eBay

TÓNLEIKAR Uppboðsvefurinn eBay hefur ákveðið að stöðva sölu á miðum á Live 8 tónleikana sem haldnir verða í Lundúnum 2. júlí næstkomandi.

Tónleikarnir eru haldnir til að efla vitund fólks um eymd margra Afríkuþjóða en miðunum á þá var útbýtt í gegnum farsímahappdrætti. Forsvarsmenn hljómleikanna urðu æfir þegar þeir komust að því að fólk var að græða stórfé á að selja þá fyrir allt að 125.000 krónur.

„Þetta er sjúk fjárplógsstarfsemi," sagði Bob Geldof, talsmaður tónleikanna, en hann þrýsti mjög á eBay að hætta að hafa milligöngu um miðasöluna.

Live 8 tónleikar verða haldnir í fimm borgum en á þeim sem haldnir verða í Lundúnum koma meðal annars fram hljómsveitirnar Pink Floyd og Coldplay.

Reyndu að styrkja hluthafahóp Íslandsbanka:

Töldu Straum tilbúinn til að selja

VIÐSKIPTI Karl Wernersson boðaði samherja sína í bankaráði Íslandsbanka á fund í byrjun júní til að greina þeim frá áformum um að mynda kjölfestu í bankanum í samstarfi við Jón Ásgeir Jóhannesson og hugsanlega fleiri aðila.

Þetta gerði Karl í þeirri trú að samkomulag hefði náðst við Straum, stærsta hluthafa Íslandsbanka, um að selja hlut sinn inn í nýtt eignarhaldsfélag. Á móti léti hann sínar eignir í bankanum og Sjóvá þar inn.

Straumsmenn þverneita að svona samkomulag hafi verið gert. Þótt viðræður hefðu farið fram hefði öllum slíkum óskum verið hafnað.

Tvennt gerist eftir fundinn sem Karl boðaði: Steinunn Jónsdóttir ákveður að selja hlut sinn í Íslandsbanka og áform Straums, samkvæmt meintu samkomulagi, eru stöðvuð. Heimildarmenn Markaðarins segja Landsbankamenn hafa staðið fyrir því, enda með sterka stöðu innan Straums.

Straumi og Einari Sveinssyni, stjórnarformanni Íslandsbanka, var boðið að kaupa hlut Steinunnar. Staðan var metin þannig 5. júní að hlutur hennar hefði engin úrslitaáhrif á valdahlutföll í bankanum. Miðvikudaginn 8. júni seldi Steinunn svo Burðarási hlutinn.

- bg /sjá Markaðinn í miðju blaðsins

KARL WERNERSSON Boðaði samherja sína í bankaráði Íslandsbanka á fund til að kynna áform um nýjan kjölfestuhlut í bankanum.

KB banki og Egla:

Hauck selur hlut sinn

VIÐSKIPTI Þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hefur selt um 23 prósenta hlut sinn í Eglu, eignarhaldsfélagi sem á tæplega tíu prósent í KB banka.

Hauck & Aufhäuser átti helminginn í Eglu þegar félagi keypti 36 prósenta hlut í Búnaðarbankanum af ríkinu í janúar 2003. Kjalar, félag í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, keypti hlut Hauck & Aufhäuser á 5,5 milljarða króna. Þýski bankinn hefur þar með selt allan hlut sinn í Eglu. Eftir eru þrír eigendur að félaginu: Ker, Kjalar og Fjárfestingarfélagið Grettir hf.

- eþa/ Sjá síðu 22

SPURNING DAGSINS

Marín, blóðlangaði marga í blóm?

Já, mörg gæðablóð blóðlangaði í blóm.

Alþjóðlegi blóðgjafardagurinn var í gær og fengu blóðgjafar blóm að launum fyrir blóðgjöfina. Marín Þórsdóttir er upplýsingafulltrúi Blóðbankans.

Innbrot, fíkniefnamisferli og akstur gegn rauðu ljósi:

Þrír ungir menn fengu skilorð

DÓMSMÁL Þrír ungir menn á aldrinum 23 til 25 ára fengu skilorðsbundna dóma í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir margvísleg brot.

Einn ók bifreið á móti rauðu ljósi á gatnamótum Flatahrauns og Fjarðarhrauns í febrúar 2003 þannig að árekstur hlaust af og í félagi við annan ákærða braust hann nokkrum dögum síðar inn í íbúð við Klapparstíg í Reykjavík og stal skartgripum, áfengi, tóbaki og fleiru, þannig að verðmæti taldist yfir fjórar milljónir króna. Þá voru vinirnir við önnur tækifæri teknir með kannabisefni og amfetamín í neysluskömmtum. Fyrir þetta hlutu þeir tveggja og þriggja mánaða fangelsisdóma skilorðsbundna í þrjú ár.

Þriðji maðurinn var kærður fyrir hylmingu en hann tók við stolnum munum og þá stal hann líka bensíni fyrir tæpar sex þúsund krónur á bensínstöð í Reykjavík. Ákvörðun refsingar hans var frestað og fellur hún niður haldi hann skilorð í tvö ár.

Fallið var frá kæru um hylmingu af gáleysi á hendur fjórða manninum og mál fimmta mannsins var klofið frá og réttað í því sérstaklega. Dóminn kvað Sveinn Sigurkarlsson, héraðsdómari.

-óká

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Í HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS Fimm sættu ákærum lögreglustjórans í Hafnarfirði í máli sem dæmt var í í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Mál eins var skilið frá, fallið frá ákæru á annan og þrír dæmdir fyrir margvísleg brot.

Ólga í Suður-Afríku:

Varaforsetinn sviptur stóli

SUÐUR-AFRÍKA, AP Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, rak varaforsetann Jacob Zuma í gær eftir að uppvíst varð að hann var flæktur í spillingarhneyksli. Með brottrekstrinum skapast mikil óvissa um hver sé líklegastur til að verða arftaki Mbekis á forsetastólnum.

Búist hafði verið við að Zuma tæki við af Mbeki er hann lætur af embætti árið 2009. Mbeki tjáði þinginu að Zuma hefði ekki verið ákærður fyrir lögbrot, en úrskurður dómara um að hann ætti „almennt spillt“ tengsl við fjármálaráðgjafa sinn hefði kallað á að forsetinn gripi til sinna ráða.

Þrennt í haldi lögreglu:

Slettu grænu sulli yfir gesti

LÖGREGLA Yfirheyrslur yfir fólki sem sletti grænlitaðri súrmjólk yfir fjölda manns á álráðstefnu á Hótel Nordica í hádeginu í gær stóðu fram á kvöld. Fólkið, breskur karlmaður og Íslendingar, karl og kona, var handtekið á staðnum og gisti fangageymslur í nótt.

Hlé var gert á ráðstefnunni eftir uppákomuna, en slettur gengu yfir gesti, fyrirlesara, húsgögn og tæki. Fólkið er ekki talið tengjast íslenskum náttúruverndarsamtökum. Liðsmönnum Náttúruvaktarinnar var til dæmis ekki skemmt yfir uppákomunni því í kjölfarið var settur á lögreglu-vörður og ekki hægt að dreifa bæklingum til gesta, líkt og áætlað var.

-óká

LÖGREGLUMÁL

ÓK Á LJÓSASTAUR Ökumaður á Akureyri varð fyrir því óhappi rétt eftir klukkan hálf níu í gærkvöldi að misreikna sig í beygju á Strandgötu með þeim afleiðingum að bíllinn rataði upp á umferðareyju og þaðan á ljósastaur. Ökumaður slapp án teljandi meiðsla, en bíllinn, japanskur fólksbíll, er mikið skemmdur og ljósastaurinn ónýtur.

EINN FULLUR VIÐ AKSTUR Einn var tekinn grunaður um ölvun við akstur í umdæmi lögreglunnar í Keflavík í gær. Dagurinn var að öðru leyti rólegur suður með sjó, að sögn lögreglu.

LYFTARI EYÐILAGÐIST Í ELDI Gamall JCB lyftari eyðilagðist þegar í honum kviknaði í Ennishverfi við Elliðavatn í gærkvöldi. Að sögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var tækið í notkun hálftíma áður en eldurinn kom upp, en ekki er vitað um eldsupptök. Lyftarinn var alelda þegar slökkvilið bar að til að slökkva í honum.

Færri námsmenn halda utan til háskólanáms

Hlutfallslega færri Íslendingar fara nú erlendis í nám og þeir sem fara flykkjast til Norðurlandanna á kostnað Bandaríkjanna. Verslunarráð Íslands vill skoða hvernig fjölga megi íslenskum námsmönnum erlendis, einkum í Asíu og Bandaríkjunum.

HÁSKÓLANÁM Verslunarráð Íslands hefur tekið saman tölur um nám Íslendinga erlendis. Í úttektinni kemur fram að íslenskum námsmönnum í Bandaríkjunum hefur fækkað um 44,1 prósent á sama tíma og mikil aukning hefur verið á framboði á háskólanámi hérlendis. Þótt fleiri Íslendingar stundi nám erlendis er hlutfall þeirra af íslenskum námsmönnum orðið mun lægra. Langmest er aukningin í Danmörku en þar eru flestir Íslendingar við nám.

Verslunarráðið byggir úttekt sína á tölum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna en gera má ráð fyrir því að langflestir námsmenn erlendis taki námslán hjá LÍN. Lánþegum í námi erlendis hefur aðeins fjölgað um sautján prósent frá árinu 1999 meðan lánþegum hefur alls fjölgað um 44,3 prósent. Gera má ráð fyrir því að flestir sem stunda nám erlendis taki námslán hjá LÍN meðan mun lægra hlutfall íslenskra námsmanna er á námslánum. Stóraukin menntun hér á landi síðustu ár virðist því fyrst og fremst skila sér í auknu háskólanámi hér á landi.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK Háskólanám á Íslandi er orðið mun fjölbreyttara og því fara færri utan til náms.

Halldór Benjamín Þorbergsson, hagfræðingur hjá Verslunarráði, segir að skólagjöld hafi farið hækkandi í Bandaríkjunum á síðustu árum. „Ekki bætir úr skák að gengi dalsins var til skamms tíma mjög hátt.“ Einnig gæti ástæðan verið sú að almennt fari Íslendingar í grunnnám hér heima en í meistaranám erlendis og því eigi menntunarsprengjan einfaldlega eftir að skila sér til útlanda. „En þá er spurning hvort við viljum ekki að menn sæki nám til fleiri landa.“

Framboð á háskólanámi byrjaði að aukast svo mikið fyrir um fjórum árum, og því kann þess að vera skammt að bíða að aukningin skili sér í stórauknu meistaranámi erlendis.

„Íslenskir háskólar þyrftu að efla tengslin við erlenda háskóla, og líta þá í auknum mæli til bandarískra háskóla og jafnvel Asíu,“ segir Halldór. „Að sama skapi væri eðlilegt að gaumgæfa hvort veita eigi nemendum skólagjaldalán til að stunda grunnnám erlendis, jafnvel þótt hægt sé stunda sambærilegt nám í íslenskum skólum. Þótt skólar á Norðurlöndum hafi komið vel út í alþjóðlegum samanburði þá er fjölbreytni í íslensku atvinnulífi ómetanleg.“

grs@frettabladid.is

Þróun á fjölda lánþega eftir löndum, 1999 - 2005



Á þessu línuriti sést greinilega hvernig fjöldi námsmanna snareykst á Norðurlöndum og minnkar álíka mikið í Bandaríkjunum. Langmestu munar um Danmörku þar sem flestir eru við nám. Í öðrum löndum er fjöldinn svipaður.

Lánþegar á íslandi og erlendis, 1999 - 2005



Myndin sýnir greinilega mikla aukningu á námslánum hér á landi frá haustinu 2001 meðan ekkert sambærilegt stökk á sér stað erlendis.

Verslaðu við traustan aðila!

LEIGJUM TJÖLD

sem henta við öll tækifæri!

Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, partý og alls konar samkomur.
Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is

Anders Fogh Rasmussen og Göran Persson:

Líklega hætt við þjóðaratkvæði

EVRÓPUSAMBANDIÐ Forsætisráðherrar Svíþjóðar og Danmerkur sögðu báðir í gær að þeim þætti koma til greina að hætta við áformaðar þjóðaratkvæðagreiðslur í löndum sínum um staðfestingu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins.

Danski ríkisstjórnarleiðtoginn Anders Fogh Rasmussen sagði rétt að bíða þess hvernig tekið verði á málinu á leiðtogafundi sambandsins í Brussel nú í vikulokin, en fullgildingarferli sáttmálans komst í uppnám er bæði franskir og hollenskir kjósendur höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslum um mánaðamótin. Öll aðildarríkin 25 þurfa að staðfesta sáttmálann til að hann geti tekið gildi.

Sænski forsætisráðherrann Göran Persson tjáði ESB-nefnd sænska þingsins í gær að sér þætti koma til greina að fresta því að bera sáttmálann upp til staðfestingar í Svíþjóð. „Gefi Frakkar og Hollendingar ekki skýr skilaboð um það hvernig þeir hyggjast vinna úr höfnun sáttmálans er eins gott að við bíðum. Ég giska á að niðurstaða leiðtogafundarins verði sú að frysta fullgildingarferlið,“ hefur fréttavefur Dagens Nyheter eftir Persson. Fyrst eftir „nei“ í Frakklandi og Hollandi hafði Persson lagt áherslu á að halda skyldi ferlinu áfram; Svíar ættu að taka eigin afstöðu til sáttmálans óháð öðrum.

-aa

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FUNDAÐ UM FRAMHALDIÐ Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur. og tékkneskur starfsbróðir hans Cyril Svoboda fara yfir skjöl á utanríkisráðherrafundi í Lúxemborg í gær. Líklegt þykir að á leiðtogafundi sambandsins í vikulokin verði ákveðið að frysta fullgildingarferli stjórnarskrársáttmálans.

NÝ SENDING

FRÁBÆRAR ÚTIVISTARVÖRUR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA

REGATTA
GREAT OUTDOORS ™

Opið
Virka daga 10 – 18
Laugardaga 11 – 16

NÝTT KORTATÍMABIL
Fimmtudaginn 16. júní

Dömu & herravörur

– bolir – skyrtur – ¾ buxur – buxur
– zip off buxur – vesti – peysur
– jakkar – regnföt – skór – mittispokar
– bakpokar – göngustafir – svefnpokar
– smávara ofl.ofl.

Nýjar barnavörur á tilboðsverði – 50%

bolir kr. **790,-** skyrtur kr. **990,-**
flíspeysur kr. **1.990,-** buxur kr. **1.490,-**
zip off buxur kr. **2.490,-** jakkar kr. **2.990,-**
regnjakkar kr. **2.490,-** regnbuxur kr. **1.490,-**

ÚTIVIST&SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Rvík Faxaf. 12 S. 533-1550 • **Akureyri** Strandg. 3 S. 464-4450 • **Kefl.** Hafnarg. 25 S. 421-3322 • **Ísafj.** Hafnarhúsið S. 456-3245 • **Reyðarfj** Molinn S. 474-1400 • **Höfn H.** Hafnarbr. 34 S. 478-2216

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.06.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	65,58	65,90
Sterlingspund	GBP	118,79	119,37
Evra	EUR	79,47	79,91
Dönsk króna	DKK	10,68	10,74
Norsk króna	NOK	10,09	10,15
Sænsk króna	SEK	8,56	8,61
Japanskt jen	JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	95,95	96,53

Gengisvísitala krónunnar

111,8831 +0,90%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skeggrætt um staðsetningu álvers á Norðurlandi:

Húnvetningar vilja stóriðju

STÓRIÐJA Fulltrúar allra átta sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu hafa sent ríkisstjórninni áskorun þess efnis að Austur-Húnavatnssýsla eða Skagafjarðarsýsla verði kynnt fyrir fjárfestum sem vænlegur valkostur varðandi staðsetningu fyrir stóriðju.

Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri Blönduósbæjar, segir að sveitarstjórnarmenn í Austur-Húnavatnssýslu telji að þeir hafi orðið útundan í umræðunni um stóriðju og með áskoruninni vilji þeir koma sýslunni á framfæri.

„Við horfum einkum til um 50 hektara iðnaðarsvæðis við Eyjarey sem er miðja vegu á milli Skagastrandar og Blönduóss og í 40 km fjarlægð frá Sauðárkróki. Það er mikill vilji á meðal sveitarstjórnarmanna í sýslunni fyrir að fá álver eða aðra stóriðju í sýsluna og á döfinni er að kanna hug íbúanna," segir Jóna.

IÐNAÐARSVÆÐIÐ VIÐ EYJAREY Sveitarstjórnarmenn í Austur-Húnavatnssýslu telja sýsluna mörgum kostum búna með tilliti til stóriðju.

Austur-Húnvetningar telja að nálægð við Blönduvirkjun eigi að vega þungt varðandi staðsetningu stóriðju á Norðurlandi og segja að allt frá því virkjunin hóf starfsemi árið 1991 hafi orkan verið flutt úr héraði til notkunar á sunnanverðu landinu. **-kk**

Olíu-fyrir-mat rannsókn SÞ:

Ný gögn um þátt Annans

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Aðilar að rannsókninni á framkvæmd hinnar svonefndu olíu-fyrir-mat áætlun Sameinuðu þjóðanna í Írak sögðu í gær að þeir væru að skoða með hraði ný gögn sem fram væru komin um málið og kunna að vera íþyngjandi fyrir Kofi Annan, framkvæmdastjóra samtakanna.

Gögnin kváðu benda til að Annan hafi vitað meira en áður var talið um samning sem gerður var á vegum olíu-fyrir-mat áætlunarinnar við svissneskt fyrirtæki sem sonur Annans, Kojo, var á launaskrá hjá. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HLÚÐ AÐ SLÖSUÐUM Sjúkraliðar bera mann sem slasaðist í jarðskjálfatnum í Iquique í Norður-Chile á mánudagskvöld.

Hamfarir í Chile:

Mikið tjón í jarðskjálfta

CHILE, AP Stjórnvöld í Chile reyndu í gær allt sem í þeirra valdi stóð til að hindra frekari hörmungar og hlúa að þeim sem um sárt eiga að binda eftir að öflugur jarðskjálfti, 7,9 á Richter, skók dreifbýlt hérað í Andesfjöllum í norðurhluta landsins í fyrrinótt.

Skjálftinn varð að minnsta kosti tíu manns að fjörtjóni og olli miklu tjóni á mannvirkjum. Vegir voru víða í sundur vegna jarðhruns.

Reynist mælingin á styrkleika skjálftans rétt er þetta þriðji öflugasti skjálftinn sem orðið hefur í heiminum síðan fljóðbylgjuskjálftinn mikli varð í Indlandshafi um jólin. ■

Barnakláms leitað í tölvum Íslendings

Tölvubúnaður, disklingar og myndbönd eru til rannsóknar hjá Lögreglunni í Reykjavík vegna gruns um að það innihaldi barnaklám. Eigandi búnaðarins, 32 ára karlmaður, var handtekinn í gær og yfirheyrður.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú átta tölvur og fjöldann allan af disklingum og myndböndum sem gerð voru upptæk heima hjá 32 ára manni í gærmorgun vegna gruns um að þar væri að finna barnaklám.

Rannsóknin tengist umfangsmiklum aðgerðum gegn alþjóðlegum barnaklámhring, en þeim var stjórnað af Europol undir heitinu „Icebreaker" og náðu þær til um 150 manns í 13 löndum.

Vísbendingar voru um að Íslendingurinn hefði tengst netbúnaði barnaklámhringsins. Lögreglan í Reykjavík tók því þátt í aðgerðunum sem fram fóru á sama tíma í öllum löndunum. Lögreglumenn fóru inn á heimili hins grunaða snemma í gærmorgun, handtóku hann og gerðu hjá honum húsleit. Haldlagðar voru fjórar tölvur sem voru til athugunar hjá lögreglu í gær. Við frekari leit var svo sótt meira af tölvubúnaði og efni. Maðurinn var í haldi fram eftir degi í gær og yfirheyrður, en síðan látinn laus. Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni í Reykjavík vildi ekki upplýsa um hvort maðurinn hefði játað eða neitað vörslu barnakláms. Hann sagði að ekki fengist staðfest fyrr en í dag hvort tölvubúnaður mannsins hefði að geyma barnaklám. „Þetta er gríðarlegt magn af efni sem við tókum og mikið verk fyrir höndum að fara yfir það allt," sagði hann.

Barnaklámið sem maðurinn er grunaður um að hafa sótt var vistað á tölvu á Ítalíu. Hörður sagði að maðurinn hefði ekki þurft að hafa sérstakan aðgang að netkláminu heldur hefði hann getað komist inn á miðilinn með leit.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

UPPTÆKAR TÖLVUR Tölvurnar hér að ofan gerði lögregla upptækar í mars í öðru máli en hér er fjallað um, en þó tengdu barnaklámi á netinu. Ljóst verður í dag hvort tölvurnar sem teknar voru í gær hjá 32 ára manni hafa verið notaðar til að vista barnaklám.

„Ástæðan fyrir því að þessar aðgerðir eru svona víðfemar er viðleitni til að ná lengra inn í þennan hóp, ná til upphafspunktsins og finna þá sem framleiða þetta efni til dreifingar. Það er refsivert í öllum þessum löndum að hafa barnaklám í vörslu sinni. Það er hægt að taka þessa menn, sem miðla þessu á milli sín, sekta þá og dæma. En aðalmarkmiðið er að ná til þeirra sem framleiða þetta, því það eru þeir sem misþyrma börnunum."

Hörður sagði ekki leika grun á því að fleiri hér á landi væru viðriðnir þennan alþjóðlega barnaklámhring, því það hefði verið búið að kortleggja þá vandlega sem hefðu sótt frá honum efni. Maðurinn sem leitað var hjá hefur ekki komið við sögu lögreglu áður vegna aðildar að barnaklámi og ekki er talið að hann hafi dreift efninu til annarra hér á landi.

jss@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS EINARSSON

Í ÞYRLUNNI Hlynnt var að hinum slasaða um leið og hann var kominn í þyrluna

Slys í sjóræningjaskipi:

Háseti fær hníf í kviðinn

SJÓSLYS Landhelgisgæslan sótti slasaðan sjómann í togarann Ostrovet frá Dóminíku í fyrrinótt. Sjómaðurinn, sem var rússneskur, hafði að sögn áhafnar hlotið stungusár á kvið við fiskvinnslu um borð. Ekki er þó talið útlokað að stungan hafi orðið eftir einhvers konar átök.

Þegar tilkynnt var um slysið var togarinn 268 sjómílur frá landi. Þyrlan fór í loftið um fjögur um nóttina og fékk fylgd frá þyrlu varnarliðsins sökum þess hve fjarlægðin var mikil. Vel gekk að hífa manninn um borð í þyrluna enda voru fjórir skipverjar úr varðskipinu Óðni þá komnir um borð í skipið. Þyrlan var komin til Reykjavíkur rúmlega átta í gærmorgun og var hinn slasaði fluttur á sjúkrahúsið í Fossvogi.

Samkvæmt upplýsingum frá togaranum var hinn slasaði 29 ára karlmaður frá Rússlandi, en flestir í áhöfn skipsins eru Rússar. **- grs**

BANDARÍKIN

BANASLYS Í DISNEY WORLD
Fjögurra ára gamall piltur lést af völdum hjartaáfalls eftir að hafa farið í tívolítæki í Disney World skemmtigarðinum í Flórída. Tækið á að líkja eftir geimskoti en því er skotið upp í loftið á ógnarhraða. Margir hafa veikst í tækinu síðan það var tekið í notkun enda eru ælupokar um borð. Notkun þess var tímabundið stöðvuð eftir slysið en nú hefur hún verið heimiluð á ný.

BORGARFJÖRÐUR

BILUN Í DREIFIKERFI Um klukkan sex í gærkvöldi fór rafmagn af í hluta Borgarfjarðar. Vinnuflokkur Rarik frá Borgarnesi var í gærkvöldi búinn að einangra bilunina við álmu að Hítardal og vann að bilanaleit. Vonir stóðu til að fljótlega tækist að finna bilunina og koma rafmagni á bæi sem enn voru án rafmagns.

Porsche Cayenne

Nýskr. 02.2003 4500cc, 5 dyra, sjsk., ekinn 42 þ.

Innfluttur nýr af umboði
Hlaðinn aukabúnaði

→6.900 þ.

575 1230

Opi mán-fös 10-18 og lau 12-16

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

VEÐRIÐ Í DAG

KÆTUMST MEÐAN KOSTUR ER
Ágætar horfur eru á því að áfram verði nokkuð bjart í borginni og reyndar sunnan til á landinu. Yfir því ber að kætast. Er á meðan er, eins og maðurinn sagði því það eru horfur á að breytingar verði síðar í vikunni.

HVAR VERÐUR HLÝJAST? Áberandi hlýjast er að sjá að verði suðvestanlands og inn til landsins á Suðurlandi. Einnig gæti orðið ágætlega hlýtt sunnan jökla. En svalur er hann á Norðurlandi, það ljóst!

Um hádegi



Á morgun



Hæg norðlæg eða breytileg átt.

Föstudagur, 17. júní

Hæg breytileg átt. Hætt við stöku skúrum hér og hvar.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	18°C	skýjað	París	17°C	skýjað	Alicante	27°C	heiðskírt
Osló	18°C	hálfskýjað	Berlín	21°C	léttskýjað	Milano	28°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	12°C	heiðskírt	Frankfurt	16°C	skýjað	New York	28°C	þrumuveður
Helsinki	18°C	skýrir	Madrid	20°C	hálfskýjað	San Francisco	22°C	léttskýjað
London	18°C	skúrir	Barcelona	23°C	heiðskírt	Orlando/Florida	33°C	þrumuveður

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

15. – 19. júní 2005



KRINGLU KAST

hefst í dag

Miðvikudagur
10.00 til 18.30

Fimmtudagur
10.00 til 21.00

Föstudagur
17. júní – lokað

Laugardagur
10.00 til 18.00

Sunnudagur
13.00 til 17.00

Veitingastaðir og Kringlubíó eru með opið lengur á kvöldin.

20 til 50% afsláttur af nýjum vörum

Opið til 21 á morgun

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

KJÖRKASSINN

Er nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	60,95%
Nei	39,05%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var eðlilegt af Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra að kynna sjálfur skýrslu ríkisendurskoðanda?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

27 fórust í sprengjuárásum gærdagsins í Írak:

Börn og gamalmenni voru fórnarlömbin

BAGDAD, AP Í það minnsta 27 fórust í tveimur sprengjuárásum í norðanverðu Írak í gær. Þá hafa fundist lík 24 manna sem bersýnilega höfðu verið teknir af lífi.

Mjög öflug sprengja sprakk í vegkanti fyrir utan banka í borginni Kirkuk í gærmorgun. 22 Írakar fórust í tilræðinu og 81 særðist alvarlega. Stærstur hluti fórnarlambanna voru gamalmenni sem voru að ná í lífeyrinn sinn í bankanum og börn sem seldu ýmiss konar varning á göngubrú fyrir utan bygginguna.

„Ég kom hingað til að taka út peninga og ég tók afstrákinn minn með mér," sagði sjötugur örvinglaður öldungur. Barnið slasaðist þó ekki mikið.

Al Kaída í Írak lýsti tilræðinu strax á hendur sér í yfirlýsingu á netinu í gær.

Nokkru sunnar í landinu, í bænum Kan'an, ók maður bíl hlöðnum sprengiefnum á eftirlitsstöð síðdegis. Fimm hermenn biðu þegar bana og tveir slösuðust. Ekki er vitað hverjir þar voru að verki.

Lík 24 manna sem fundust síðla mánudags voru flutt til Bagdad í gær. Sumir mannanna höfðu verið hálshöggnir á meðan aðrir höfðu verið skotnir í höfuðið. Talið er að þessir ógæfusömu menn hafi unnið það sér eitt til sakar að hafa flutt birgðir til bandaríska hernámsliðsins. ■

MYND/AP

SÁR EN Á LÍFI Fjölmargir eldri borgarar sem voru að ná í lífeyri sinn lentu í sprengingunni.

Færri nautgripir:

Lágu kjötverði um að kenna

LANDBÚNAÐUR Nautgripum á Íslandi fækkaði um 2,1 prósent á síðasta ári eða um tæplega fjórtánhundruð. Í árslok 2004 voru 64.639 nautgripir á landinu miðað við 66.033 árið áður. Þetta kemur fram í nýrri samantekt sem unnin var af Bændasamtökum Íslands fyrir Landssamband kúabænda.

Mest fækkun varð í flokki geldneyta því margir kúabændur hættu að setja kálfa til lífs árið 2003 þegar sláturverð á nautakjöti lækkaði mikið. Nú hefur kjötverð aftur hækkað og virðist sem nautgripum sé aftur að fjölga. ■

MYND/AP

HLÚÐ AÐ SMITUÐUM Hjúkrunarkona í Kabúl hlynnir konum sem óttast er að séu smitaðar. Talið er að yfir tvö þúsund manns hafi sýkst af kóleru að undanförnu.

Kólera í Afganistan:

Faraldur í uppsiglingu

KABÚL, AP Yfir tvö þúsund manns hafa greinst með kóleru í Kabúl, höfuðborg Afganistans, undanfarnar vikur og segja erlendir heilbrigðisstarfsmenn að faraldur sé við það að brjótast út verði ekkert að gert.

Yfirvöld vísa þessu áhyggjum hins vegar á bug og segja að aðeins sé um slæma magakveisu að ræða.

Kólera er alvarlegur hitabeltissjúkdómur sem smitast einkum með menguðu vatni. Kólerusjúklingar fá jafnan heiftarlegan niðurgang sem leiðir til ofþornunar sem að lokum getur dregið fólk til dauða. ■

Fallið verður hátt og skellurinn harður

Nýverið birti Hagstofa Íslands gögn sem sýna að einkaneysla landsmanna hefur aukist um rúm níu prósent á fyrsta ársfjórðungi miðað við árið áður. Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ segir í fréttaviðtali að þenslan sé áhyggjuefni.

EFNAHAGSMÁL „Tímasetning skattalækkana ríkisstjórnarinnar er kolröng. Menn vissu að það væri von á ofhitnun í hagkerfinu og það að lækka skatta kallar á niðurskurð í ríkisútgjöldum. Þetta hafa Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabankinn og OECD sagt. Aftur á móti hefur ríkistjórnin ekki tekið mark á okkur hagfræðingunum og segir að skattalækkanirnar séu ekki þensluhvetjandi vegna þess að þær séu vinnuhvetjandi", segir Ólafur Darri Andrason hagfræðingur Alþýðusambandsins.

„Við erum með mestu atvinnuþátttöku af öllum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við og ef við ætlum að taka við uppsveiflu þá eru það krakkar sem ættu að vera í framhaldsskólum sem yrði sá hópur sem yrði lokkaður út á vinnumarkaðinn. Þegar svo kemur að niðursveiflu árið 2007 eða 2008 situr þessi hópur eftir með sárt ennið, við höfum talið að þetta sé alveg galin ráðstöfun", bætir Ólafur Darri við.

EINKANEYSLA Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI UNDANFARIN ÁR
(tölur í milljónum króna)



Samkvæmt þjóðhagsreikningum Hagstofunnar fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2005 hefur einkaneysla vaxið um 9,4 prósent, sem er hraðasti vöxtur í fimm ár. Aðspurður um hvort skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar séu neysluhvetjandi og þar með verðbólguhvetjandi segir Ólafur Darri: „Ef við horfum bara á tölurnar núna þá er einkaneysla að aukast mun meira en kaupmáttur. Ég geri ráð fyrir að það sem skýri þetta að mestum hluta sé aukin skuldsetning. Nú hafa menn betri aðgang að hagkvæmu lánsfé en áður. Það sem gerist við þessar aðstæður er að Seðlabankinn sem er einn á verðbólguvaktinni hækkar vexti. Undir venjulegum kringumstæðum mundu vaxtahækkanir slá á þenslu því peningar yrðu einfaldlega dýrari og fólk myndi síður taka skammtímalán. Nú aftur á móti tekur fólk upp undir 40 ára neyslulán, vaxtamunur við útlönd eykst og þetta slær ekki á verðbólguna heldur frestar henni. Seðlabankinn kappkostar núna að styrkja krónuna sem þýðir að fallið verður hærra og skellurinn harðari."

ÓLAFUR DARRI ANDRASON Skattalækkanir auka kaupmátt en þó ekki næstum jafn mikið og einkaneysla hefur aukist. Ólafur Darri vill meina að tímasetning skattalækkana sé röng því þær séu þensluhvetjandi.

oddur@frettabladid.is

Páll Gunnar nýr forstjóri Samkeppniseftirlits:

Eignarhald fyrirtækja að verða flóknara

VIÐSKIPTI „Mér finnst þetta spennandi tækifæri. Ég hef trú á að ég geti nýtt starfsreynslu mína úr Fjármálaeftirlitinu í verkefnum Samkeppniseftirlitsins," segir Páll Gunnar Pálsson, sem ráðinn hefur verið forstjóri Samkeppniseftirlitsins frá og með 1. júlí næstkomandi. Hann hefur verið forstjóri Fjármálaeftirlitsins í rúm sex ár eða frá því að sú stofnun var stofnuð. Hann segist því hafa reynslu af því að byggja upp eftirlitsstofnun sem komi að gagni í nýju starfi.

Páll segir fjármálastofnanir stóra þátttakendur á samkeppnismarkaði, bæði sem eigendur og fjármögnunaraðila. „Reynslan úr Fjármálaeftirlitinu nýtist til að fylgjast með þessu. Í þessum umbreytingum öllum hafa gömul eignartengsl verið rofin og önnur komið í staðinn. Það má kannski sjá merki þess að nýir aðilar séu að vefa sinn eigin vef. Eignarhald fyrirtækja er að verða flóknara og eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins er að fylgjast með því. Þetta er sameiginlegt áhugamál Fjármálaeftirlits og Samkeppniseftirlits," segir Páll. **– bg**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

PÁLL GUNNAR PÁLSSON Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur tekur við nýrri eftirlitsstofnun 1. júlí næstkomandi.

MYND/AP

SIGURVISS Hashemi Rafsanjani (annar frá hægri) er kampakátur enda býst hann við að sigra í kosningunum.

Írönsku kosningarnar:

Rafsanjani viss um sigur

TEHERAN, AP Talsverðar líkur eru á að enginn frambjóðandi fái hreinan meirihluta í fyrstu umferð írönsku forsetakosninganna sem fram fara 17. júní. Því er búist við að kjósa þurfi aftur í næstu viku á milli þeirra tveggja efstu. Slíkt hefur aldrei gerst áður í Íran.

Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti, er sigurviss enda benda skoðanakannanir til að hann fái flest atkvæði. Umbótasinninn Mostafa Moin og harðlínumaðurinn Mohammad Bagher Qalibaf fylgja hins vegar fast á eftir.

Búist er við að aðeins muni 55 prósent kjósenda neyta atkvæðisréttar síns og er það talið gagnast harðlínumönnum vel. ■

Bensínverð enn á uppleið:

Öll félögin hækka verð

NEYTENDUR Öll olíufélögin hafa nú hækkað verð á eldsneyti síðustu tvo dagana en Esso reið á vaðið í gærmorgun og hækkaði verð á bensíni og dísilolíu um eina krónu.

Skeljungur og Olís fylgdu í kjölfarið og skömmu síðar breyttu sjálfsafgreiðslufélögin verðinu hjá sér. Er lítri af 95 oktana bensíni nú víðast seldur á 106,20 krónur á þeim stöðvum og munar afar litlu á þeim og hinum reglubundnu þjónustustöðvum þar sem algengt sjálfsafgreiðsluverð er 107,70 á höfuðborgarsvæðinu. **-aöe**

NOREGUR

RÁÐHERRA GAGNRÝNDUR Erna Solberg, ráðherra innflytjendamála í norsku ríkisstjórninni, sætir nú harkalegri gagnrýni fyrir að hafa sett Osmund Kaldheim flokksbróður sinn – hvítan karlmann – yfir nýja stofnun sem aðstoða á innflytjendur við að aðlagast norsku samfélagi. Solberg staðhæfir að maðurinn hafi verið sá hæfasti til að gegna stöðunni.

MUNCH-SAFNIÐ OPNAÐ Á NÝ Eftir að hafa verið lokað í tæpt ár verður Munch-safnið í Osló opnað á nýjan leik á föstudaginn. Í ágúst síðastliðnum gengu tveir menn inn í safnið um hábjartan dag og stálu þaðan myndunum Ópinu og Madonnu og síðan hefur ekkert til þeirra spurst. Safnið hefur verið lokað síðan þá.



Þjóðhátíðar verðsprengja...

Tilboðin gilda fram á sunnudag eða á meðan birgðir endast

Reiðhjól 26”

Rautt/Blátt/Silfur. KLY26-1145A með dempara að framan og aftan. Álstell með V-bremsum að aftan en diskabremsur að framan. Tvöfaldar álgjarðir og álstýri. Gírbúnaður er Shimano TY-23, 21 gírar handskipt og afturskiptir er SL-RS41 dekkjastærð er 26X2.10.

3899940

Diskabremsur **Álstell**

Reiðhjól 24”svart/silfur

KLY24-1145A Er með dempara að framan og aftan. Gírbúnaður er Shimano TY- 23 handskipting 21 gírar og afturskiptir er SL-RS41. Diskabremsur framan og V-bremsur að aftan.

3899941

Diskabremsur **Álstell**

Reiðhjól 26”

KLY26-1146A Með dempara að framan og aftan. Gírbúnaður er Shimano TY-23 handskipting 21 gírar og EF29 afturskipt. Diskabremsur að framan og aftan, sérstyrktar tvöfaldar ál gjarðir. Dekkjastærð er 26x2,1

3899943

Diskabremsur **Álstell**

Fjallahjól 20”

Drengja/stúlkna. 6 gíra gripshift Sun Rise. Afturskiptir Shimano. Demparar að framan og aftan. Handbremsur, álgjarðir, keðjuhlíf, beint stýri og dekkjastærð 20x2,125

3899949/50

Kvenreiðhjól 26”

Blátt/silfur. KLY26-1145A 18 gíra búnaður frá Shimano, V-handbremsur, álgjarðir, bögglaberi og standari. Dekkjastærð er 26x1,75

3899942

Gleðilega hátíð...

50% afsláttur
af reiðhjólahjálmum
ef keypt er hjól

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Póst- og fjarskiptastofnun gagnrýnir vinnubrögð Símans:

Sekúndumælingum í farsímakerfinu hætt

FJARSKIPTI Póst- og fjarskiptastofnun vakti í gær athygli á breytingum sem Síminn hefur gert á tímamælingu símtala. Annan júní hætti fyrirtækið að innheimta gjöld samkvæmt sekúndumælingu í einstaklingsáskriftum farsíma.

Nú er gjaldfært fyrir fyrstu mínútu hvers símtals innan kerfis Símans og svo fyrir hverjar 10 sekúndur eftir það. Ef hringt er út fyrir GSM kerfi Símans eru fyrstu 20 sekúndurnar gjaldfærðar og síðan hverjar 10 sekúndur. "Samkvæmt upplýsingum frá Símanum mun þessi breyting á gjaldtöku leiða til þess að gjöld farsímanotenda með einstaklingsáskrift, sem ekki nýta sér sparnaðarleiðir, hækka að meðaltali um 2.880 kr. á ári," segir stofnunin og taldi ólíklegt að neytendur hefðu orðið varir við tilkynningu um breytinguna á vef Símans.

Í tilkynningu Síman segir að nýjar sparnaðarleiðir og tilboð sem kynnt hafi verið nýverið feli í sér fleiri kosti fyrir viðskiptavini og geti sparað þeim peninga. „Sparnaður þeirra viðskiptavina Símans sem munu nýta sér nýjar sparnaðarleiðir mun geta numið allt að 11.820 kr. að jafnaði á ári," segir þar og áréttað að viðskiptavinir geti kosið að vera áfram í sekúndumælingu. **-óká**

VERSLUN SÍMANS Í KRINGLUNNI Póst- og fjarskiptastofnun vakti í gær athygli á breytingum á gjaldtöku Símans sem bara voru kynntar á vef fyrirtækisins. Í tilkynningu Símans er bent á að Og Vodafone stundi sambærilega tímamælingu og fyrirtækið hefur tekið upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FLORENCE AUBENAS Aubenas lék á als oddi á blaðamannafundinum í París í gær. Hún sagði meðal annars frá því að mennirnir sem rændu henni gáfu henni ilmvatn og skartgripi að skilnaði þegar þeir létu hana lausa og jafnframt skiluðu þeir handtösku hennar.

Líf mitt snerist um tuttugu skref á salerni

Frönsku blaðakonunni Florence Aubenas var um helgina sleppt úr fimm mánaða haldi mannræningja. Hún ræddi við blaðamenn á fundi í París í gær. Bergþór Bjarnason var á meðal þeirra sem hlýddu á frásögn blaðakonunnar.

GÍSLATAKA „Ég var í fimm mánuði með bundið fyrir augun í svörtum loftlausum kjallara án þessa að segja orð," sagði Florence Aubenas, blaðakona franska dagblaðsins Libération á blaðamannafundi í París í gær. Hún lýsti þar þeim aðstæðum sem hún bjó við ásamt írönskum fylgdarmanni sínum, Houssein Hanoun al-Saaid. Rödd hennar var rám en hún sagði það stafa af því að í fimm mánuði hefði hún nánast ekkert sagt og nú hefði hún tekið upp fyrri iðju, að tala stanslaust.

Florence og Houssein voru í haldi mannræningja í 157 daga, um áttatíu kílómetra fyrir utan Bagdad. Þar bjuggu þau í kjallara, bundin á höndum og fótum með bundið fyrir augun, án þess að sjá mun á nóttu eða degi. Hún sagði frá í léttum tón en um leið tók hún fram það væri sín aðferð til að komast heil frá þessari reynslu. Henni hefði ekki verið hlátur í huga meðan á haldinu stóð, enda bjóst hún jafnvel við því að verða þá og þegar tekin af lífi. Florence sagðist í upphafi hafa verið sökuð um njósnir og að það hefði vakið hlátur mannræningjanna að Frakkar sendu konu til Íraks til að fjalla um stjórnmálaástandið í landinu.

„Líf mitt snerist um tuttugu skref á salerni og til baka og örfá orð við verðina: t.d. „númer 6, klósett," sagði Florence en 6 var hennar númer sem gísls. Hreinlæti fólst í einni sturtu á mánuði, maturinn var brauð og egg á morgnana og hrísgrjón í hádeginu. Þess á milli var óendanlegur tíminn sem virtist aldrei ætla að líða í herbergi sem var um það bil fjórir metrar á lengd og tveir á breidd. Eitt sinn var hún sökuð um að tala við gísl sem deildi með henni herbergi og þrátt fyrir neitun voru þau bæði leidd út og barin. Það var ekki fyrr en fyrir tíu dögum þegar frelsun hennar lá í loftinu að Florence komst að því að mánuðum saman hafði hún setið í svörtum kjallaranum á dýnu á móti leiðsögumanni sínum, Houssein Hanoun al-Saaid.

Í GÍSLINGU Blaðakonan bjó við þröngan kost í fimm mánaða langri prísund sinni enda dró fljótlega að henni. Þrátt fyrir þetta sýndi hún ótrúlegt sálarþrek.

„Mér líður allt í einu miklu betur," voru fyrstu orð Florence Aubenas við komuna til Frakklands er hún var spurð um líðan sína. Þau mælti hún með bros á vör. Hún sýnir ótrúlegan andlegan styrk, þrátt fyrir slæman aðbúnan undanfarið og hún virðist enn sjálfri sér lík. Því er þó ekki að neita að það var óttalega föl og horuð kona sem sagði sögu sína á blaðamannafundinum og í augnaráði hennar var dapurleiki.

Margir gíslar komast ekki lifandi heim. Oftast er um að ræða Íraka sem ekki hafa nein ráð eða sambönd til að greiða mannræningjum lausnargjald. Margt er enn á huldu um brottnám og frelsun Florence og Husseins, til dæmis hvort lausnargjald hafi verið greitt. Sjálf segist hún aldrei hafa heyrt talað um peninga. Frönsk yfirvöld halda fast við þá opinberu stefnu að svo sé ekki, en sterkur orðrómur er á kreiki í fjölmiðlum í Frakklandi um að fjórar milljónir dollara hafi verið greiddar fyrir Florence og Houssein. Því neitar Philippe Douste-Blazy, utanríkisráðherra. Ýmislegt verður aldrei skýrt þar sem leyniþjónustan franska tók á móti blaðakonunni og yfirheyrði hana við komuna til Frakklands. Því má ljóst vera að hún getur ekki sagt allan sannleikann.

Bergþór Bjarnason/París

Ódýrt og gott á grillið!

allt að **50%** afsláttur

MÓA MAGNKAUP
KJÚKLINGALÆRI
389 kr./kg
Þú sparar 210 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 599 kr./kg.

MÓA MAGNKAUP
KJÚKLINGAVÆNGIR
149 kr./kg
Þú sparar 150 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 299 kr./kg.

2 FYRIR 1

2 FYRIR 1 GOÐA
VÍNARPYLSUR 10 STK
428 kr./2pk

35% afsláttur við kassa

GOURMET BBQ
GRÍSAHNAKKI
998 kr./kg
Þú sparar 541 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.539 kr./kg.

SPARAÐU

JARÐARBER
200 G Í BOXI
198 kr./pk
Þú sparar 100 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 298 kr./pk.

VATNSMELÓNUR
RAUÐAR
139 kr./kg

Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

OFURÞOTA Á FLUGI Hér má sjá Airbus 380 ofurþotuna á flugi á 46. flugsýningunni í Le Bourget utan við París. Vélin var afhjúpuð með viðhöfn í vetur en nokkrar tafir hafa orðið á framleiðslu hennar fyrir þá kaupendur sem nú þegar hafa pantað sér nokkur stykki.

Sex borgfirskir hestamenn:

Riðið yfir Hvítá í fyrsta sinn

HESTAMENNSKA Sex borgfirskir hestamenn tóku sig til og riðu þvert yfir Hvítá, frá Hvanneyri að Einarsnesi á sunnudaginn var. Ekki er vitað til þess að þessi leið hafi verið riðin fyrr, enda bæði álar og sandbleytur að fara yfir á þessari þriggja kílómetra leið.

„Þetta er örugglega í fyrsta skipti sem þetta er gert," segir Jón Ólafsson á Báreksstöðum, einn þeirra sem riðu yfir ána. „Þessi hugmynd kviknaði fyrir tveimur árum þegar verið var að draga rafstreng yfir ána. Ég fór þá yfir með beltavél sem notuð var við verkið og í kjölfarið datt mér í hug hvort þetta væri möguleiki."

Síðan hófust athuganir á ánni úr lofti og með bát, þar sem reynt var að staðsetja álana og grennslast fyrir um dýpt þeirra. Og svo var lagt í hann.

„Þetta var ekki alveg greið leið," segir Jón. „Við lentum í sandbleytu við ál nærri Einarsnesi og misstum tvo hesta niður. Þá hugleiddum við að snúa við. En það gekk greiðlega að ná hestunum upp og við skelltum á sund að gamni okkar áður en við komum í land. Það ætti enginn að fara þetta án kunnugra manna og alls ekki að láta sér detta í hug að fara yfir með rekstur." -jss

KOMNIR YFIR Komnir yfir sandbleytur og ála, á leið í land, Jón Ólafsson, Sigursteinn Sigursteinsson, Einar Karelsson, Karl Björgúlfur Björnsson, Ari Ingimundarson og Jóhann Hólmar Ragnarsson. Hvanneyri í baksýn.

DV

Ráðherra græðir hundruð þúsunda á prestsjörð

Þorir þegar aðrir þegja!

BJARTIR DAGAR Í HAFNARFIRÐI

GÓÐVERK

í dag ...

MIÐVIKUDAGUR 15. júní

17-20 **FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ SKÁTAFÉLAGSINS HRAUNBÚA** á Víðistaðatúni. Skemmtilegir leikir og þrautir að skátasið. Fjörið endar svo á góðri skátakvöldvöku og heitu kakói í húsnæði Hraunbúa. Allir með!

19:30 **LEIKHÚSKVÖLD** í Gamla bókasafninu við Mjósund. Stuttir leikþættir frá leikhópnum Maður verður fyrir eldingu og hljómsveitin Helmút und Dalli treður upp. Kaffi og bakkelsi.

20:00 **HREINDÝR OG ÍSBJÖRN ÓSKAST** eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur, frumsýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins. Leikstjóri er Hilmar Jónsson. Miðasala er í síma 555 2222 alla virka daga frá kl. 16-19 og 16-20 sýningar- daga. Miðaverð er kr. 1.600 **Einnig sýnt 18. og 19. júní.**

20:30 **MoR.** Tónleikar Margrétar Eirar Hjartardóttur og Róberts Þórhallssonar í Hafnarborg. Þetta sérstæða dúó flytur þekkt popp, djass og dægurlög í ljúfum útsetningum fyrir söng og rafbassa. Aðgangseyrir kr. 1.800. Miðar seldir við inngangsinn.

Bjartir dagar

Ferðamálaráð Íslands

sparisjóður

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 · Sími 585 5500 · www.hafnarfjordur.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KÝTA UM KOSTUN ESB Tony Blair og Jacques Chirac á tröppum forsetahallarinnar í París í gær.

Bretar og Frakkar deila um fjárhag ESB:

Samkomulag ekki í sjónmáli

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að það yrði erfitt að leysa þann ágreining sem ríkir milli ráðamanna Evrópusambandsríkjanna um fjárhagsramma sambandsins næstu árin. Kallaði Blair eftir víðtækri umræðu um framtíðartilhögun fjármögnunar sambandsins.

Blair átti viðræður við Jacques Chirac, forseta Frakklands, í París í gær og dró enga dul á það á blaðamannafundi að í viðræðunum hefði komið skýrt í ljós að ágreiningurinn væri djúpstæður.

Hagsmunaárekstrar Frakka og Breta í þessu sambandi hafa komið mjög skýrt fram í aðdraganda leiðtogafundar ESB sem hefst í Brussel á morgun, en á honum stóð til að ganga frá samkomulagi um fjárlagaramma ESB fyrir árin 2007-2013. Blair hefur lagt áherslu á að ekki komi til greina fyrir Breta að hreyft verði við milljarðaendurgreiðslum sem þeir fá úr sjóðum ESB og Chirac hefur á móti ekki tekið í mál að hreyft verði við landbúnaðarniðurgreiðslunum sem franskir bændur njóta einkum góðs af. ■

VART MÁ SJÁ TIL SÓLAR ÞESSA DAGANA ÁN ÞESS AÐ ÞÚSUNDIR GRILLMEISTARA VÍÐA UM LAND ÞEYSI ÚT Í GARÐ MEÐ STEIKUR. Blikur eru á lofti um það hvort magn lambakjöts í landinu dugi öllum sem vilja.

Grillvertíðin að ná hámarki:

Lambakjötið er óðum að klárast

LANDBÚNAÐUR „Segja má að íslenska lambakjötið sem stendur til boða í verslunum í dag sé ekki fyrsta flokks því flestar vænustu steikurnar eru uppseldar," segir Jóhann Ólafsson, fulltrúi hjá Bændasamtökunum. Grillvertíð landsmanna er að sönnu hafin og léleg birgðastaða lambakjöts veldur því að hætta er á að kjötið klárist áður en nýslátrað kemur aftur á markaðinn í byrjun ágúst.

Jóhann segir það af sem áður var þegar birgðir af lambakjöti hlóðust upp ár eftir ár.

Margir bændur hafi snúið sér að öðru og vegna þess hve fáir séu eftir er hætta á að lambakjötsbirgðirnar í landinu klárist áður en sláturhús hefja aftur slátrun í ágústmánuði.

Hann segir tilraunir hafa verið gerðar til að hefja slátrun fyrr á sumrin til að anna þeirri auknu eftirspurn sem orðið hefur undanfarin sumur en þær hafi tekist misvel.

„Það er hægara sagt en gert. Auðvitað væri óskandi að slíkt næðist en þessar tilraunir hafa gengið upp og niður og því einhver tími enn áður en tekst að bjóða neytendum nýtt kjöt fyrr á sumrin en nú er." -aöe

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

IBRAHIM AL-JAAFARI Ríkisstjórn hans fékk afgerandi umboð frá íraska þinginu í gær.

Íraska þingið:

Trausti lýst á stjórnina

BAGDAD, AP Yfirgnæfandi meirihluti íraskra þingmanna lýsti yfir trausti á ríkisstjórn Ibrahim al-Jaafari en slík yfirlýsing var á dagskrá þingsins í gær.

Stjórnin hefur átt undir högg að sækja að undanförnu þar sem henni hefur ekki tekist að slökkva ófriðarbálið sem geisar í landinu þrátt fyrir að hafa sagt að það væri hennar helsta verkefni. Yfir þúsund manns hafa fallið síðan hún tók við völdum 28. apríl síðastliðinn.

Miklar deilur hafa staðið á íraska þinginu að undanförnu um hlut súnnía í stjórnarskárgerðinni en þeir telja sig bera skarðan hlut frá borði í stjórn landsins. ■

Kárahnjúkavirkjun:

Tvö verk boðin út

VIRKJANAMÁL Landsvirkjun óskaði í gær eftir tilboðum í tvær stórframkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar. Annað verkefnið er gröftur og gangagerð vegna botnrásar við Jökulsá í Fljótsdal fyrir væntanlegra Ufsarstíflu. Þau göng eiga að vera 57 metra löng og sjö metra breið.

Hitt verkefnið er strengplæging fyrir Hraunveitur og felst í að leggja og tengja átta kílómetra langan rafstreng milli Ufsarstíflu og Kelduárlóns, ásamt lagningu ídráttarröra fyrir ljósleiðara.

Nánari upplýsingar má finna á www.landsvirkjun.is. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

OLÍUBÍLL EYÐILAGÐI FÓLKSBÍL Olíubíll ók á kyrrstæðan fólksbíl á Strandgötu á Eskifirði í fyrradag og gjöreyðilagði hann. Fólksbíllinn var mannlaus og honum hafði verið lagt upp við gangstétt. Ökumaður vörubílsins virðist ekki hafa séð bílinn í tíma.

BÍLVELTA Í GRÍMSNESI Bíll valt á Sólheimavegi í Grímsnesi stuttu fyrir miðnætti á mánudagskvöld. Bíllinn var dreginn í burtu með dráttarbíl. Ökumaðurinn var einn í bílnum og slapp með minniháttar meiðsli.

DRYKKJULÆTI Í VESTMANNAEYJUM Kalla þurfti lögreglu á skemmtistað í Vestmannaeyjum á aðfaranótt þriðjudags. Drukkinn karlmaður hafði brugðist illa við því að vera vísað af staðnum og þurfti aðstoð til að koma honum úr húsi.

Tilboðin gilda til 19. júní eða á meðan birgðir endast

Þjóðlegt og gott...

EKKERT BRUÐL

ÍSLENSKI FÁNINN
99 KR.

FROSNIR ÞORSKBITAR
599 kg KR.

REGNBOGASILUNGUR REYKTUR
1499 kg KR.

FROSINN ÞORSKUR NORÐANFISKUR
Þorskbitar
BEINLAUSIR OG ROÐLAUSIR

Gott á grillið

REYKTUR SILUNGUR ÍSLENSKT SJÁVARFANG
Regnboga
SILUNGUR REYKTUR

ÍSLENSKT SJÁVARFANG

179 HÁLFT KÍLÓ KR.

129 250 GRÖMM KR.

299 REGNHLÍF KR.

2 TEGUNDIR
Regnhlíf

250 GRÖMM FROSINN TÚNFISKUR
Túnfiskur

FROSINN TÚNFISKUR
199 250g KR.

132 x 203 SM
Regnslá

99 REGNSLÁ KR.

EKKERT BRUÐL

BLÁBER 250g
159 KR.

20 RJÓMA SMÁBOLLUR
299 KR.

Rjómasmábollurnar komnar aftur!

Mataráhöld í sveitina

VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar, 25 diskar,
25 hnífar, 25 teskeiðar,
25 skeiðar eða 25 gafflar

99 25 stykki KR.

HÁLFUR LÍTRI
39 500 ml KR.

FERSK
Kirsuber
599 kg KR.

15-20 kirsuber á dag, segja náttúrusinnar hafa sömu áhrif á nýrnaganginn og mörkuð neysla trönuberja og jarðarberja.

ÚRBEINAÐUR GRILLKRYDDAÐUR ALI SVÍNAHNAKKI

GRILLKRYDDAÐAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR

ALI GRILLKÓTELETTUR
899 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.

ALI úrbeinaður svínahnakki
899 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.

EKKERT BRUÐL

Sveitabjúgu
KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI
SVEITABJÚGU
299 kg KR.

Hangikjöt
FRAMPARTUR MEÐ BEINI KF
HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
699 kg KR.

40% afsláttur við kassann

Birgjum okkur upp í Bónus!

„ORÐRÉTT“

„Berglind fékk aðeins í bakið en við komumst ekki að því fyrr en eftir á.“

BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON LEIKARI UM UMFERÐARÓHAPP SEM HANN LENTI Í. DV.

„Þetta er hrífandi endir, Bubbi hugsar ekki illa til Brynju heldur aðeins af hreinni, tærri ást.“

ARNAR EGGERT THORODDSEN BLAÐAMAÐUR Á MORGUNBLAÐINU Í GAGNRÝNI Á ÁST, NÝJA PLÖTU BUBBA MORTHENS.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SVEINN BERNÓDUSSON JÁRNSMÍÐAMEISTARI

Á leið til Benidorm í hálfan mánuð

„Það er allt þokkalegt að frétta, sumarið er komið og það er að hlýna og lifna yfir öllu,“ segir Sveinn Bernódusson járnsmíðameistari og formaður Framsóknarfélags Bolungarvíkur.

Sveinn segir að það sé þokkalegt að gera í járnsmíðunum þó það megi auðvitað alltaf vera meira. En hann hefur þá að minnsta kosti tækifæri til að fara í sumarfrí. „Ég er að spá í að skella mér til Spánar í hálfan mánuð. Benidorm nánar tiltekið. Ég hef farið þangað áður og líkaði vel, það var gott að slappa af þarna en maður getur ekki verið lengur en hálfan mánuð. Það er passlegur tími.“

Flokksbræður Sveins á þingi og í ríkisstjórn hafa verið í kastljósi fjölmiðlanna undanfarið og hann hefur ekki farið varhluta af því. „Já, þeir eru mikið í fréttum og ekki er það allt jákvætt. En ég er ekki viss um að þeir sem liggja undir ámæli séu sekir um jafn alvarlegar syndir og þeim er gefið að sök.“

Sveinn hefur miklar mætur á Kristni H. Gunnarssyni og sammála honum um að það þurfi að stokka upp í kvótakerfinu. „Þetta er bara orðin svo gömul lumma þetta bannsetta kvótakerfi og ég hef orðið var við það á stærri samkomum Framsóknarflokksins að þetta er eins og að nefna snöru í hengds manns húsi að minnast á kvótakerfið. Það bara má ekki ræða þetta.“ ■

tilveran
nær og fjær

SJÓNARHÓLL

DRUKKNUM VÍSAÐ ÚR SUÐURBÆJARLAUG

Fara á eftir reglum

EINAR BIRGIR STEINÞÓRSSON

„Ef laugin hefur sett þessar reglur er sjálfsagt að fara eftir þeim,“ segir Einar Birgir Steinþórsson, skólameistari Flensborgarskóla, um að drukknum sjómönnum hafi verið vísað frá Suðurbæjarlaug. Í frétt Fréttablaðsins kemur þó fram að sjómennirnir, sem eru af rússneskum og lettneskum togurum sem liggja í Hafnarfirði, séu yfirleitt mjög kurteisir og prúðir.

Einar Birgir telur að reglurnar hafi líklega verið settar með öryggishagsmuni í huga og þeim eigi að fylgja hvort sem um sé að ræða innlenda eða erlenda gesti.

Einar Birgir hefur ekkert á móti því að skipverjar erlendra togara kryddi bæjarlífið í Hafnarfirði. „Hafnarfjörður reynir að taka vel á móti öllum,“ segir hann.

Háskóli Íslands:

Útskrifað í Egilshöll

PÁLL SKÚLASON

Útskrift Háskóla Íslands fer fram í Egilshöll í Grafarvogi þetta sumarið. Verður hún laugardaginn 25. júní og hefst klukkan 13. Er áætlað að hún standi í tvær og hálfa klukkustund.

Síðustu ár hefur athöfnin farið fram í Laugardalshöll en hún er nú lokuð vegna viðhalds og breytinga. Áður fór útskriftin fram í Háskólabíói en það hefur löngu sprengt athöfnina utan af sér enda hefur nemum við HÍ fjölgað mjög.

Þetta verður í síðasta sinn sem Páll Skúlason brautskráir nema frá Háskólanum en hann lætur af embætti rektors tæpri viku eftir athöfnina. Við tekur Kristín Ingólfsdóttir sem bar sigur úr býtum í rektorskjöri fyrr á árinu.

Um 800 nemendur útskrifast frá Háskóla Íslands að þessu sinni.

- bþs

Menningarauki *í miðborginni*

Forsvarsmenn Listaháskólans vilja að nýtt hús skólans rísi við gömlu höfnina í Reykjavík. Það yrði um ellefu þúsund fermetrar og er kostnaður áætlaður á þriðja milljarð króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

BJARTSÝNN REKTOR Hjálmar H. Ragnarsson er bjartsýnn á að byggt verði yfir Listaháskólann við gömlu höfnina í Reykjavík. Hann sér marga kosti við að skólinn rísi í miðborginni, bæði fyrir skólann og mannlífið í borginni.

Stjórn Listaháskóla Íslands hefur farið þess á leit við borgarstjóra og menntamálaráðherra að skólanum verði fundin lóð á bakka gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Þar á tónlistar- og ráðstefnuhús að rísa og standa ríki og borg saman að þeirri framkvæmd.

Listaháskólinn var stofnaður 1999 og hefur síðan verið starfræktur í þremur húsum í Reykjavík. Af því hefur hlotist margvíslegt óhagræði og brýnt að mati stjórnenda skólans að koma starfseminni undir eitt þak.

„Ávinningurinn af sambúð listgreinanna nýtist okkur ekki nema að litlu leyti meðan við erum klofin,“ segir Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskólans. „Rekstrarlega er þetta líka þungt og erfitt, við þurfum þrennt af öllu því við erum á þremur stöðum. En það er aðallega þessi kraftur í sambúð listanna sem við teljum að geti margfaldast í einu húsi,“ segir rektor.

Húsnæðismál Listaháskólans hafa verið til umræðu frá því áður en hann var formlega stofnaður en senn gæti séð fyrir endann á þeim.

Hjálmar velkist ekki í vafa um að miðborg Reykjavíkur sé rétti staðurinn fyrir Listaháskóla Íslands. Hann segir nauðsynlegt að krafturinn sem skólinn býr yfir nýtist samfélaginu öllu og það gerist best í miðborginni. Þá sé samlegð starfseminnar með þeim stofnunum og fyrirtækjum sem þar eru fyrir augljós. „Svæðið getur ödlast enn meira líf með okkur. Í skólanum er starfsemi frá morgni til kvölds flesta daga vikunnar á meðan tónlistarhúsið verður meira viðburðatengt.“ Skólinn sé ekki einasta menntastofnun heldur líka miðstöð menningar og listar.

Það er því ekki bara skólans vegna heldur líka borgarsamfélagsins sem miðborgin er hentugur staður. „Ég held að það hljóti að vera eftirsóknarvert fyrir miðborgina að fá þennan hóp af fólki til sín. Við erum ekki bara að tala um kennara og nemendur heldur mun fjöldi listamanna og fólks sem tengist listum eiga hér leið um og gestir koma frá útlöndum og utan af landi. Svo er vert að nefna að um þriðjungur af húsnæðinu sem við hyggjumst byggja er fyrir almenning. Hér verða margskonar listviðburðir og uppákomur af hvaða tagi sem er.“

Áætlanir gera ráð fyrir að nýtt hús Listaháskólans verði um 11.000 fermetrar og að það kosti á milli tvo og þrjá milljarða króna að reisa það. Að mati Hjálmars er nægt pláss fyrir stórt hús á byggingarreitunum við gömlu höfnina og í erindinu til borgarstjóra og menntamálaráðherra sé verið að biðja um að skólinn verði hafður með í þróunar- og skipulagsferlinu sem nú stendur.

Og hann er bjartsýnn á að erindinu verði vel tekið af yfirvöldum og að hægt verði að setja skólann í nýju húsi við gömlu höfnina í Reykjavík haustið 2008.

„Ég er mjög bjartsýnn. Skólinn er sterkur og ímynd hans er góð, vitund um gildi háskóla í samfélaginu er að aukast og menntamálaráðherra hefur lýst yfir að hann telji byggingu Listaháskóla Íslands vera forgangsmál á sviði háskólamála.“

bjorn@frettabladid.is

NÚVERANDI HÚSAKYNNI

Listaháskólinn er nú starfræktur á þremur stöðum í borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Í SKIPHOLTI 1

Í LAUGARNESI

OG Á SÖLVHÓLSGÖTU 13

Húsbréf

Útdráttur húsbréfa

Nú hefur farið fram útdráttur húsbréfa í eftirtöldum flokkum:

1. flokki 1989 – 59. útdráttur
1. flokki 1990 – 56. útdráttur
2. flokki 1990 – 55. útdráttur
2. flokki 1991 – 53. útdráttur
3. flokki 1992 – 48. útdráttur
2. flokki 1993 – 44. útdráttur
2. flokki 1994 – 41. útdráttur
3. flokki 1994 – 40. útdráttur

Koma þessi bréf til innlausnar 15. ágúst 2005.

Öll númerin verða birt í Lögbirtingablaðinu.
Auk þess eru númer úr fjórum fyrsttöldu flokkunum hér að ofan birt í Morgunblaðinu, miðvikudaginn 15. júní.
Upplýsingar um útdregin húsbréf má einnig finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs: *www.ils.is*.

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Guðbjörg Sigurðardóttir er ósátt við klæðaburð kynsystra sinna:

Flíspeysurnar næstum orðnar þjóðbúningur

„Ég gerði könnun á þyngd og klæðnaði kvenna um daginn. Ég gekk niður Laugaveginn og taldi. Á leiðinni frá Kjörgarði og að Klapparstígi mætti ég níu konum sem voru yfir kjörþyngd. Þær voru flestar ungar og klæddust yfirleitt síðbuxum og þessum forljótu flíspeysum sem liggur við að séu orðnar þjóðbúningur íslenskra kvenna," segir Guðbjörg Sigurðardóttir Reykvíkingur frá blautu barnsbeini. Hún býr í miðborginni og fylgist vel með mannlífinu og blöskrar klæðaburður kynsystra sinna. Og það eru ekki bara fötin og þyngdin sem fara fyrir brjóstið á Guðbjörgu: „Margar kvennanna eru með hálfgerða herraklippingu og ef þær eru með gleraugu þá eru þau með svörtum, óklæðilegum umgjörðum."

Guðbjörg man tímana tvenna í miðborg Reykjavíkur og þegar hún var ung gengu konur í kjólum og kápum. Hún saknar þeirra tíma.

„Þegar ég var yngri vogaði maður sér ekki niður í bæ nema vera uppáklæddur. Sem betur fer sér maður uppáklæddar konur innan um en þá eru þær yfirleitt komnar yfir miðjan aldur," segir hún.

Guðbjörgu finnst ungir karlmenn orðnir mun meira smart en ungar konur og að auki séu þeir yfirleitt ekki feitir.

Og vitaskuld veltir hún fyrir sér hvernig standi nú á þessu og kemst helst að þeirri niðurstöðu að sjálfsvirðing kvenna hafi farið þverrandi með árunum.

- bþs

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

GUÐBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR Er ósátt við klæðaburð ungra kvenna og finnst sorglegt að þær skuli upp til hópa klæðast síðbuxum og flíspeysum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁLVER REIST Íbúafjöldi á Reyðarfirði hefur aukist vegna álversframkvæmdanna. Þjónustan hefur svo batnað um leið og nú er hægt að fara í vínbúð í bænum.

Vínbúð opnuð á Reyðarfirði:

Ölvun ekki aukist

Vínbúð var opnuð á Reyðarfirði fyrir tólf dögum og hafa bæjarbúar, margir hverjir, tekið henni fegins hendi. Sýnileg ölvun hefur þó ekki aukist í bænum, að sögn lögreglu.

„Þetta hefur farið mjög vel af stað og búðin fengið góðar viðtökur," segir Björgvin Pálsson, verslunarstjóri vínbúðarinnar sem rekin er samhliða veiði- og útivistaversluninni Veiðiflugunni í nýju verslanamiðstöðinni Molanum.

Lengi vel þurftu Reyðfirðingar, líkt og aðrir Austfirðingar, að fara alla leið til Seyðisfjarðar eftir bokkunni en leiðin styttist til muna þegar áfengisútsölur voru opnaðar á Egilsstöðum og í Neskaupstað.

„Þetta hefur lengi vantað hjá okkur," segir Björgvin, verslunarstjóri, og bætir við að mikið líf sé almennt að færast yfir Reyðarfjörð með álversbyggingunni. „Apótekið hefur til dæmis verið opnað aftur en því var lokað fyrir átta árum."

- bþs

Kergja í kúabændum

Íslenskir kúabændur segja ekki farir sínar sléttar af samskiptum sínum við kollega sína í Danaveldi ef marka má lítinn greinarstúf á vef kúabænda, naut.is. Þar kemur fram að mjólkursamlagið Thise í Danmörku hefur nú ákveðið að kalla saman vinnufund barnabókarhöfunda og teiknara til að hanna umbúðir mjólkurferna með það að markmiði að fá börn til að lesa. „Af hverju ekki að vera hugmyndaríkir og gera umbúðir sem eru skemmtilegar að horfa á og með texta til að lesa?", spyr danskurinn í fréttatilkynningu.

Lengi hafa íslenskar mjólkurhyrnur verið skreyttar með ýmiss konar fróðleik um íslenska tungu og þykir hafa tekist vel upp. Í frétt á dönskum landbúnaðarvef er íslensku frumkvöðlanna þó hvergi getið en hugmyndasmiðurinn sagður vera Peter Q. Rennes. Þetta sárnar íslenskum kúabændum greinilega þótt þeir tali undir rós. „Líklega hefur Peter komið til Íslands!" klykkir blaðamaður kúabænda út í greininni sem ber titillinn „Danir finna upp íslenskt hjól!".

- bs



SVONA ERUM VIÐ

HLUTFALL KVENNA AF FJÖLDA ÞINGMANNA Á NORÐURLÖNDUNUM 2003



Heimild: Hagstofan

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL – GREINING: NÓRÓVEIRUSÝKINGAR

Hópsýkingar sem herja á fólk á sumrin

Svonefndar nóróveirusýkingar hafa færst talsvert í vöxt hér á landi á undanförnum árum, einkum þó yfir sumarmánuðina. Heilbrigðisyfirvöld búast við að þær geri vart við sig á komandi mánuðum.

Algengustu einkenni þessarar hvimleiðu sýkingar eru niðurgangur og/eða uppköst og því geta fylgt kviðverkir, beinverkir, höfuðverkur og stundum vægur hiti. Veikindin ganga í langflestum tilfellum yfir hjá hraustu fólki á einum til þremur sólarhringum án þess að til læknismeðferðar þurfi að koma.

Nóróveirusýkingarnar hafa gert talsverðan usla á undanförnum árum. Er þess skemmst að minnast að á annað hundrað manns veiktust í Húsafelli um hvítasunnuna í fyrra. Þá tókst ekki að sýna fram á uppruna smitsins en vonast var til að hægt væri að hindra frekari hópsýkingar með lagfæringum á vatnsveitu. Minni hópsýkingar, sem tengjast til dæmis veiðihúsum og sumarbústöðum, hafa einnig brotist út um landið. Þá hafa þær tengst veitinga- og hótelrekstri, meðal annars vegna neysluvatns sem talið er hafa mengast af nóróveirum úr rotþróm. Þessar veirur hafa líka valdið vandræðum á öldrunarheimilum og sjúkrastofnunum, til dæmis á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð í Reykjavík. Sýkingar á slíkum stofnunum geta reynst íbúum og starfsfólki þungbærar. Nóróveirusýkinga hefur einnig orðið vart á skemmtiferðaskipum sem sigla hingað til lands.

SKEMMTIFERÐASKIP Nóróveirusýkingar hafa verið vandamál á skemmtiferðaskipum. Skipið á myndinni tengist fréttinni ekki.

Hreinlæti er besta vopnið gegn sýkingunum því þær eru bráðsmitandi. Dæmi eru um að veiran hafi borist í fólk með svifúða sem verður til við uppköst sjúklinga.

Smitleiðirnar eru margar en meðal þeirra algengustu eru menguð fæða og vatn, svo og beint smit manna á milli. Þeir sem eru með nóróveirusýkingu eiga alls ekki að matreiða fyrir aðra. Góður handþvottur og annars konar hreinlæti er afar mikilvægt í baráttunni gegn nóróveirusýkingum.

Heimild:Farsóttarfréttir Landlæknisembættisins.

!
90,9
MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

Hagnaðurinn á Hesteyri

Ekki er óvarlegt að ætla að hagnaður Hesteyrar af fjárfestingu sinni í Keri hf. árið 2002 sé um fjögurra milljarða króna virði í dag. Hesteyri er eigandi fjórðungshlutar í VÍS sem er stór hluthafi í KB banka. Skinney-Þinganes á nú þriðjungshlut í Hesteyri.

Fjárfesting Fiskiðjunnar Skagfirðings og Skinneyjar-Þinganess sumarið 2002 hefur skapað fyrirtækinu Hesteyri verðmæti sem í dag má meta til að minnsta kosti fjögurra milljarða króna. Kaup sameiginlegs félags fyrirtækjanna tveggja á tæplega fjórðungshlut í olíufyrirtækinu Keri hf., sem síðar varð næststærsti hluthafinn í Búnaðarbanka Íslands, skapaði fyrirtækjunum samningsstöðu sem varð til þess að félagið hlaut í skiptum fyrir bréfin í Keri bréf í VÍS sem félagið á enn í dag.

FRÉTTASKÝRING
HESTEYRI

HJÁLMAR BLÖNDAL
BLAÐAMAÐUR

Það mun hafa verið að hugmynd Jóns Eðvalds Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Fiskiðjunnar, að ákveðið var að virkja gamalt félag í eigu Kaupfélags Skagfirðinga til fjárfestingarinnar. Hvort félag um sig keypti helmingshlut í félaginu Hesteyri 2 ehf. og var nafni fyrirtækisins breytt í Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. Skipuð var ný stjórn auk þess sem hlutafé var aukið verulega. Fulltrúar Skinneyjar-Þinganes í stjórninni urðu þeir Aðalsteinn Ingólfsson framkvæmdastjóri og Gunnar Ásgeirsson stjórnarformaður, en frá Fiskiðjunni þeir Jón Eðvald og Þórólfur Gíslason stjórnarformaður. Þeir Aðalsteinn og Gunnar eru náfrændur Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra en Þórólfur er forstjóri Kaupfélags Skagfirðinga sem er mjög umsvifamikið á ýmsum sviðum.

Sama dag og Hesteyri skipti um lit keypti félagið 22,53% hlut í Keri af Straumi fjárfestingarbanka en Hesteyri hafði frumkvæði að viðskiptunum. Tilkynnt var um viðskiptin til Kauphallar Íslands 16. ágúst 2002.

Valdabarátta og samningsstaða

Kaup Hesteyrar lögðust illa í stærstu hluthafa Kers sem neituðu Hesteyri um hluthafafund sem félagið hafði óskað eftir til að koma mönnum í stjórn. Á stæðan mun hafa verið takmarkaður áhugi eins stærsta hluthafa Kers á að fá tiltekna fultrúa Hesteyrar í stjórn Kers. Höfnunin kom fulltrúum Hesteyrar í opna skjöldu. Átök og þreifingar áttu sér stað um ýmsar lausnir á þeim vanda sem upp var kominn. Voru Hesteyri boðnir ýmsir eignarhlutir í skiptum fyrir bréfin í Keri en að lokum varð það ofan á að félagið Norvík, sem var og er að mestu í eigu Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, keypti bréf Hesteyrar í Keri og Hesteyri fékk fjórðungshlut Norvíkur í VÍS í staðinn. Um þau viðskipti hefur meðal annars verið fjallað og fulllyrt að hluturinn í VÍS væri um sjö hundruð milljónum króna verðmætari en hluturinn í Keri. Um þá kenningu skal ekki fullyrt. Hitt er hins vegar ljóst að verðmæti bréfanna í Keri byggðust að stórum hluta á því að Ker var ásamt S-hópnum í vænlegri stöðu um kaup á Búnaðarbankanum og varð síðar næststærsti hluthafinn í bankanum í gegnum einkahlutafélagið Eglu, en hlutur Kers í bankanum varð síðar 35,2 prósent. Staða Hesteyrar var ekki síðri í gegnum VÍS því síðarnefnda fyrirtækið var einnig aðili að S-hópnum með um 13,1 prósenta hlut auk þess sem hlutur í VÍS var talinn góð fjárfesting.

ÞÓRÓLFUR GÍSLASON



TENGSLIN VIÐ HESTEYRI
Hesteyri seldi 22,53% hlut sinn í Keri og fékk 25% hlut í VÍS sem eignaðist svo 13,1% í Búnaðarbanka Íslands en Ker keypti meira í Búnaðarbankanum, eða 35,2%.

Hlutur Hesteyrar í VÍS

Hesteyri greiddi um þrjá milljarða fyrir hlutinn í Keri og fjármagnaði kaupin með eigin fé fyrir um milljarð, en að öðru leyti með lánsfé frá Íslandsbanka. Félagið er enn í dag hluthafi í VÍS með um fjórðungshlut. Sé tekið mið af lokagengi VÍS þegar félagið var afskráð úr Kauphöll Íslands í lok ársins 2004 og útistandandi hlutafé má telja að félagið hafi þá verið um 27 milljarða króna virði sem er upphæð í lægri kantinum þegar meta á félagið í dag en félagið hefur skilað góðri afkomu af eigin rekstri auk þess sem það er stór hluthafi í KB banka. Þannig má ætla að hlutur Hesteyrar í VÍS sé fjórðungur þeirrar upphæðar, eða tæpir 7 milljarðar. Gengishagnaður Hesteyrar af VÍS frá því viðskiptin áttu sér stað er því að lágmarki 4 milljarðar sem raunar er ekki fjarri þeim hækkunum sem hafa átt sér stað á markaði á þessum tíma.

Ekki er það þó svo að hluthafarnir séu aðeins tveir í Hesteyri, því VÍS hefur keypt þriðjung hlutafjár í félaginu en Hesteyri hefur einnig keypt um fimmtungshlut í Skinney-Þinganesi. Þriðjungur fjögurra miljarða er um 1.300 milljónir króna fyrir hvert félag, Skinney-Þinganes og önnur. Hægt er að reikna hlut Halldórs Ásgrímssonar og fjölskyldu sem fjórðung þeirrar upphæðar, eða 325 milljónir. Hafa ber þó þann fyrirvara að um óinnleystan hagnað er að ræða. Það breytir því ekki að það er sú tala sem er lauslega reiknuð og einkum og aðeins til komin vegna þess að Skinney-Þinganes ákvað við annað fyrirtæki að fjárfesta í Keri sem hafði lykilstöðu í samningaviðræðum við kaup á ríkisbönkunum og síðar varð næststærsti hluthafi bankans. ■

Við lækkum lága verðið

grillveisla í Nettó

BBQ sósa og brauð fylgja frítt með

399 kr.kg.

Bautabúrs hamborgarar m. BBQ sósu

386 kr. lækkun á kg.

998 kr.kg

Ofnsteik frá Norðlenska
verð áður 1349 kr.kg.

Betra verð!

520 kr. lækkun á kg.

779 kr.kg

Þurrkryddaðar lambagrillsneiðar
verð áður 1299 kr.kg.

Ofaní kartöfluna eða á kjötið

99 kr.stk.

Kryddsmjör með hvítlauk
Kryddsmjör með jurtakryddi

Ummm!

169 kr.stk.

Ostasósur, Sveppa-, Pipar-, og Gráðostasósa

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 15. - 19. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Valgerður segir umræðuna ekki hafa skaðað Framsóknarflokkinn

Valgerður Sverrisdóttir segir að umræðan um einkavæðingu ríkisbankanna og ásakanir um vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar hafi hvorki skaðað flokkinn né ríkisstjórnina. Halldór hafi jafnsterka stöðu og áður innan flokksins. Þau ræddu aldrei eignatengslin sín á milli.

EINKAVÆÐING Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra segir að gagnrýnin á ríkisstjórnina vegna sölu bankanna og ásakanir stjórnarandstöðunnar um vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar vegna óbeinna eignatengsla hans og S-hópsins hafi hvorki skaðað Framsóknarflokkinn né ríkisstjórnina. Ennfremur sé samstarf ríkisstjórnarflokkanna jafngott og fyrr.

FRÉTTAVIÐTAL
VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR UM BANKASÖLUNA

SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

„Við gerum okkur hins vegar grein fyrir að þessi umræða mun halda áfram og jafnvel út sumarið. Samfylkingin mun hjakka í sama ómálefnalega farinu. Það er fyrst og fremst Halldór Ásgrímsson sem stendur í vegi fyrir nýjum formanni Samfylkingarinnar og forsætisráðherraefninu, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Málefnaleg staða Framsóknarflokksins er mjög góð og stjórnarandstaðan getur því ekki gagnrýnt okkur á málefnalegum grundvelli. Þess vegna er gripið til persónulegra árása," segir Valgerður."Það er verst fyrir þessa þingmenn sjálfa. Fólk sér í gegn um umræðu þeirra og málflutning," segir Valgerður.

Hún segist jafnframt sannfærð um að staða Halldórs innan flokksins hafi ekki veikst við umræðuna og að málið muni ekki skaða flokkinn inn á við. „Fyrst niðurstaða ríkisendurskoðanda var sú sem raun ber vitni er þetta búið mál innan Framsóknarflokksins. Það er algjörlega útilokað að það skaði Halldór á nokkurn hátt því staða hans er mjög sterk innan flokksins," segir Valgerður.

Valgerður ber ábyrgðina

Ríkisendurskoðandi segir í nýútkominni skýrslu um hæfi Halldórs Ásgrímssonar til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins árið 2002, að Valgerður Sverrisdóttir sem viðskiptaráðherra beri alla ábyrgð á sölu bankanna tveggja. Ábyrgðin hvíli ekki á ráðherranefndinni heldur fagráðherra, sem í þessu tilfelli er viðskiptaráðherra.

Ríkisendurskoðandi heldur því fram að ráðherranefnd um einkavæðingu sé fyrst og fremst ætlað að einfalda aðkomu ríkisstjórnar að einkavæðingarverkefnum og greiða fyrir staðfestingu stefnumarkandi ákvarðana þeim tengdum, sem annars væru í höndum ríkisstjórnar. Ákvörðunin sé eftir sem áður tekin af viðkomandi ráðherra og á ábyrgð hans. Ráðherranefndin geti því varla talist stjórnsýslunefnd, sem ætlað er að taka stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga. Til þess sýnist hana skorta nægilega skýran lögformlegan grundvöll.

Eignatengslin aldrei rædd

Valgerður er spurð að því hvort óbein eignatengsl Halldórs Ásgrímssonar við S-hópinn í aðdragandanum að sölu Búnaðarbankans hafi komið til tals innan ráðherranefndarinna, eða hvort þau Halldór hafi rætt þau sín á milli. „Nei, það kom ekki til umræðu, enda fórum við í ráðherranefndinni að tillögum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu og ráðgjafafyrirtækis okkar, HSBC, varðandi sölu bankanna," segir Valgerður. „Halldór ber ekki ábyrgð á þessu máli, eins og ríkisendurskoðandi bendir á, heldur ég, enda er ríkisstjórnin ekki fjölskipað stjórnvald. Þó svo að Halldór færi með ábyrgðina hefði hann samt verið til þess hæfur, líkt og ríkisendurskoðandi sýnir fram á í skýrslu sinni," segir Valgerður.

„Það hefði alltaf verið hægt að sýna fram á einhvers konar tengsl, sama hvaða kaupandi hefði verið valinn, því íslenskt samfélag er svo lítið. Ef Kaldbakur hefði til að mynda verið valinn til að kaupa Búnaðarbankann hefði ég líklega orðið fyrir gagnrýninni og sögð vanhæf vegna þess að ég er félagsmaður í KEA," segir hún.

Ekki þörf á rannsókn

Valgerður er spurð hvort ekki komi til greina að láta fara fram opinbera rannsókn á sölu ríkisbankanna tveggja, líkt og stjórnarandstaðan hafi stungið upp á, svo ríkisstjórnarflokkarnir geti gert hreint fyrir sínum dyrum í eitt skipti fyrir öll. „Það er búið að hreinsa okkur af öllum ásökunum stjórnarandstöðunnar. Þetta er útkljáð mál. Ríkisendurskoðandi hefur skrifað tvær skýrslur um bankasöluna auk nýju skýrslunnar um hæfi forsætisráðherra og ef þingmenn ætla ekki að gera neitt með þá niðurstöðu hljótum við að velta því fyrir okkur hvort sú stofnun eigi rétt á sér," segir Valgerður. ■

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR: „Fyrst niðurstaða ríkisendurskoðanda var sú sem raun ber vitni er þetta búið mál innan Framsóknarflokksins. Það er algjörlega útilokað að það skaði Halldór á nokkurn hátt því staða hans er mjög sterk innan flokksins."

Jóhanna Sigurðardóttir þingmaður Samfylkingar:

Trúverðugleiki forsætisráðherra í húfi

EINKAVÆÐING „Stjórnarflokkunum verður varla að þeirri ósk sinni að málinu sé lokið," segir Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, um sölu ríkisbankanna.

„Auk meints vanhæfis ráðherrans í bankasölumálinu eru einnig mörg önnur veigamikil atriði í söluferlinu enn óupplýst," segir Jóhanna.

„Stjórnarandstaðan hlýtur að leita allra leiða til að fá málið upplýst. Ekki bara um meint vanhæfi forætisráðherra heldur málið í heild sinni. Fyrsta skrefið í því máli er að fá óvilhalla aðila til að vinna álitsgerð um meinta hagsmunaárekstra og vanhæfi ráðherra," segir hún.

Hún bendir á að fimm hópar fjárfesta buðu í söluna á bönkunum og einhverjir þeirra sem var hafnað gætu leitað til dómsstóla til að fá úr því skorið hvort hagsmunaárekstrar hafi haft áhrif á ákvörðun um það hverjir fengu bankana. „Aðalatriði er að öll efnisatriði málsins verði upplýst. Það er grundvallaratriði til að hægt sé að treysta því að heiðarlegir stjórnsýsluhættir séu í heiðri hafðir hjá framkvæmdvaldinu. Í þessu máli er líka í húfi trúverðugleiki forsætisráðherra og þar verður að vera skýrt og klárt að hann hafi ekki verið flæktur í hagsmunaárekstra," segir Jóhanna. **- sda**

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR: „Í þessu máli er líka í húfi trúverðugleiki forsætisráðherra og þar verður að vera skýrt og klárt að hann hafi ekki verið flæktur í hagsmunaárekstra."

Sigurjón Þórðarson um skýrslu ríkisendurskoðunar:

Stangast á við orð Halldórs

EINKAVÆÐING „Ríkisendurskoðandi setur niður með skýrslu sinni um hæfi Halldórs Ásgrímssonar í bankasölumálinu," segir Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins.

„Ef ríkisendurskoðandi vill láta taka sig alvarlega er nauðsynlegt að hann hafi trúnað stjórnarandstöðunnar hverju sinni. Ríkisendurskoðun sem er bara endurskoðun fyrir meirihlutann er ekki trúverðug," segir Sigurjón.

Hann bendir á að í skýrslunni hafi ríkisendurskoðandi haldið því fram að Halldór hafi hvergi komið nærri sölunni. „Halldór sagði hins vegar í fréttaviðtali fyrir skömmu að auðvitað taki ráðherrar ákvarðanirnar varðandi einkavæðinguna. Þar er Halldór í mótsögn við ríkisendurskoðanda," segir Sigurjón.

„Þá er jafnframt mjög einkennilegt að forsætisráðherra skuli vera hvítþveginn á þeim forsendum að hann hafi ekki komið nálægt málinu þegar hann er sjálfur búinn að viðurkenna að hafa átt símafund með bjóðendum í bankann," segir Sigurjón.

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON: „Það er greinilegt að stjórnarflokkarnir hafa eitthvað að fela í þessu máli fyrst Fréttablaðið þurfti að fara með beiðnir sínar fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál til að fá aðgang að eðlilegum gögnum í málinu."

„Það er greinilegt að stjórnarflokkarnir hafa eitthvað að fela í þessu máli fyrst Fréttablaðið þurfti að fara með beiðnir sínar fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál til að fá aðgang að eðlilegum gögnum í málinu. Ef þeir hafa ekkert að fela af hverju afhenda þeir ekki Fréttablaðinu þessi gögn?" spyr Sigurjón. **- sda**

Cocoa Puffs
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN / SÍA NAT 28004 06.2005
Þú færð jójó
þegar þú kaupir
2 pakka af
Cocoa Puffs!*
Dýrin í Madagaskar vita ekkert skemmtilegra en að jójóa með jójó! Kvikmyndin Madagaskar er að koma í bíó og þess vegna fá allir, sem kaupa tvo pakka af Cocoa Puffs úti í næstu búð, alveg frábært jójó til að jójóa með.
FRÁ HÖFUNDUM Shrek OG Shark Tale
Madagascar
FRUMSÝND 13. JÚLÍ
*meðan birgðir endast
Háskólabíó
Laugarás Bíó
Sambíóin
PDI
united international pictures
DreamWorks

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Sendinefnd Alþjóða gjaldeyrissjóðsins telur þörf á meira aðhaldi í ríkisfjármálum

Allir vara við þenslunni hér

Viðvörunarbjöllur efnahagslífsins glymja um þessar mundir úr mörgum áttum, bæði innanlands og frá erlendum stofnunum sem við eigum aðild að. Nú síðast var það sendinefnd Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, sem sendi frá sér álit um efnahagsmálin hér á landi, eftir að hafa dvalist hér og kynnt sér málin af eigin raun. Athygli erlendra stofnana beinist gjarnan að ríkisfjármálunum og er áréttað að þar þurfi menn að hafa varann á. Það er líka sá þáttur sem ætti að vera auðveldast að stjórna, því erfitt er fyrir yfirvöld að hafa hemil á einkaneyslunni, þar sem einstaklingarnir koma beint við sögu. Einkaneyslan birtist um þessar mundir einna gleggst í miklum innflutningi á bílum, ekki síst frá Norður-Ameríku. Stórir amerískir drekar eru orðnir býsna fyrirferðarmiklir á þjóðvegum landsins og þeim á enn eftir að fjölga, ef fram heldur sem horfir með lágt gengi Bandaríkjadollars. Þá hefur innflutningur á ýmsum öðrum varanlegum neysluvörum svokölluðum aukist mjög á undanförnum mánuðum.

Sendinefnd Alþjóða gjaldeyrissjóðsins hrósar íslenskum stjórnvöldum í upphafi álits síns fyrir að fylgja af festu stefnu sem lagt hefur grunninn að kröftugum hagvexti og á þar við uppbyggingu stóriðju sem nýtir hreina orku. Þessi upbygging hefur hins vegar í för með sér miklar sveiflur í hagkerfinu, og það er þar sem stjórnvöld þurfa að koma inn í. Sendinefndin telur að meira aðhald þurfi varðandi fjárlög ríkisins, og nú þegar undirbúningur fjárlaga næsta árs stendur yfir þurfa stjórnvöld að taka fullt tillit til þessara athugasemda. Það hlýtur að koma sterklega til greina að fresta fyrirhuguðum skattalækkunum, þótt það verði kannski ekki vinsælt hjá mörgum einstaklingum sem lengi hafa beðið eftir því að skattar yrðu lækkaðir. Tekjuskattsprósenta lækkaði um eitt prósentustig um síðustu áramót, en á móti kom að útsvarið hækkaði í mörgum sveitarfélögum. Tekjuskattsprósentan á svo að lækka jafnmikið um næstu áramót og síðan um tvö prósentustig árið 2007 – á kosningaári. Þá á eignarskattur að falla að fullu niður um næstu áramót. Þetta eru þær skattalækkanir sem hugsanlega væri hægt að fresta í hinni miklu uppsveiflu sem nú er. Þá er það útgjaldahliðin, sem oft hefur verið auðveldara fyrir ríkið að snúa sér að við svipaðar aðstæður. Niðurskurðarhnífnum hefur þá gjarnan verið beitt á fyrirhugaðar vegaframkvæmdir, þótt nauðsynlegar séu. Það er að sjálfsögðu hægt fyrir ríkið að draga úr ýmsum framkvæmdum öðrum, en þá koma kjördæmahagsmunir oft við sögu og þingmenn eru minntir á það af ýmsum þrýstihópum að það eru kosningar á fjögurra ára fresti.

Stór hluti þenslunnar nú verður hins vegar ekki rakinn beint til ríkisins heldur einstaklinga og fyrirtækja. Mikilli hagsæld fylgir gjarnan mikil þensla og svo er einmitt um þessar mundir. Húsbyggingar á höfuðborgarsvæðinu slá nú öll met eins og oft hefur verið minnst á á undanförnum misserum, og eiga húsnæðislán bankanna þar ekki síst hlut að máli. Lán þeirra til íbúðakaupa nema nú á þriðja hundrað milljarða króna. Þess sér líka stað í efnahagslífinu, og ríkisvaldið fær þar við lítið ráðið. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fjölskyldan og samúð fólksins

Halldór Ásgrímsson fór mikinn á blaðamannafundi sínum á mánudag sem boðaður var með aðeins hálftíma fyrirvara. Eitt mál var á dagskrá: hæfi Halldórs vegna fjölskyldutengsla og bankasölunnar. Halldór var heldur ósáttur á fundinum með flest nema ríkisendurskoðanda. Eitt af því var ágangur fjölmiðlafólks. Fannst Halldóri nóg um hvernig fjölmiðlar höfðu hamast á fjölskyldu sinni, en augu manna munu hafa beinst mjög að henni að undanförnu.

Fjölskyldan og kvótinn

Fjölskyldufyrirtæki Halldórs Ásgrímssonar er ekki fjölskyldufyrirtæki að mati hans sjálfs. Fjölskylda hans á fjórðungshlut í Skinney-Þinganesi. Halldór á heldur ekki kvóta, heldur er það fyrirtæki í eigu hans og fjölskyldu hans sem á kvótann. Þess vegna er ekki hægt heldur að tala um kvótaeign hans sjálfs né heldur vanhæfi hans til að fjalla um, setja lög eða á annað borð hafa með nokkuð að gera sem tengist kvóta. Ríkisendurskoðandi mun reyndar ekki hafa gefið út álit um kvótaeign Halldórs og mun ekki hafa verið beðinn um það, hvorki af stjórnarandstöðu né honum sjálfum.

Fjölskyldan í Skagafirði

Í Skagafirði er eitthvert blómlegasta kaupfélag landsins. Samvinnuhugsjónin, sem dó drottni sínum víðast hvar á landinu, lifir í Skagafirði undir forystu Þórólfs Gíslasonar kaupfélagsstjóra. Þegar sala ríkisbankanna stóð sem hæst var Kaupfélagið ásamt Fiskiðjunni Skagfirðingi upphaflega í hópi þeirra sem buðu í bankana en heltust síðar úr lestinni. Fiskiðjan tók þó síðar þátt í bankakaupunum því hún fór með Skinney-Þinganes í fjárfestingu á VÍS í gegnum félagið Hesteyri en VÍS var hluti af hinum svokallaða S-hópi sem keypti Búnaðarbankann.

hjalmar@frettabladid.is

Málskotsrétturinn

Í DAG
UM STJÓRNARSKRÁNA

ÓLAFUR HANNIBALSSON

Þetta ákvæði er eini valdhemillinn á störf Alþingis, eina hindrunin gegn því að hér ríki algert þingveldi (eða í reynd algert einveldi foringja þingmeirihlutans hverju sinni).

Á laugardaginn var sat ég ásamt nokkrum félögum mínum úr Þjóðarhreyfingunni ánægjulegt málþing á vegum stjórnarskrárnefndar, sem forsætisráðherra skipaði í vetur, og fékk það hlutverk að sjá um endurskoðun á stjórnarskránni – þó aðallega I. II. og V. kafla hennar, þ.e.a.s. kafla sem fjalla um forsetaembættið og skipan dómsvaldsins. Þó er ekkert í skipunarbréfi nefndarinnar, sem beinlínis bannar henni að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni, ef svo ber undir.

Eins og kunnugt er var það eftir hinar hatrömu deilur í fyrrasumar, fyrst um fjölmiðlafrumvarp Davíðs Oddssonar og í framhaldi af því deilunni um málskotsrétt forseta í 26. grein stjórnarskrárinnar, sem ákveðið var að koma nefnd þessari á laggirnar. Því er ekki nema eðlilegt að menn tortryggi tilgang forystumanna ríkisstjórnarinnar með skipan nefndarinnar og telji dulda undirrót og markmið þessarar endurskoðunar vera þá að svipta forsetaembættið því valdi í framtíðinni að geta synjað lögum undirskriftar og knýja með því fram þjóðaratkvæði um tiltekið deilumál. Að 26. greininni óbreyttri munu handhafar valdsins í framtíðinni ekki komast upp með það öðru sinni að skjóta sér undan skýrum fyrirmælum stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæði.

Það vekur hins vegar vonir um að vinna nefndarinnar skili jákvæðum árangri, hún hefur ákveðið að starfa fyrir opnum tjöldum og kveðja sér til liðsinnis félagasamtök og áhugamannahópa, sem allir eru frjálsir að því að koma tillögum til breytinga á framfæri við nefndina. Um 20 mismunandi hópar tóku þátt í fyrrgreindu málþingi og er óhætt að segja, að taki nefndin tillit til þeirra tillagna, sem þeir lögðu fram, þá verður öll stjórnarskráin undir, en ekki bara þeir kaflar sem forsætisráðherra lagði áherslu á í skipunarbréfinu.

Nefndinni er ætlað að skila áliti fyrir árslok 2006. Nái hún samkomulagi um breytingar, og fái þær breytingar samþykki Alþingis, verða þær til umræðu við alþingiskosningar vorið 2007, og öðlast gildi eftir að nýtt þing hefur samþykkt þær öðru sinni.

Því er ekki við að búast að róttækustu tillögurnar finni náð fyrir augum nefndarinnar, en þær eru: Að framvegis verði kosið um stjórnarskrárbreytingar í þjóðaratkvæðagreiðslu og að kvatt verði til sérstaks stjórnlagaþings eða þjóðfundar sem fái það hlutverk að setja lýðveldinu Íslandi stjórnarskrá við hæfi þeirra tíma sem við lifum á. Fengju þessar tillögur hljómgrunn yrðu þetta einu breytingar sem gerðar yrðu á stjórnarskránni í þessari lotu og raunveruleg vinna við stjórnarskrársamningu gæti svo hafist á næsta kjörtímabili.

Það er hins vegar ekki raunhæft að ætla annað en að þessi stjórnarskrárnefnd reyni nú að ná samkomulagi um breytingar sem svo fari í dóm þjóðarinnar með þeim hætti sem nú er mælt fyrir um í gildandi stjórnarskrá: Samþykki tveggja þinga með alþingiskosningum í milli, þannig að ekki yrði kosið sérstaklega um breytingarnar heldur blönduðust þær inn í hina almennu þjóðmálabaráttu.

Þá hlýtur sú spurning að vakna, hvaða breytingar á stjórnarskránni núverandi stjórnarflokkar vilji að blandist inn í næstu kosningabaráttu flokkanna. Mun þeim þykja sigurstranglegt að ganga til kosninga sameiginlega undir því merki að svipta forsetaembættið þeim málskotsrétti til þjóðarinnar sem felst í núverandi 26. grein og bjóða í staðinn að efna megi til þjóðaratkvæðis að kröfu tiltekins fjölda þingmanna, eða með undirskriftum tiltekins fjölda kjósenda?

Að áliti þeirra þingmanna sem að samningu þessa ákvæðis komu á þinginu 1944 var þetta ákvæði óhjákvæmilegt sem tákn þess að allt vald sé komið frá þjóðinni. Þjóðhöfðinginn undirskrifar lög í hennar nafni sem eini þjóðkjörni embættismaðurinn, kosinn með jöfnu vægi atkvæða allra þegna landsins sem eins kjördæmis. Synji hann lögum undirskriftar ganga þau lög til þjóðarinnar til samþykkis eða synjunar. Þetta ákvæði er jafnframt eini valdhemillinn á störf Alþingis, eina hindrunin gegn því að hér ríki algert þingveldi (eða í reynd algert einveldi foringja þingmeirihlutans hverju sinni).

Mér hefur sýnst þjóðin skynja þetta á undanförnum árum og áratugum. Og þjóðinni þykir vænt um embætti forsetans og hefur ávallt reynt að standa vörð um að vegur þess og virðing verði ekki skert. Ég held því, að ekki sé vænlegt fyrir núverandi stjórnarflokka að láta kjósa um afnám 26. greinarinnar í næstu kosningum, jafnvel þótt þeir bjóði aðrar leiðir til að knýja fram þjóðaratkvæði. Þær mega gjarnan koma til viðbótar málskotsrétti forsetans – en ekki í staðinn fyrir hann.

Að svo mæltu óska ég nefndinni allra heilla í þýðingarmiklu starfi sínu. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Nú geta allir eignast Rúm með vaxtalausum greiðslum

Dupen rúmin fást eingöngu í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

COLCHON DUPEN

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá á mánuði	stgr.
90 x 200	2.999*kr	35.988.-
120 x 200	3.999*kr	47.988.-
150 x 200	4.999*kr	59.988.-
180 x 200	5.999*kr	71.988.-
Stillanleg rúm	5.999*kr	71.988.-

Sængurverasett
100% bómullarsatín
hvítt, drapp, vínrautt, d.blátt
2.699kr

25% afsláttur
af rúmgöflum og rúmgrindum



Gildir til 21. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Bráðabirgðalækningar Kristins H. Gunnarssonar

UMRÆÐAN
BREYTINGAR Á FISKVEIÐISTJÓRNUNARKERFI

ÖRVAR MARTEINSSON

Á sjómannadaginn sagði þingmaður Framsóknarflokksins, Kristinn H Gunnarsson, í ræðu sinni á Patreksfirði að rétt væri að stokka fiskveiðistjórnkerfið rækilega upp. Einnig að hann teldi að 20 þúsund tonna kvóta ætti að ráðstafa til sjávarbyggða sem standa höllum fæti. Enn fremur sagði hann að kvótakerfið væri kerfi sem gerði nýliðun í greininni afar erfitt fyrir.

Gott og vel. Um fiskveiðistjórnkerfi það sem Íslendingar búa við eru skiptar skoðanir en flestir eru þó sammála um að veiðunum verði að stjórna og þá dugi ekki eitt í dag og annað á morgun.

Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja, hvort sem þau eru stór eða smá, byggist að stóru leyti á því að hægt sé að horfa til framtíðar, vissu fyrir að fjárfesting sé ekki til einskis og að hægt sé að skapa nægileg verðmæti með fjárfestingunni til að hafa fyrir fjármagnskostnaði og launum.

Ef Kristinn telur að kvótakerfið geri nýliðun erfitt fyrir þá ætti hann að athuga hvað tillögur þær sem hann kastar fram gera þeim sem eru að reyna að byrja útgerð.

Segjum að tillögur um 20 þúsund tonna sérstakan aðstoðarkvóta nái fram að ganga. Þá þýðir það að til þess þurfi rúm tíu prósent af ráðlögðum kvóta næsta kvótaárs (byggðakvóti hefur yfirleitt verið talinn í þorski). Það þýðir að auk skerðingar þeirrar sem Hafró hefur lagt til rýrnar kvóti þeirra sem stunda útgerð um rúm tíu prósent. Hafi einhver byrjað rekstur báts nú í vetur og keypt sér 100 tonna kvóta mun fjárfesting hans rýrna fyrst um 3,5 tonn (til verndar stofninum) og svo um tíu tonn að auki. Hann hefur þá tapað u.þ.b. sextán milljónum á einum kvótaáramótum, þar af um þrettán vegna byggðakvóta Kristins. Það er varla hvetjandi til nýliðunar.

Víða eru sjávarbyggðir í vanda staddar og þar spilar hátt gengi krónunnar stórt hlutverk. Uppbygging stóriðjunnar skapar vissulega vandamál. Hins vegar væri það röng stefna að hamla uppgangi í einni byggð til að önnur haldi í horfinu. Eins eru hugmyndir um að taka tíu prósent af úthlutuðum kvóta af einum til að gefa öðrum ekki til þess fallnar að leysa vanda sjávarútvegsins. Það er eins og að lækna höfuðverk með því að höggva hausinn af. Það er nefnilega vandséð að þær byggðir sem standa betur en þær sem Kristinn vill bjarga þoli tíu prósent skerðingu ofan á það sem Hafró leggur til. Sennilegast yrði bráðabirgðalækning Kristins frekar til þess að sjúklingunum myndi fjölga verulega.

Í Fréttablaðinu 10. júní spyr Kristinn hvort það sé eðlilegt að allur kvóti fari frá Stöðvarfirði til Dalvíkur eða frá Ísafirði til Akureyrar og hvort það sé lögmál sem ekki megi hrófla við. Það er það ekki og getur eins farið á hinn veginn. Það eru hins vegar lög að ef maður í Borgarfirði kaupir kvígu frá Skagaströnd þá verður hún ekki af honum tekin og flutt aftur norður ef illa árar í búskap þar.

Það hamlar nýliðun í sjávarútvegi ef sá sem kaupir togara, vertíðarbát eða trillu og aflaheimildir til að reka sitt fyrirtæki, hefur alltaf hangandi yfir sér að fjárfestingin verði tekinn í burt og sjáist aldrei aftur.

Höfundur er smábátasjómaður í Snæfellsbæ.

Ómerkileg Samfylking

UMRÆÐAN
SAMFYLKINGIN OG SALA RÍKISBANKANNA

HJÁLMAR ÁRNASON

Um þessar mundir verður þjóðin vitni að einu ómerkilegasta lýðskrumi sem um getur. Forysta stjórnarandstöðunnar (með nokkrum fótgönguliðum) fer hamförum í rógsherferð sinni, einkum gegn Halldóri Ásgrímssyni og Framsóknarflokknum. Tilgangur þessa er að hasla sér völl á miðju íslenskra stjórnmála – þar sem Framsóknarflokkurin er fyrir. Í stað þess að beita málefnalegum rökum og ræða málin af einurð og með rökum þá grípur þetta fólk til þess óyndisúrræðis sem rógur og níð kallast. Sökum er beint að einstaklingum með hálfkveðnum vísum og dylgjum. Hin hefðbundnu vopn stjórnarandstöðu þar sem málefnaleg rök eru látin tala víkja fyrir vélráðum hinnar lífsseigu Gróu á Leiti. Í því góðæri, sem þjóðin upplifir, hefur stjórnandstaðan játað sig sigraða fyrir málefnum og verkum en grípur þess í stað til örvæntingar rógsins og lyganna.

1200 milljarðar í útlöndum!

Mikil umræða hefur átt sér stað um sölu ríkisbankanna. Langar ræður hafa verið settar á sölum Alþingis, enn lengri greinar ritaðar og hefur þar sitt sýnst hverjum. Virða ber sjónarmið þeirra sem lögðust gegn sölu bankanna. Þó ég sé ósammála þeim skoðunum þá virði ég þær. Staða bankanna í dag sýnir svo ekki verður um villst að ákvörðunin var rétt. Útrás bankanna hefir lagt grunn að sókn íslenskra fyrirtækja inn á erlenda markaði með þeim afleiðingum að Íslendingar eiga um 1200 milljarðar króna (1,2 billjónir) í erlendum fjárfestingum. Þessi sókn er að skila sér m.a. í bættum lífskjörum. Frammistaða Samfylkingarinnar í þessum málum er hins vegar kapituli út af fyrir sig. Málflutningur talsmanna hennar í þessum málum einkennist nefnilega af áðurnefndum rógsaðferðum og dylgjum.

Sannleikurinn skiptir þá engu.

Athygli skal vakin á því að Ríkisendurskoðun hefur ítrekað fjallað um sölu bankanna. Gefin hefur verið út skýrsla á hennar vegum, hún rædd, skoðuð og könnuð. Þar kemur fram að allar helstu ásakanir SF eru hraktar. Eiga sér enga stoð í veruleikanum. Sú niðurstaða skiptir þetta fólk engu máli. Áfram heldur rógurinn og dylgjurnar að blómstra. Síðasta útspilið – þegar allt um þrýtur er að nánast þjófkenna Halldór Ásgrímsson og fjölskyldu hans. Og ef svo fer að Ríkisendurskoðun hrekur þá samsæriskenningu einnig hefur formaður SF vaðið fyrir neðan sig og lýsir yfir efasemdum um að Ríkisendurskoðun sé rétti aðilinn til að fjalla um málið. Í fyrsta lagi er ásökunin um vanhæfi Ríkisendurskoðunar grafalvarleg. Formaðurinn þarf að færa rök fyrir því af hverju hann vantreysti stofnuninni. Ríkisendurskoðun var sett á laggirnar til þess að Alþingi gæti látið skoða mál af réttsýni og sanngirni – leita sannleikans í einstökum málum. Nú hefur Ingibjörg Sólrún dregið í efa trúverðugleika þessarar mikilvægu stofnunar. Sannleikurinn skiptir hana litlu. Er þetta hin gegnsæja stjórnsýsla formannsins nýja. Er sannleikurinn best höndlaður í málflutningi SF?

Farið að ráðum óháðra aðila.

Staðreyndir bankamálsins eru einfaldar: Erlent ráðgjafafyrirtæki (sem á engra hagsmuna að gæta) fer yfir tilboðsgjafa. Að þeirri skoðun lokinni er mælt með því að Samson annars vegar og S-hópurinn hins vegar kaupi bankana. Einkavæðingarnefnd fer að ráðum hins erlenda ráðgjafafyrirtækis. Ráðherranefnd um einkavæðingu staðfestir það mat. Verðið reynist vera á heldur hærra gengi en bréf í bönkunum voru að seljast á um það leyti sem salan fór fram.

Hin hefðbundnu vopn stjórnarandstöðu þar sem málefnaleg rök eru látin tala víkja fyrir vélráðum hinnar lífsseigu Gróu á Leiti. Í því góðæri, sem þjóðin upplifir, hefur stjórnandstaðan játað sig sigraða fyrir málefnum og verkum en grípur þess í stað til örvæntingar rógsins og lyganna.

Þetta er kjarni málsins. Þetta staðfestir Ríkisendurskoðun. Þetta vita hinir „sannleikselskandi“ talsmenn Samfylkingarinnar. En sannleikurinn hentar þeim ekki. Hefði ráðherranefndin ákveðið annað en ráðgjafar lögðu til væri full ástæða til að krefjast svara. Þá væri ástæða til tortryggni. Ásakanir SF eru hraktar. Þess vegna finnst ISG og SF eðlilegt að láta aðra en Ríkisendurskoðun um að skoða hinar alvarlegu ásakanir þeirra á hendur Halldóri Ásgrmssyni. Þau ein kunna að segja satt og rétt frá. Einhvern tíma var talað um skítlegt eðli. Þau orð koma oft upp í huga minn um þessar mundir.

Höfundur er alþingismaður.

Lögreglukylfan og penninn

UMRÆÐAN
SVAR VIÐ ÁDREPU GUÐMUNDAR ANDRA THORSSONAR

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Til er fólk, sem skrifar eina ritgerð í fræðileg tímarit annað hvort ár og hefur lítið annað að gleðjast yfir í lífinu en það, að vísað sé til þess í neðanmálsgreinum. Mér var útlátalaust að sýna þessu neðanmálsfólki virðingu.

Vonbrigðin skinu út úr grein þeirri, sem Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur skrifaði hér í blaðið á mánudaginn vegna þess, að Héraðsdómur vísaði í síðustu viku frá máli erfingja Halldórs Kiljans Laxness gegn mér. Þeir höfðu krafist opinberrar refsingar ásamt miskabótum og skaðabótum, af því að ég gerðist svo djarfur að nýta mér minningabrot skáldsins í ævisögu hans. Guðmundur Andri huggaði sig við það, að úrskurður Héraðsdóms væri ekki efnislegur, heldur snerist um það, að málið væri stórlega vanreifað af hálfu erfingjanna. Eftir væri að fá úr því skorið, hvort vinnubrögð mín væru „í lagi“. Það kemur á óvart að heyra slíkan tón frá rithöfundi. Jafnvel þótt vinnubrögð mín væru ekki „í lagi“ að einhverra dómi, þarf það auðvitað ekki að merkja, að ég hafi brotið lög. Það er eitthvað óviðkunnanlegt við það, þegar einn rithöfundur óskar þess, að dómstólar skipi öðrum fyrir um það, hvernig hann eigi að skrifa. Fer penni ekki betur í hendi rithöfundar en lögreglukylfa?

Blaðamaður Markaðarins hafði samband við forsvarsmenn Frjálsa, Kauphallarinnar og SS í gær og fyrradag og spurði af hverju tilkynning um viðskiptin hefði ekki borist til Kauphallarinnar. Vakin er athygli á því að samkvæmt reglugerð um útgefendur, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll ber eigenda verðbréfa, sem ræður yfir verulegum eignarhlut, að tilkynna það þegar í stað til félagsins og Kauphallarinnar. Brugðist var fljótt við þessari fyrirspurn því í gær sendi Frjálsi frétt til Kauphallarinnar um viðskiptin í SS.

Kristinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Frjálsa, telur að menn þar á bæ hafi einfaldlega gleymt að tilkynna um eigendaskiptin en viðskiptin áttu sér stað fyrir þremur mánuðum síðan.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, kannaðist ekki við þetta mál en sagði að Kauphöllin myndi kanna vandlega hvernig málið væri vaxið.

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN Frjálsi tilkynnti markaðnum um yfirtöku á hlutabréfum í eigu Svínabúsins Brautarholti í SS tæpum þremur mánuðum eftir eigendaskiptin.

Í þessu tilviki hefur Sláturfélagið haft upplýsingar um eigendaskiptin, enda er Frjálsi fjárfestingarbankinn skráður sem stærsti eigandi í B-deild stofnsjóðs þann 4. apríl síðast liðinn. Samkvæmt fyrrnefndri reglugerð er það þó á ábyrgð Frjálsa að tilkynna um eigendaskiptin.

Markaðsvirði SS er ekki nema 240 milljón króna virði þrátt fyrir að eigið fé félagsins sé fimm sinnum meira. Hlutur Frjálsa í SS er því um 70 milljóna króna virði.

Atlantic Petroleum:

Dreift eignarhald

Hlutafé í færeyska olíufélaginu, Atlantic Petroleum sem verður skráð í Kauphöllina í dag, er mun dreifðara en þekkist meðal íslenskra hlutafélaga. Tíu stærstu hluthafarnir í félaginu eiga um 49 prósent en enginn einn hluthafi á yfir tíu prósent. Eignarhaldsfélagið P/F 14 er stærsti hluthafinn með um 8,7 prósenta hlut.

Hluthafar í félaginu eru um 3.000 talsins. Meðal stærstu hluthafa eru kunnugleg nöfn eins og Smyril Line, Föroya bjór og KB banki sem hefur umsjón með skráningunni.

Stjórnendur, stjórnarmenn og aðilar þeim tengdir eiga um fimmtán prósent í færeyska félaginu. **- eþa**

Útrásarvísitalan hækkar:

Mest hækkun á easyJet

Útrásarvísitala Markaðarins hækkaði um eitt prósent milli vikna. Mestur munur um gengishækkun easyJet er um 14 prósent. Einnig hækkar Finnair um 2,4 prósent, Intrum Justitia um 2,1 prósent og Carnegie um 1,3 prósent. Útrásarvísitalan hækkar um leið og gengi krónunnar er að veikjast. Low & Bonar lækkar mest milli vikna eða um 11 prósent og NWF kemur þar á eftir með sjö prósenta lækkun. **Sjá nánar síðu 6**

Hlutabréf hækka í Noregi

Aðalvísitala norsku kauphallarinnar sló met í gær. Fór hún upp í 273 stig og hefur því hækkað um fimmtán prósent á árinu. Hækkunin hefur verið mikil síðustu dagana vegna mikilla viðskipta í fjármálafyrirtækjum, orku- og olíufyrirtækjum og sjávarútvegsfélögum. Olíu- og orkufélögin DNO, PA Resources og CanArgo Energy hafa öll hækkað talsvert á undanförnum dögum. **- eþa**

FRÉTTIR VIKUNNAR

Lítill hagvöxtur | Hagvöxtur á Íslandi var á fyrsta ársfjórðungi 2,9 prósent og hefur ekki verið minni síðan 2002. Hagvaxtarspá Seðlabankans fyrir árið hljóðaði upp á tæp sjö prósent og segja sérfræðingar að ekki verði hjá því komist að endurskoða spána.

Steinunn seldi | Steinunn Jónsdóttir hefur selt 4,11 prósenta hlut sinn í Íslandsbanka til Burðaráss.

Aukadagur í gagnaherbergi | Einkavæðingarnefnd íhugar nú að veita þeim tólf aðilum sem eiga þess kost að skila bindandi kauptilboðum í Símann aukadag í svokölluðu gagnaherbergi. Í herbergjunum eru upplýsingar um rekstur Símans og fengu bjóðendur fimm daga til að kynna sér gögnin.

Allt í góðu | Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir frammistöðu íslenska hagkerfisins eftirtektarverða en telur þó stóriðjuframkvæmdir valda sveiflum í hagkerfinu. Verkefni stjórnvalda sé að koma á stöðugleika.

Evrópskur ofurbanki | Ítalski bankinn Unicredito hefur tekið yfir hinn þýska HVB-banka. Yfirtakan er sú stærsta í Evrópusögunni og segja forsvarsmenn Unicredito að við þetta verði til fyrsti evrópski ofurbankinn.

Útboð Mosaic | Hlutabréf í Mosaic Fashions seldust fyrir rúmlega tíu milljarða króna og er það tæplega níu sinnum hærri upphæð en í boði var. Forsvarsmenn fyrirtækisins segjast himinlifandi.

Wolfowitz í Afríku | Yfirmaður Alþjóðabankans ferðast nú um Afríku og freistar þess að sannfæra ráðamenn um að málefni álfunnar séu honum efst í huga.

FL Group heldur áfram að hækka

Orðrómur er í Bretlandi um yfirtöku FL Group á easyJet.

Dögg Hjaltalín
skrifar

Gengi FL Group hefur hækkað um átta prósent á síðustu vikum og um tæp 50 prósent frá áramótum. Gengi easyJet hefur að sama skapi hækkað mikið að undanförnu og má rekja það til orðróms sem er á kreiki um að Icelandair hyggist yfirtaka félagið. Breskir fjölmiðlar hafa áður fjallað um það að FL Group hafi hug á að yfirtaka félagið. Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, vill ekki tjá sig um málið.

Í kjölfar kaupa Icelandair á 10 prósenta hlut hitti Hannes Smárason aðaleigenda easyJet að máli . Varð það til þess ýta enn frekar undir orðróm um áhuga FL Group á yfirtöku.

Í Sunday Times er mælt með því að halda bréfum í easyJet og rifjuð upp orð aðaleiganda þess, grikkjans Stelios. „Takið eftir sætisbeltaskiltunum því þið munið líklega sjá mikla ókyrrð í gengi félagsins þegar það sveiflast milli 120 pensa á hlut og 400 pensa á hlut á næstu árum." **- dh**

FL GROUP OG EASYJET HÆKKA VEGNA ORÐRÓMS Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Icelandair, og Hannes Smárason stjórnarformaður.

6,8%* Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 02.05.2005–01.06.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og úrdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	-4%	2%
Atorka	-1%	1%
Bakkavör	0%	46%
Burðarás	-1%	22%
Flaga Group	-7%	-25%
FL GROUP	8%	58%
Íslandsbanki	1%	21%
Kaupþing Bank	-1%	19%
Kögun	-2%	28%
Landsbankinn	2%	38%
Marel	0%	14%
Og fjarskipti	1%	27%
Samherji	0%	9%
Straumur	3%	29%
Össur	1%	2%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Lítill hagvöxtur

Hagvöxtur á Íslandi er langt undir væntingum. Sérfræðingur segir að endurskoða þurfi hagvaxtarspár.

Hagvöxtur var á fyrsta ársfjórðungi 2,9 prósent og er það minnsti hagvöxtur sem mælst hefur á einum ársfjórðungi frá árinu 2002, segir á vef greiningardeildar Íslandsbanka.

Hagvöxturinn er lítill í samanburði við spár fyrir árið, en Seðlabankinn spáði 6,6 prósent hagvexti og fjármálaráðuneytið 5,5 prósent. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir að ljóst sé að endurskoða þurfi hagvaxtarspár í ljósi þessara talna: „Þetta er vísbending um hægari hagvöxt en þessar spár gerðu ráð fyrir“. Hann segir tölurnar sýna hið mikla ójafnvægi sem sé í hagkerfinu: „Viðskiptahallinn er í sögulegum hæðum og eftirspurn innanlands mikil. Hátt gengi krónunnar gerir það svo að verkum að samdráttur er í þeim greinum sem eiga sitt undir erlendri eftirspurn. Það er mikið ójafnvægi í hagkerfinu“.

Dregið hefur úr hagvexti frá síðasta fjórðungi ársins 2004 þegar hann reyndist 4,2 prósent, en mestur reyndist hann í fyrra sjö prósent á þriðja ársfjórðungi. - jsk

FERÐAMENN Í REYKJAVÍK Ójafnvægi er í hagkerfinu og gerir hátt gengi krónunnar það að verkum að samdráttur er í þeim atvinnugreinum sem eiga sitt undir erlendri eftirspurn.

Greiða fyrir Eimskip

Avion Group lýkur við að fjármagna kaupin á Eimskipafélagi Íslands í dag. Í kaupsamningnum var gerður fyrirvari um að fjármögnunin takist innan fjórtán daga. Magnús Stephensen, yfirmaður fjárfestatengsla hjá Avion, segir að þetta muni ganga eftir.

Avion greiðir 12,7 milljarða króna með peningum fyrir hlut Burðarás í félaginu og 8,9 milljarða með hlutabréfum í Avion Group. Síðari hlutinn skal greiðast eigi seinna en í janúar á næsta ári þegar Avion verður skráð á markað – gangi allt eftir. – bg

Hagkerfið í góðu lagi

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins telur frammistöðu hagkerfisins eftirtektarverða. Engu að síður valdi stóriðjuframkvæmdir sveiflum í hagkerfinu.

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir frammistöðu íslenska hagkerfisins eftirtektarverða, kom þetta fram í áliti Bens Hunt formanns nefndarinnar. Nefndin hefur dvalið hér á landi undanfarna daga og átt fundi með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs.

Hagstjórn Seðlabankans var hrósað og stefnu ríkisstjórnarinnar, sem sögð var hafa lagt grunninn að stöðugum hagvexti. Nefndin taldi áhrif stóriðjuframkvæmda í heildina jákvæð en framkvæmdir hefðu þó stuðlað að ójafnvægi í hagkerfinu. Nefndin taldi að meginmarkmið stjórnvalda ætti að vera að koma á efnahagslegum stöðugleika. Til þess væri þörf á meira aðhaldi en fælist í fjárlögum ársins 2005.

SENDINEFND ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS Hrósaði Seðlabankanum og ríkisstjórninni. Leggur þó til að skattalækkunum verði slegið á frest þar til stóriðjuframkvæmdum lýkur.

Lagði nefndin til að skattalækkunum yrði slegið á frest og að reynt yrði að halda aftur af neyslu þar til stóriðjuframkvæmdum væri lokið. -jsk

Vilja viðbótargögn vegna sölu Símans

Fjárfestar fái aukadag í gagnaherbergi.

Verið er að skoða það innan einkavæðingarnefndar að gefa þeim tólf aðilum, sem eiga þess kost að skila inn bindandi kauptilboði í Símann, að fá aðgang að svokölluðu gagnaherbergi Símans einn dag í viðbót í lok ferilsins sem nú stendur yfir. Í þessu herbergi eru skrár með mikilvægum upplýsingum úr rekstri Símans sem hver fjárfestahópur fær aðgang að í fimm daga. Fyrstu þrír hóparnir voru alla síðustu viku að yfirfara þessi gögn og nú eru aðrir þrír hópar þar að störfum.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, segir að þessi viðbótardagur geti komið til eftir að þessu ferli er lokið og hóparnir hafi átt viðtöl við framkvæmdastjórateymi Símans. Þá hafi menn tækifæri til að tékka af gögn sem þeir þegar hafa aflað sér. Einnig sé hugsanlegt að viðbótargögn verði lögð fram, eins og áreiðanleikakönnun sem fyrirtækið Landwell vann fyrir Símann. Hafa fjárfestar meðal annars kallað eftir þeirri skýrslu.

HÖFÐABORG FJÁRFESTA Ráðgjafar fjárfesta dvelja í húsi ríkissáttasemjara í Borgartúni við að yfirfara gögn Símans.

Jón segir ekki rétt að skila inn viðbótargögnum á þessu stigi því allir bjóðendur verði að sitja við sama borð. – bg

Bauðst hlutur Steinunnar

Stjórnarformanni Íslandsbanka bauðst að kaupa fjögurra prósenta hlut Steinunnar Jónsdóttur í Íslandsbanka. Ekki var gengið að tilboðinu og seldi hún þá Burðarási hlutinn.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Náðst hafði samkomulag um það, á milli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs Group, og Þórðar Más Jóhannessonar, forstjóra Straums fjárfestingarbanka, í maí síðast liðnum að Straumur myndi selja hlut sinn í Íslandsbanka til nýs eignarhaldsfélags samkvæmt heimildum Markaðarins. Karl Wernersson, stjórnarmaður í Íslandsbanka og annar stærsti hluthafinn á eftir Straumi, átti að eiga meirihluta í nýja félaginu. Jón Ásgeir og fleiri áttu að eiga minnihluta og var FL Group, undir forystu Hannesar Smárasonar, nefnt í því samhengi.

Þessu neita Straumsmenn staðfastlega. Þeir segja ekkert samkomulag hafa verið í gildi. Viðræður Þórðar Más og Jóns Ásgeirs hefðu vissulega farið fram en þegar rætt var um sölu á bréfum Straums hefði svarið alltaf verið neikvætt. Þetta hafi ekki einu sinni verið rætt í stjórn Straums.

Það var samt með fullvissu fyrir því, að þetta samkomulag gilti, að Karl Wernersson ákvað að upplýsa sína nánustu samstarfsmenn um þessi áform. Fer hann því á fund Steinunnar Jónsdóttur, sem situr með honum í stjórn Íslandsbanka, ásamt stjórnarmönnunum Einari Sveinssyni og Jóni Snorrasyni. Samkvæmt heimildum Markaðarins var markmið fundarins einungis að setja Steinunni inn í málið en ekki falast eftir fjögurra prósenta hlut hennar í Íslandsbanka.

Viðmælendur Markaðarins segja að viðbrögð Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, föður Steinunnar, hefðu verið harkaleg þegar hann frétti af efni fundarins daginn eftir. Tengja flestir það við að Hannes Smárason, sem er fyrrverandi eiginmaður Steinunnar, hafi verið nefndur í þessu sambandi. Í kjölfarið gerist tvennt; Steinunn ákveður að selja hlut sinn í Íslandsbanka og hætt er við sölu Straums á hlut sínum í Íslandsbanka.

Straumi og Einari Sveinssyni, stjórnarformanni Íslandsbanka, var boðið að kaupa hlut Steinunnar. Ákveðið var að hann breytti ekki valdahlutföllum í bankanum og því ekki réttlætanlegt að borga yfirverð fyrir fjögur prósent í Íslandsbanka. Þetta var sunnudaginn 5. júní. Eftir það var hluturinn seldur Burðarási, sem lýtur stjórn Landsbankamanna, fyrir 7,3 milljarða króna 8. júní. Sjá fréttaskýringu bls. 10

Fréttablaðið/Pjetur

BJARNI ÁRMANNSSON OG EINAR SVEINSSON Bjarni keypti stóran hlut af Jóni Helga Guðmundssyni í Íslandsbanka. Dóttir Jóns, Steinunn Jónsdóttir, bauð Einari Sveinssyni að kaupa sinn hlut síðar en menn töldu ekki nauðsynlegt að borga yfirverð fyrir fjögurra prósenta hlut í Íslandsbanka.

Bræðurnir Ormsson kaupa

Bræðurnir Ormsson hafa keypt Vörukaup, sem versla með aukahluti í kælikerfi. Er það stærsta sinnar tegundar á landinu. Kaupverð trúnaðarmál.

Bræðurnir Ormsson hafa fest kaup á heildsölunni Vörukaup. Vörukaup hafa sérhæft sig í aukahlutum fyrir kælikerfi og er stærsta fyrirtæki landsins á þeim markaði.

Gunnar Örn Kristjánsson, stjórnarformaður Bræðranna Ormsson, staðfestir að fyrirtækið hafi fest kaup á Vörukaupum. Hann segir þó að ekki verði gerðar neinar róttækar breytingar á rekstrinum: „Rögnvald Erlingsson sem við keyptum Vörukaup af verður framkvæmdastjóri. Fyrirtækið er vel rekið og engin ástæða til breytinga“. Kaupverð fæst ekki upp gefið. -jsk

BRÆÐURNIR ORMSSON Hafa keypt heildsöluna Vörukaup en hyggjast ekki gera neinar róttækar breytingar á rekstrinum.

Við færum þér fjármálaheiminn
E*TRADE
Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

Við erum til...

Áræðni, þekking og samstillt átak eigenda og stjórnenda hefur gert Exista ehf. að öflugu fjárfestingarfélagi sem stefnir á aukin umsvif. Félagið leggur meginháherslu á að vera kjölfestufjárfestir innan valinna atvinnugreina. Með það í huga skoðum við fjárfestingarkosti jafnt hér á landi sem erlendis.

Ef kosturinn er álitlegur, þá erum við til.

www.exista.is

Exista ehf.
Tjarnargata 35
101 Reykjavík
Sími 550 8600
Fax 550 8699

Pálmi úr leik

Pálmi kaupir ekki litháiskt ríkisflugfélag.

Félag Pálma Haraldssonar, sem meðal annars á Iceland Express og danska flugfélagið Sterling, keppir ekki lengur um að kaupa ríkisflugfélagið Lithuanian Airlines í Litháen.

Upphaflegt tilboð hans í flugfélagið reyndist ekki nógu hátt samkvæmt heimildum Markaðarins.

Sagt var frá því á fréttaveitunni Bloomberg í síðustu viku að einkavæðingarnefndin í Litháen hefði framlengt tilboðsfrest í ríkisflugfélagið til dagsins í dag. Samkvæmt fréttinni fékk Pálmi ásamt þremur litháiskum bjóðendum tækifæri til að hækka kauptilboð sín. Fréttin reyndist ekki rétt hvað varðar Pálma því hann fékk ekki að halda áfram í tilboðsferlinu.

Haft var eftir embættismönnum í landinu að lágmarksverðið væri um 200 milljónir króna og kvaðir á kaupanda að endurnýja flugflotann næstu tvö árin. – bg

Hive inn á símamarkað

Forsvarsmenn fyrirtækisins telja að ný samkeppni muni lækka verð til neytenda og benda á reynsluna úr netheimum.

Fjarskiptafyrirtækið Hive undirbýr að bjóða viðskiptavinum bæði upp á heimasíma og farsímaþjónustu á næstu misserum.

Heimasíminn verður svokallaður IP sími sem nýtir Internetið til að flytja símtölin en notandinn sjálfur verður ekki var við neina breytingu aðra en þá, að sögn Þorsteins Baldurs Friðrikssonar, markaðsstjóra Hive, að símreikningurinn snarlækkar.

„Við byrjum á heimasímaþjónustu sem byggir á netsímatækni og fólk getur fengið símtöl bæði innanlands og til útlanda á miklu lægra verði en áður hefur þekkst," segir Þorsteinn Baldur. Þá íhugar Hive að bjóða farsímaþjónustu í kjölfar aðkomu félagsins að heimasímamarkaðnum.

Að sögn Þorsteins Baldurs hefur kostnaður við ADSL netþjónustu lækkað um sjötíu prósent frá því Hive byrjaði að bjóða upp á slíka þjónustu í lok síðasta árs. Hann segist þess fullviss að innreið Hive á símamarkað muni einnig hafa verulega verðlækkun til neytenda í för með sér. - þk

ÞORSTEINN BALDUR FRIÐRIKSSON Markaðsstjóri Hive segir fyrirtækið stefna á að bjóða heimasíma og farsímaþjónustu.

BAUGUR SELUR Söluhagnaður Baugs Group af tíu prósenta hlut í LXB er tveir milljarðar.

Söluhagnaður um tveir milljarðar

Baugur, Tom Hunter og HBOS selja fasteignafélagið LXB

Breska fasteignafélagið Land Securities hefur keypt fasteignafélagið LXB sem er meðal annars í eigu Baugs Group, Halifax Bank of Scotland og skoska athafnamannsins Tom Hunters. Kaupverðið er um 43 milljarðar króna. Gengishagnaður Baugs af viðskiptunum, að meðtöldum arðgreiðslum, nemur tæpum tveimur milljörðum króna samkvæmt heimildum Markaðarins. Eigendur félagsins ganga því frá fjárfestingunni með tuttugu milljarða hagnað.

Baugur eignaðist tíu prósenta hlut í LXB árið 2003 og borgaði einn milljarð fyrir hlutinn.

Helstu eignir LXB eru verslunarmiðstöðvar og stórmarkaðir í norðvestur- og suðaustur-Bretlandi, þar á meðal í London. - eþa

Ýsan hækkar mikið

Kvótaverð í hámarki. Hækkunin er einkum í krókaaflamarkinu. Þorskurinn fylgir í humátt á eftir ýsuni.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Kvótaverð er á uppleið, einkum innan krókaaflamarksins. Innan varanlegra aflahlutdeilda hefur verð á þorski hækkað úr 1.300 krónum á hvert kíló í 1.400 krónur. Á sama tíma hefur verð á ýsu hefur hins vegar hækkað mun meira eða úr 350 krónum í 480 krónur. „Ýsan hefur hækkað skarpt vegna væntinga um auknar veiðiheimildir," segir Árni Guðmundsson, skipa- og kvótasali. Hann býst við að líklegur niðurskurður í þorskveiðum á næsta fiskveiðiári muni ekki hafa mikil áhrif á verðmyndun á þorskkvóta.

Ufsi og steinbítur hafa lítið breyst í verði en skötuselur hefur hækkað upp í eitt þúsund krónur kílóið og gæti haldið áfram að hækka.

Verð á kvóta í krókaaflamarkinu hefur hækkað mikið í fjörlegum viðskiptum. Þorskurinn hefur hækkað frá því í haust um 220 krónur á kílóið en ýsan hefur hækkað um þriðjung á sama tíma, úr 270 krónum í 360. „Margir hafa verið að færa sig úr varanlega aflamarkinu í varanlegan krókaafla. Það myndaðist mikill þrýstingur þegar lögum um dagróðarbáta var breytt og eigendum bátanna leyft að stækka þá upp í fimmtán tonn. Þess vegna eru margir að bæta við sig kvóta vegna frekari sóknar," segir Árni.

Hann segir að leigumarkaður með kvóta sé nokkuð stöðugur og lítið beri á þeirri spennu sem oft einkenndi markaðinn í gamla daga. Aftur á móti er skiptimarkaður með kvóta líflegur.

Markaðurinn/Valli

KVÓTINN HÆKKAR Í VERÐI Kvótaverð á þorski og ýsu hefur hækkað nokkuð frá fyrra hausti, einkum ýsukvótinn. Meiri eftirspurn er eftir varanlegum kvóta í krókaaflakerfinu.

ÞRÓUN KVÓTAVERÐS Í VARANLEGRI HLUTDEILD Í AFLAMARKI OG KRÓKAAFLAMARKI.*

	Aflamark			Krókaaflamark		
	Nóvember 2004	Júní 2005	Breyting í %	Nóvember 2004	Júní 2005	Breyting í%
Þorskur	1.300	1.410	+8,5	780	1.000	+28,2
Ýsa	350	480	+37,1	270	360	+33,3

* Í krónum á kíló

SKAMMTÍMASJÓÐUR

9,1%*

Skammtímasjóður er góður kostur fyrir þá sem vilja áhættulitla fjárfestingu og verja sig gegn verðbólgu. Enginn munur er á kaup-og sölugengi eftir 30 daga. Innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

ENNEMM / SÍA / NM16360

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 31.05.2005

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

Þriðji erlendi aðilinn í Kauphöllinni

Stærsta fjármálafyrirtæki Færeyja viðskiptaaðili á íslenska markaðnum.

Føroya Sparikassi P/F hefur fengið aðild að Kauphöllinni. Þá eru aðilar að Kauphöllinni orðnir 22 talsins, þar af þrír erlendir. „Það er ánægjulegt að Føroya Sparikassi hefur bæst í hóp erlendra kauphallaraðila," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Føroya Sparikassi Group er stærsta fjármálafyrirtæki Færeyja með heildareignir að fjárhæð 872 milljónir evra í desember 2004. Innan samstæðunnar eru fasteignasalan INNI P/F og fjárfestingarbankinn Eik Bank Danmark A/S sem er aðili í Kauphöllinni í Kaupmannahöfn.

Markaðurinn/GVA

BÝÐUR FÆREYSKA BANKANN VELKOMINN Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Með aðildinni hefur Føroya Sparikassi aðild að tveimur NOREX-kauphöllum, Kauphöll Íslands og Kauphöllinni í Kaupmannahöfn. -dh

*Okkar bestu boð!

Victory sturtuklefar

Verð ~~92.900~~ *49.900

Verð ~~92.900~~ *49.900

Sturtuhausar

Verð frá ~~7.990~~ *2.990

*Parketúrvalið er í Harðviðarvali

Með hljóðeinangrandi undirlagi og gólflistum

Með hljóðeinangrandi undirlagi og gólflistum

Gólfflísar

Frábært úrval

Verð frá *1.790

30 x 60 sm 30 x 30 sm 45 x 45 sm

Veggflísar

á baðherbergi og eldhús

20 x 25 sm

Verð frá 990

Salerni

Verð ~~58.000~~ *39.900

Verð ~~24.900~~ *19.900

Viðarþiljur 13 x 260 sm

Verð ~~1.690~~ *1.290

Verð ~~1.600~~ *990

Blöndunartæki

Verð ~~7.990~~ *4.900

Verð ~~19.990~~ *9.900

Verð ~~12.900~~ *9.999

Verð ~~11.900~~ *7.900

Verð ~~29.000~~ *14.900

Verð ~~15.900~~ *9.999

Verð ~~29.000~~ *14.900

Verð ~~28.900~~ *14.900

Vaskar og handlaugar

Margar stærðir og gerðir

Verð ~~29.900~~ *19.900

Verð ~~29.900~~ *19.900

Handklæðaofnar



Verð ~~39.900~~ *29.900

60 x 60 sm

Verð ~~29.900~~ *19.900

60 x 120 sm

Hurðir

Mjög gott úrval af innihurðum

Eik, Hlynur, Mahony, Hnota. 70, 80 og 90 sm.

Spónlagt Mahony: verð ~~25.900~~ *19.900

EINN TVEIR OG PRÍR 287.045



HARÐVIÐARVAL

-þegar þú kaupir gólfefni

Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík

Sími 567 1010

www.parket.is

ÚTRÁSARVÍSITALA				108,99	1,03%
Fyrirtæki	**Land**	**Gengi**	**Gjald-miðill**	**(Gengi gjaldmiðils)**	**Breyting**
BTC	Búlgaría	393,60	Lev	40,65	-0,6%
Carnegie	Svíþjóð	82,25	SEK	8,50	1,3%
deCode	Bandaríkin	7,73	USD	65,40	-0,6%
EasyJet	Bretland	2,58	Pund	117,91	13,8%
Finnair	Finnland	7,22	EUR	78,81	2,4%
French Connection	Bretland	2,73	Pund	117,91	0,7%
Intrum Justitia	Svíþjóð	52,50	SEK	8,50	2,1%
Low & Bonar	Bretland	0,98	Pund	117,91	-10,8%
NWF	Bretland	5,43	Pund	117,91	-7,1%
Scribona	Svíþjóð	14,35	SEK	8,50	-1,6%
Singer & Friedlander	Bretland	3,13	Pund	117,91	0,1%
Skandia	Svíþjóð	41,00	SEK	8,50	-4,0%
Somerfield	Bretland	1,98	Pund	117,91	0,1%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 13. júní 2005

Myrtur vegna platsverðs

Kínverskur maður hefur verið dæmdur til dauða fyrir morð á félaga sínum. Báðir töldu sig eiga sverð sem ekki er til í alvörunni.

Kínverskur maður, Quiu Chengwei að nafni, hefur verið dæmdur til dauða fyrir morð á félaga sínum eftir þeir höfðu deilt um eignarrétt á sverði sem aðeins er til í tölvuleik.

Quiu hafði unnið sverðið til eignar í fjölþátttökuleiknum Legend of Mir 3. Qui lánaði svo félaga sínum, Zhu Caoyuan, sverðið. Zhu neitaði hins vegar með öllu að skila sverðinu og seldi það að lokum í gegnum netið fyrir 60 þúsund krónur.

Quiu kærði þá Zhu til lögreglunnar, en lögreglan gat ekkert aðhafst því kínversk eignarréttarlög ná ekki til hluta sem ekki eru áþreifanlegir. Quiu ákvað þá að taka lögin í sínar hendur, fór sem leið lá heim til Zhus og stakk hann til bana.

Fjölþátttökuleikir eru vinsælir í Kína og lifa margir hreinlega lífinu í gegnum tölvuna. Á síðasta ári tóku rúmar tuttugu milljónir Kínverja þátt í slíkum leikjum og eyddu í það um þremur milljörðum króna.

Algengt er að ýmsir smáhlutir sem fylgja leikjunum, til að mynda vopn eða fararskjótar, gangi kaupum og sölum fyrir háar fjárhæðir á netinu.

Eftir morðið hefur komið upp sú umræða í Kína að nauðsynlegt sé að skilgreina eignarrétt á slíkum hlutum til að fleiri fari ekki að dæmi Quius og láti keppnisskapið hlaupa með sig í gönur. **- jsk**

Evrópskur ofurbanki

Unicredito, sem er stærsti banki Ítalíu, hyggst taka yfir þýska bankann HBV. Yrði þetta stærsta sameining tveggja banka sem um getur. HBV bankinn er metinn á 1600 milljarða króna.

„Þetta verður fyrsti evrópski ofurbankinn," sagði forstjóri HBV, Dieter Rampl. Rampl mun gegna embætti stjórnarformanns hjá nýja bankanum en æðsti maður Unicredito, Alessandro Profumo, verður forstjóri.

Með sameiningunni telja bankarnir sig geta sparað allt að 80 milljarða á ári. Talið er að 9 þúsund starfsmenn HBV muni missa vinnuna, en alls vinna 130 þúsund manns hjá hinum nýja sameinaða banka. **-jsk**

STJÓRNARMENN NÝJA EVRÓPSKA OFURBANKANS Alessandro Profumo, forstjóri, og Dieter Rampl, stjórnarformaður, koma út úr höfuðstöðvum Unicredito eftir að hafa handsalað stærstu bankasameiningu Evrópusögunnar.

Deilur skyggja á flugsýningu

Boeing sakar Airbus um að njóta óhóflegra styrkja. Tilkynnt hefur verið um seinkun á nýrri vél Airbus.

Samkeppni Airbus og Boeing, tveggja stærstu flugvélaframleiðenda veraldar, virðist ætla að skyggja á hina árlegu flugsýningu sem hefst í París þann 17. júní næstkomandi.

Tilkynnt hefur verið um seinkun á A350 vél Airbus sem á að vera svar fyrirtækisins við nýju flaggskipi Boeing, 787 Dreamliner. A350 vélin átti upphaflega að vera tilbúin fyrir flugsýninguna en nú virðist því seinka um óákveðinn tíma.

Varaforseti markaðsdeildar Boeing, Randy Baseler, var ekki í vafa um hver ástæðan væri fyrir seinkuninni: „Það gengur ekki að tilkynna um að ný vél sé væntanleg og sækja svo um styrk þegar allt er komið í hnút. Þeir eru einfaldlega í vandræðum og því seinkar vélinni."

Forsvarsmenn fyrirtækjanna tveggja hafa lengi deilt, en Boeing sakar Airbus um að njóta óhóflegra styrkja frá Evrópusambandinu. -jsk

FLUGVÉL FRÁ AIRBUS Ekki hefur gengið jafnvel að koma A350 vélinni á loft og nú hefur verið tilkynnt að henni seinki enn frekar.

Hristir upp í Norðmönnum

John Fredriksen er ríkasti maður Noregs. Hann er ekki allra og fer sínar leiðir í fjárfestingum.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Skipakóngurinn John Fredriksen hefur hrist upp í norska hlutabréfamarkaðnum með átta milljarða króna kaupum sínum á 48 prósenta hlut í laxeldisfélaginu Pan Fish. Fyrir vikið hafa hlutabréf í norskum útgerðar- og fiskeldisfyrirtækjum rokið upp á síðustu dögum ásamt bréfum í flugvéla- og orkugeiranum.

Komu þessi kaup flatt upp á marga, enda hefur Fredriksen lýst því yfir að fjárfestingar hans í Noregi hafi sjaldan skilað öðru en tapi. John talar oft um það að hann sé utangarðsmaður í norsku viðskiptalífi og eigi ekki upp á pallborðið hjá ráðamönnum. Frontline olíuskipafélagið, sem veldi hans byggist á, stendur fyrir utan norsku útgerðarmannasamtökin og alþjóðleg skipasamtök.

Fredriksen er ríkasti maður Noregs og gengur yfirleitt ekki hinn hefðbunda veg. Hann er 61 árs, tveggja dætra faðir, sem varð vellauðugur á eigin verðleikum og vinnu. Breska blaðið Mail on Sunday kallaði hann eitt sinn hinn nýja Aristoteles Onassis vegna mikilla umsvifa í olíuskipageiranum. Það er þó alveg ljóst að Norðmaðurinn er orðinn mun auðugri en Grikkinn Onassis var nokkru sinni. Auðæfi Fredriksen eru metin á um 250 milljarða íslensra króna sem gerir hann að 160. ríkasta manni heims samkvæmt Forbes. Verðmæti hlutabréfanna í Frontline eru um 65 milljarðar króna.

Þegar John lauk skyldunámi sextán ára gamall fór hann að starfa sem skipamiðlari og hóf eigin rekstur í greininni árið 1974. Árið 1986 var hann settur í fangelsi, ranglega sakaður um að hafa rænt olíubirgðum úr olíuskipi sem var á leið í Persaflóastríðið.

Einkalífið þykir heldur skrautlegt. Karlinum finnst sopinn góður og margar sögur fara af svallveislum á seglskipinu Kharg-Eyjunni. Milljarðamæringurinn forðast þó fjölmiðla eins og heitan eldinn. Undir hrjúfu yfirborðinu leynist örlátur maður sem leggur milljónir norskra króna til líknar- og góðgerðarmála á hverju ári.

Þótt John líti á sig sem mikinn Norðmann og líði vel í Noregi kýs hann að búa á miklu setri fjölskyldunnar í Chelsea í London. Hann hafði hug á því að breyta til og skrá lögheimili sitt í Noregi en hætti við þegar ráðgjafar hans bentu honum á að hann myndi lenda í háum auðjöfraskatti. **Byggt á Dagens Næringsliv og Forbes**

RÍKASTI MAÐUR NOREGS Auður John Fredriksens er metinn á 250 milljarða íslenskra króna. Fjárfesting hans í Pan Fish hefur hrist upp í norska hlutabréfamarkaðnum. Sjaldan er lognmolla í kringum hann eins og dæmin sanna.

Einkalífið þykir heldur skrautlegt. Karlinum finnst sopinn góður og margar sögur fara af svallveislum á seglskipinu Kharg-Eyjunni.

SÖGUHORNIÐ

Bílaframleiðandinn Ford 102 ára

Ford-bílafyrirtækið var stofnað af Henry Ford 15. júní árið 1903 og fagnar því 102 ára afmæli sínu um þessar mundir. Tólf fjárfestar lögðu til fé og var stofnfé alls 28 þúsund dalir.

Í fyrstu framleiddi fyrirtækið aðeins örfáa bíla á dag og var það margra daga verk fyrir tvo til þrjá starfsmenn að setja saman eina bifreið.

Árið 1908 var fyrsti Ford Model T bíllinn framleiddur. Hann varð svo vinsæll að brátt þurfti fyrirtækið að stækka við sig og leita nýrra aðferða við framleiðslu. Árið 1913 luku Ford-menn við þróun færibandsins og gjörbylti sú uppfinning allri framleiðslu.

Sá galli var þó á að eftir að fjöldaframleiðsla hófst þótti vinnan svo einhæf og leiðinleg að erfitt reyndist að fá verkamenn til að vinna í Ford-verksmiðjunum. Var þá gripið til þess ráðs að hækka laun verkamanna um helming og minnka vaktaálag.

T-módelið átti að vera einfaldur bíll sem allir hefðu efni á. Þess vegna var hann allur hrár að innan og einungis til svartur, því svört málning þornar hraðar en önnur málning.

Smám saman jókst þó eftirspurn eftir þægindum í bifreiðum og árið 1927 neyddist Ford til að hætta framleiðslu T-módelsins, til að halda í við keppinauta sína.

Kreppan mikla fór illa með Ford-fyrirtækið og var 60 þúsund starfsmönnum sagt upp og verksmiðjum fækkað úr 35 í átta. Það var ekki fyrr en í seinni heimsstyrjöldinn að fyrirtækið tók aftur við sér.

Framleiddi Ford þá flugvélar og bifreiðar fyrir bandaríska herinn. Meðal afurða fyrirtækisins á þessum árum var hinn goðsagnakenndi Willy's-jeppi.

Ford-fyrirtækið er ennþá meðal stærstu bílaframleiðenda í heimi og hefur bætt við vörumerkjum á borð við Volvo, Jaguar og Land Rover. Stjórnarformaður Ford er Bill Ford, langafabarn Henrys Ford, stofnanda og eiganda fyrirtækisins til margra ára. **- jsk**

Fréttablaðið/ÞÖK

WILLY'S-JEPPI Ford framleiddi Willy's-jeppa á styrjaldarárunum en fyrirtækið fagnar um þessar mundir 102 ára afmæli sínu.

Fréttablaðið/AP

PAUL WOLFOWITZ FYLGIST MEÐ OLÍUBORUNUM
Nígería er sjöundi stærsti olíuframleiðandi heims og því afnámu G8-leiðtogar ekki skuldir landsins. Wolfowitz heilsar hér upp á verkamenn.

Wolfowitz í Afríku

Yfirmaður Alþjóðabankans vill með heimsókninni sýna að málefni Afríku séu honum efst í huga.

Hinn nýi yfirmaður Alþjóðabankans, Paul Wolfowitz, ferðast nú um Afríku og er um þessar mundir staddur í Nígeríu. Wolfowitz vill með ferðinni sýna að málefni Afríku séu efst á forgangslista bankans.

Margir gagnrýndu skipun Wolfowitz í stöðuna og töldu „stríðshauk“ frá Washington ekki til þess fallinn að hjálpa þriðja heims ríkjum að berjast gegn fátækt.

Heimsókn Wolfowitz kemur í kjölfar þess að fjármálaráðherrar G8-ríkjanna svokölluðu, ákváðu að afnema 2800 milljarða skuld átján fátækustu ríkja heims, sem mörg hver eru í Afríku.

Nígería er hins vegar enn skuldum vafin þar sem leiðtogum G8 þótti ekki viðeigandi að afnema skuldir lands sem er sjöundi stærsti olíuframleiðandi veraldar.

Í Nígeríu mun Wolfowitz ganga á fund stjórnmálamanna og annarra framámanna: „Þetta sýnir að Wolfowitz tekur málefni Afríku alvarlega. Það er hins vegar ekki nóg að tala, heldur verður líka að framkvæma,“ sagði talsmaður góðgerðarsamtakanna Oxfam.

Wolfowitz mun einnig heimsækja Rúanda, Burkina Faso og Suður-Afríku í ferðinni. **-jsk**

Toyota gerir keppinautum greiða

Japanski bílaframleiðandinn Toyota hefur í hyggju að hækka verð á bifreiðum sínum í Bandaríkjunum um tvö til þrjú prósent. Á þetta að hjálpa bandarískum keppinautum þeirra sem hafa verið í miklu basli undanfarið.

Á síðasta ári var hagnaður Toyota um 700 milljarðar króna á meðan bandarísku keppinautarnir, Ford og General Motors, hafa þurft að segja upp starfsfólki og eru skuldug upp fyrir haus.

„Við höfum ekki tekið ákvörðun enn þá. Toyota vill stuðla að virkri samkeppni því þannig er hag neytandans best borgið,“ sagði talsmaður Toyota.

Japanskir bílar voru á síðasta ári 30 prósent allra seldra bifreiða í Bandaríkjunum. Þykir kaupendum japanskra bifreiða þeir fá meira fyrir minna, en bandarískir bílar eru oft á tíðum dýrari auk þess sem þeir eyða meira eldsneyti. **-jsk**

TOYOTA-JEPPI Forsvarsmenn Toyota hafa í hyggju að hækka verð á bifreiðum sínum í Bandaríkjunum til að hjálpa keppinautum sínum, sem ekki hefur vegnað vel að undanförnu.

Knattspyrnulið af markaði

Dæmi eru um að hlutabréf í enskum knattspyrnuliðum hafi lækkað tuttugufalt. Sérfræðingar segja hlutabréf í knattspyrnuliðum heimskulega fjárfestingu.

Eftir að Malcolm Glazer komst yfir meirihluta hlutabréfa í Manchester United og ákvað að taka félagið af markaði hafa komið upp efasemdir um að knattspyrnulið eigi sér framtíð á hlutabréfamarkaði.

Viny Bedi, knattspyrnusérfræðingur hlutabréfamarkaðarins í London, segir að rekstrargrundvöllurinn sé ekki til staðar: „Kannski fyrir lið eins og Arsenal sem spilar í Meistaradeildinni á hverju ári“, og bætir við: „Fyrir smærri lið er þetta alger vitleysa. Sjáið til að mynda Sunderland, hlutabréf í félaginu hafa fallið tuttugufalt í verði.“

Mörg vandamál hafa herjað á félögin: þau voru flest ofmetin þegar þau voru sett á markað, netbólan fór illa með þau auk þess sem laun leikmanna hafa reynst þungur baggi.Tekjur af sjónvarpsréttindum hafa heldur ekki reynst jafn miklar og vonast var eftir.

Nú er svo komið að félögin keppast við að skrá sig af markaði: nú síðast Manchester United en þar á undan Chelsea, og Glasgow-risarnir Celtic og Rangers.

Harry Philip hjá ráðgjafafyrirtækinu Inner Circle Sports segir að líklegt sé að sú þróun haldi áfram: „Hlutabréf knattspyrnuliða hafa lækkað gríðarlega í verði. Þeim einu sem dettur í hug að kaupa bréfin eru aðdáendur liðanna og þar ræður ekki gróðavon för heldur ást á klúbbnum“. **-jsk**

ARSENAL OG CHELSEA Arsenal er enn á hlutabréfamarkaði og vegnar vel. Róman Abramóvitsj tók hins vegar Chelsea af markaði þegar hann festi kaup á félaginu.

Sérðu stundum ekki skóginn fyrir trjánum?

og vodafone

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS OGV 28727 06/2005

Vilja áfram bann við GSM

Vísindamenn óttast verri skilyrði til stjörnugláps ef GSM-símar verða leyfðir í flugvélum.

Áhugamenn um rannsóknir á himingeiminum eru ekki sáttir við hugmyndir um að leyfa farþegum í flugvélum að nota GSM síma. Stjörnuskoðararnir segja að rafsegulmerki frá símunum trufli móttökuskilyrði fyrir aðrar bylgjur sem notaðar eru til að rannsaka útgeiminn.

Mjög umdeilt er hvort það hafi slæm áhrif á flugöryggi að leyfa notkun farsíma í farþegarými og er líklegt að banninu verði aflétt í Bandaríkjunum innan tíðar og þá munu önnur ríki sennilega fylgja í kjölfarið.

Til þess að draga úr rafsegulmengun ef GSM-símar verða leyfðir í háloftunum hefur verið stungið upp á því að komið verði fyrir GSM-mastri í hverri vél.

Fréttablaðið/AFP

SKOÐAR STJÖRNURNAR Áhugamenn um stjörnuskoðun óttast að ef GSM símar verða leyfðir í flugvélum kunni það að hafa slæm áhrif á móttökuskilyrðin.

Ástæðan er sú að merkjasendingar GSM-síma breytast í hlutfalli við fjarlægð frá sendi og með því að hafa sendinn um borð í vélinni er hægt að draga verulega úr styrk merkisins. - **þk**

Microsoft bætir ráð sitt

Tölvurisinn lofar að láta af einokunartilburðum.

Microsoft tölvurisinn hefur sent Evrópusambandinu tillögur um hvernig fyrirtækið hyggist bæta viðskiptahætti sína.

Evrópusambandið hefur sakað Microsoft um að misnota einokunarstöðu sína. Í fyrra var fyrirtækið sektað um 40 milljarða króna og gefinn frestur til fyrsta júní 2005 til að bæta ráð sitt.

Hefði Microsoft ekki sent inn tillögurnar hefði fyrirtækið mátt búast við 300 milljóna króna dagsektum.

Evrópusambandinu mislíkar einkum hvernig Microsoft reynir að koma í veg fyrir að önnur tölvufyrirtæki geti hannað forrit sem nota má innan Windows stýriforritsins. Hefur fyrirtækinu meðal annars verið gert að framleiða útgáfu af Windows sem ekki inniheldur Media Player tónlistarforritið.

Evrópusambandið vill að tölvuframleiðendur sjálfir ráði því hvaða tónlistarforrit fylgi afurðum þeirra. - **jsk**

Stórnotendur hægja á netumferð

Þótt fyrirtæki auglýsi ótakmarkað innhal á netinu beita þau aðferðum til að takmarka notkunina svo hraðinn á netinu minnki ekki vegna álags frá stórnotendum.

Þórlindur Kjartansson
skrifar

Á síðustu misserum hefur sú breyting orðið hjá íslenskum netnotendum að sífellt meira gagnamagn er innifalið í áskriftinni. Nú auglýsa fyrirtækin að innhal frá útlöndum sé ótakmarkað en fyrir örstuttu síðan þurfu notendur að borga í kringum 2.500 krónur fyrir hvert gígabæt sem þeir höluðu inn umfram tiltekið þak.

Sá böggull fylgir hins vegar skammrifi að ótakmarkað innhal getur leitt til þess að kerfi stíflist þar sem burðargeta netkerfisins er ekki næg til þess að margir notendur geti hlaðið niður gögnum á fullum afköstum. Af þessum sökum hafa bæði Síminn og Og Vodafone gripið til þess ráðs að áskilja sér rétt til þess að draga úr þjónustu við viðskiptavini sem að mati fyrirtækjanna hala inn óhóflegu magni.

Hive setur hins vegar engin slík mörk gagnvart sínum viðskiptavinum. Hins vegar reyna kerfisstjórar Hive að tryggja að mikið innhal gagna hjá einstaka notendum hafi ekki áhrif á hraðann hjá öðrum notendum. Þessu má líkja við það þegar flutningabílar eru skyldaðir til að keyra um að nóttu svo þeir hægi ekki á bílaumferð þegar álagið er mest á daginn.

Hjá Og Vodafone er kveðið á um það í notkunarskilmálum að ekki sé ætlast til þess að hlaðið sé niður meira en fjörtíu gígabætum á mánuði. Ef það gerist geta notendurnir átt von á bréfi frá fyrirtækinu þar sem þeir eru látnir vita af því að þeir séu komnir yfir þau mörk. Að sögn Gísla Þorsteinssonar hjá Og Vodafone er mjög fátítt að grípa þurfi til þessa ráðs.

MIKIÐ ÁLAG Á NETIÐ Sjónvarpssendingar í góðum gæðum á Netinu útheimta mikla gagnaflutninga. Símafyrirtækin bjóða upp á takmarkalaust innhal en setja samt sem áður skilyrði þar sem mjög mikil notkun getur dregið úr hraða hjá öðrum notendum.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að í notkunarskilmálum sé kveðið á um að hægt sé að bregðast við óhóflegri notkun. Að sögn Evu telja sérfræðingar hjá Símanum að eðlilegt sé að miða við fimmtíu gígabæt á mánuði í því samhengi en Síminn hafi ekki haft afskipti af neinum notendum enn sem komið er og muni byrja á því að hafa samband við þá sem hlaða niður meira en hundrað gígabætum. Þeir sem hlaða niður svo miklu að efni þurfa að vera að hala inn gögnum á fullum afköstum næstum allan sólarhringinn.

Netnotendur hafa hins vegar bent á að hugtakið óhófleg netnotkun sé loðið. Ef netverji vill horfa á sjónvarp í gegnum netið eru gígabætin fljót að hlaðast upp. Auknir möguleikar til þess að horfa á sjónvarp yfir netið breyta því öllum forsendum um hvað sé eðlilegt magn af niðurhali. Sé til dæmis horft á sjónvarp á Netinu í fullum gæðum átta tíma á dag er heildarniðurhal á mánuði 139 gígabæt sem er langt umfram þau viðmið sem Og Vodafone og Síminn hafa sett sér.

Þorsteinn Baldur Friðriksson, markaðsstjóri Hive, segir að stórtækustu notendur Hive séu að hlaða niður um þrjú hundruð gígabætum á mánuði. Hann bendir á að áður en Hive kom til sögunnar og hóf að bjóða ótakmarkað innhal á netinu hefði slíkt kostað viðkomandi hátt í milljón á mánuði.

Öldruð gæludýr valda útgjöldum

Framfarir í heilbrigðisvísindum eru ekki einskorðaðar við manninn. Gæludýr lifa nú einnig miklu lengur en áður en því fylgir fleira en tóm gleði.

Ný könnun í Bretlandi leiðir í ljós að kostnaður eigenda aldraðra gæludýra fer sívaxandi. Svo dæmi sé tekið kostar það um sextíu þúsund krónur á ári að sinna gigtarveikum ketti og helmingi dýrara er að halda uppi hjartveikum hundi.

Stór hluti af þeirri læknisþjónustu sem mannfólkið á völ á stendur nú einnig gæludýrum til boða. Til dæmis er ekki óalgengt að borga fyrir lyfja- og geislameðferð ef gæludýr greinast með krabbamein. **- þk**

Gæðasæði

Karlmenn sem horfa á klámmyndir þar sem tvær konur og einn karlmaður koma við sögu framleiða betra sæði en karlmenn sem horfa á klámmynd af einni konu og einum karli, samkvæmt nýrri rannsókn.

Þykir þetta benda til þess að karlmenn geti aukið gæði sæðis þegar þeir sjá fram á samkeppni um hylli kvenna.

„Þetta er eitthvað sem á rætur sínar að rekja til forfeðra mannsins. Mig grunar að þetta nýtist nútíma karlmönnum ekki mikið í tilhugalífinu," sagði Leigh Simmons, sem stýrði rannsókninni.

Talið er að þessar niðurstöður nýtist vel við meðferð á ófrjósemi. **- jsk**

SYLVESTER STALLONE OG FÉLAGI Sylvester Stallone á eina erótíska kvikmynd að baki, Party at Kitty's and Studs sem út kom árið 1970.

Fréttablaðið/Getty Images

HVORN MUNDIR ÞÚ KJÓSA? Ole Gunnar Solskjær ætti eflaust ekki mikinn séns í póiltíkinni. Denis Haysberth, sem leikur Palmer forseta í sjónvarpsþáttunum 24, er hins vegar mjög „forsetalegur".

Barnalegt andlit ókostur í pólitík

Ný rannsókn sýnir að þroskað andlit gefur frambjóðendum í kosningum forskot.

Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa komist að því að háskólanemar spá rétt fyrir um úrslit kosninga í 70 prósent tilfella með því einu að skoða myndir af frambjóðendum.

Rannsóknin leiddi í ljós að fullorðinslegt andlit er mikill kostur fyrir stjórnmálamenn en þeir sem eru með hringlaga andlit, lítið nef, stór augu, hátt enni og litla höku eiga minni möguleika. Þessi niðurstaða er í mótsögn við fyrri niðurstöður sem hafa bent til þess að fólk treysti betur fólki með barnaleg andlit.

Vísindamennirnir telja að kjósendur leggi mesta áherslu á að kjósa fólk sem það telur að hægt sé að treysta til að standa sig í starfi. Þar vegur þungt að viðkomandi hafi nægan þroska. Ef kjósendur hafa ekkert annað að dæma eftir heldur en útlit frambjóðenda þá velja þeir þann sem lítur út fyrir að bera þá kosti sem sóst er eftir.

„Einstaklingur með barnalegt andlit virkar síður hæfur heldur en sá sem hefur þroskaðra andlitsfall, jafnvel þótt báðir séu jafnfallegir og á sama aldri og af sama kyni," segir í rannsókninni. **- þk**

NASA klýfur loftstein

Bandarískir vísindamenn hyggjast sprengja loftstein og vonast til þess að varpa ljósi á tilurð plánetanna. Þykir verkefnið minna um margt á söguþráð amerískrar stórslysamyndar.

Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, hefur í hyggju að sprengja í sundur loftstein og er ætlunin að kanna innviði hans. Vonast er til þess að verkefnið geti varpað ljósi á tilurð plánetanna.

Geimferjan, Deep Impact, verður send á loft og freistar þess að kljúfa lofsteininn með sprengju sem ferðast á hundraðföldum hraða hefðbundinnar byssukúlu.

Lofsteinninn sjálfur er á stærð við Manhattan-eyju. Áætlað er að áreksturinn muni eiga sér stað þann 4. júli, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna.

Verður atburðurinn tekinn upp á myndavél sem verður um borð í geimferjunni og munu mælitæki greina brotin úr loftsteininum: „Við erum að reyna nokkuð sem aldrei hefur verið gert áður. Hraðinn og fjarlægðirnar eru slíkar að engin leið er fyrir mannshugann að setja atburði í samhengi," sagði Rick Grammier sem stýrir verkefninu.

Þykir verkefnið minna um margt á söguþráð amerískra stórslysamynda en geimferjan er einmitt nefnd eftir einni slíkri, Deep Impact frá árinu 1998. **-jsk**

GEIMFLAUG NASA Nokkrir vaskir geimfarar feta nú í fótspor Bruce Willis og fleiri frægra Hollywood-leikara og hyggjast sprengja í sundur loftstein.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Fréttablaðið/Pjetur

STEINUNN JÓNSDÓTTIR FARIN OG ÓVISSA Í ÍSLANDSBANKA Straumi fjárfestingarbanka og Einari Sveinssyni, stjórnarformanni Íslandsbanka, bauðst að kaupa fjögurra prósenta hlut Steinunnar Jónsdóttur (lengst til vinstri) í Íslandsbanka áður en hún seldi hann til Burðaráss. Áform Karls Wernerssonar (annar frá vinstri), um að mynda sterkan kjölfestuhóp í Íslandsbanka, fóru út um þúfur eftir að hann óskaði eftir að upplýsa samstarfsmenn sína um það sem framundan var. Á myndinni eru einnig Einar Sveinsson og Bjarni Ármannsson.

Umdeilt samkomulag við Straum

Hluthafar í Íslandsbanka segja að samkomulag hafi verið um að setja hlut Straums í bankanum inn í nýtt eignarhaldsfélag. Ekkert slíkt samkomulag var gert, segja Straumsmenn. *Björgvin Guðmundsson* segir yfirráð í Íslandsbanka enn óljós.

Samkomulag á að hafa náðst í maí síðastliðnum milli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs Group, og Þórðar Más Jóhannessonar, forstjóra Straums fjárfestingarbanka, um að selja hlutafé Straums í Íslandsbanka inn í nýtt eignarhaldsfélag. Karl Wernersson átti ásamt systkinum sínum að eiga meirihluta í félaginu eftir að hafa sett sín 12,5 prósent í Íslandsbanka og Sjóvá, sem hann á tvo þriðju hluta í, inn í félagið.

Jón Ásgeir og fleiri áttu að eiga minnihluta í eignarhaldsfélaginu á móti Karli eftir að hafa keypt átján prósent hlut Straums samkvæmt samkomulaginu. Hefur FL Group, undir stjórn Hannesar Smárasonar, verið nefnt í því samhengi en það mun ekki hafa verið fullfrágengið samkvæmt því sem heimildir Markaðarins herma. Einnig kom til álita á síðari stigum, samkvæmt upplýsingum frá Straumsmönnum, að Straumur ætti lítinn hlut í eignarhaldsfélaginu. Þótti það ekki spennandi kostur á endanum.

Hvort þetta samkomulag hafi náðst er nú deilt um innan hluthafahóps Íslandsbanka. Þeir sem tengjast Straumi segja þetta ekki rétta túlkun á atburðarrásinni. Engin ákvörðun hafi verið tekin um að setja hlut þeirra inn í nýtt eignarhaldsfélag. Viðræður hafi átt sér stað milli Jóns Ásgeirs og stjórnenda Straums í þá veru en svarið hafi alltaf verið nei. Þetta hafi til dæmis ekki verið rætt í stjórn Straums.

VILDU STERKAN MEIRIHLUTA

Það sem vakti fyrir Karli Wernerssyni, Jóni Ásgeiri Jóhannssyni og fleirum með þessum áformum var samkvæmt heimildum Markaðarins að fá kjölfestu í hluthafahóp Íslandsbanka eftir mikinn óróleika og átök síðasta árs. Hefur ólgan meðal annars varið vegna tilrauna Landsbankans til að ná auknum áhrifum í Íslandsbanka síðasta árið.

Með samkomulaginu töldu menn að tvennt myndi aðallega vinnast; Straumur losaði sig við óþægilega stóra eign sína í Íslandsbanka, sem nemur nálægt þrjátíu prósent af heildareignum hans, og átök í hluthafahópnum myndu lægja með styrkri forystu félags, sem hefði að minnsta kosti þriðjung hlutafjár á bak við sig. Eigendur og stjórnendur bankans gætu þá farið að einbeita sér að rekstri og sóknarfærum fyrirtækisins í stað deilna. Var þessi áætlun gerð með velþóknun Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, Einars Sveinssonar, stjórnarformanns, og Jóns Snorrasonar, stjórnarmanns. Það er því nokkuð ljóst að traustur meirihluti hefði ráðið ferðinni hefði þetta gengi eftir.

Sagt er að Karl hafi ekki viljað leika þessa fléttu án þess að upplýsa þá, sem hann hefur staðið með í meirihluta bankaráðs Íslandsbanka, um áformin. Það var á þeim forsendum sem hann óskaði eftir fundi með Steinunni Jónsdóttur, dóttur Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, til að setja hana inn í málin. Hafa þau starfað saman í bankastjórn. Staðfest hefur verið að Karl var ekki á þessum fundi að falast eftir fjögurra prósenta hlut Steinunnar í Íslandsbanka, sem nýlega var seldur til Burðaráss. Með Karli á fundinum voru Einar Sveinsson og Jón Snorrason. Var óskað eftir trúnaði um efni fundarins.

Álykta má sem svo, þegar hér var komið við sögu, að Karl hafi varla gengið svo langt að kynna þessi áform nema vegna þess að hann taldi að samkomulag væri um að Straumur seldi hlut sinn í Íslandsbanka til hins nýja félags. Þó skal áréttað að Straumsmenn hafa neitað að slíkt samkomulag hafi nokkurn tíma verið gert. Hér stendur því orð gegn orði.

STEINUNN SELUR ÓVÆNT

Samkvæmt heimildum Markaðarins urðu viðbrögð Jóns Helga við þessum fyrirætlunum, þegar hann frétti af þeim daginn eftir, harkaleg. Ekki liggur ljóst fyrir hvers vegna. Þó er ekki hægt að horfa fram hjá því, sem fram kom í máli viðmælenda Markaðarins, að ástæðan gæti legið í því að Hannes Smárason forstjóri FL Group, var nefndur sem aðili að nýja félaginu. Hannes er fyrrverandi eiginmaður Steinunnar og tengdasonur Jóns Helga. Eins og áður kom fram hefur eftirá verið gert lítið úr afskiptum Hannesar af þessu máli og haft var eftir honum í fréttum RÚV að hann hefði ekki komið nálægt þessu.

Vitað er að þau feðgin voru ekki alls kostar sátt við það hvernig staðið var að sölu Sjóvár í stjórn Íslandsbanka til Karls Wernerssonar í apríl á þessu ári. Einn viðmælandi Markaðarins segir það algjörlega óskylt mál. Jón Helgi á að hafa rætt um sölu á hlut sínum í Íslandsbanka í kjölfarið. Hann hafi svo rætt það við Bjarna Ármannsson og boðið honum og stjórnendum bankans að kaupa tæp tvö prósent af sínum hlut ásamt formanni bankaráðs. Sýnir það að Jón Helgi var fylgjandi því að þessir aðilar styrktu sig innan bankans á þessum tíma en ekki aðilar tengdir Landsbankanum.

Föstudaginn 3. júní er ljóst að Steinunn vill losa sig við fjögurra prósenta hlut sinn í Íslandsbanka eftir fundinn þar sem Karl kynnti henni áform sín. Hún býður ekki Burðarási fyrst að kaupa hlutinn heldur Straumi fjárfestingarbanka og Einari Sveinssyni, stjórnarfomanni. Sunnudaginn 5. júní er tekin ákvörðun í þröngum hópi manna, sem hafði komið nálægt fyrrnefndri áætlun, að kaupa ekki hlutinn á yfirverði. Hann myndi ekki skipta sköpum fyrir valdahlutföllin í bankanum að þeirra mati. Úr verður að Burðarás, sem lýtur yfirráðum Björgólfs Thors Björgólfssonar stjórnarformanns og tengist Straumi, kaupir hlutinn fyrir um 7,3 milljarða króna miðvikudaginn 8. júní. Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss, segir í viðtali við Fréttablaðið að þeim hafi boðist þessi hlutur samdægurs.

Það sem gerist samhliða því að Steinunn ákveður að selja hlut sinn í Íslandsbanka er að áform um að setja hlut Straums í bankanum inn í nýtt eignarhaldsfélag eru stöðvuð. Þegar leitað er eftir skýringum á því, að því gefnu að það hafi staðið til innan Straums, er fátt um svör. Líkleg skýring er sögð er að Landsbankamenn hafi stöðvað þetta ferli innan Straums, þar sem þeir ráða yfir miklu hlutafé, enda muni áhrif innan Íslandsbanka tapast með því. Þegar spurt er hvort þeir vissu ekki af þessum áformum allan tíman er því svarað játandi.

NÆSTU SKREF ÓLJÓS

Hluthafar í Íslandsbanka segja stöðuna sem komin er upp óþolandi fyrir alla aðila. Enginn nái fram markmiðum sínum. Úr hópi þeirra sem styðja meirihluta stjórnar heyrist það sjónarmið að aðkoma Landsbankamanna sé óviðunandi því það trufli stjórn og rekstur Íslandsbanka. Telja þeir ekki farsælt að Bjöggarnir – feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson – hafi ítök í fjórum fjármálastofnunum; Landsbankanum, Burðarási, Straumi og svo Íslandsbanka.

Landsbankamenn segja hins vegar að leitað sé leiða til að hagræða í bankakerfinu. Með samvinnu við önnur fjármálafyrirtæki sé hægt að bæta eiginfjárhlutfall Straums, lánshæfi og styrk til frekari verkefna erlendis.

Allt frá því að félög tengd Björgólfsfeðgum fóru inn í Straum síðsumars 2003 og réðu yfir tæplega 12 prósentum í Íslandsbanka, hafa sameiningarraddirnar verið háværar. Þó kom hlé á þeirri umræðu þegar uppstokkun varð í íslensku viðskiptalífi í september 2003 og Landsbankamenn fóru út úr Straumi og Íslandsbanka. Það var svo í byrjun árs 2004 að Landsbankinn fór aftur að fjárfesta í Íslandsbanka með það fyrir augum að sameina starfsemi bankanna með einhverjum hætti. Í lok september sama ár eignuðust eigendur Landsbankans á ný kjölfestuhlut í Straumi fjárfestingabanka eftir eins árs hlé.

TILGANGUR LANDSBANKANS ÓLJÓS

Engum virðist vera fyllilega ljóst hvað Landsbankamenn ætli sér með hlutinn í Íslandsbanka. Ljóst er að stórir eigendur Íslandsbanka berjast gegn frekari ítökum þeirra í bankanum. Sumir segja að það muni takast, aðrir segja Landsbankamenn með pálmann í höndunum hvað varðar styrk innan bankans. Það er enn óljóst. Karl Wernersson, stjórnarmaður og næststærsti hluthafinn, hefur verið nefndur sá aðili sem getur unnið að sáttum innan hluthafahópsins. Hann mun að öllum líkindum reyna að styrkja stöðu sína á næstunni til að ná betri stöðu í þeim málaleitunum.

Staðan í hluthafahópnum er spennustaða. Hún er sögð óviðundandi fyrir alla hluthafa. Stóra spurningin er hvenær það losnar um spennuna og ný staða myndast. Samkvæmt heimildum Markaðarins gæti það alveg eins gerst í þessari viku eins og næsta haust. Ómögulegt sé að spá um það nákvæmlega.

Tíu þúsund hluthafar

Um tíu þúsund hluthafar eru í Íslandsbanka. Þeir tuttugu stærstu eiga rúm 65 prósent, sé miðað við upplýsingar frá Kauphöllinni. Miðað við gengi bankans undanfarna daga er verðmæti litlu hluthafanna, sem eiga um 45 prósent hlutafjár, um áttatíu milljarðar.

Þessi dreifða eignaraðild hefur gert það að verkum að lítill hlutur í Íslandsbanka getur tryggt mikil völd. Því skipta kaup og sala stærstu hluthafanna í bankanum máli. Karl Wernersson og systkini hans eru næststærstu hluthafarnir á eftir Straumi, sem ræður yfir átján prósentum. Karl er í stjórn og hefur unnið með meirihluta bankastjórnar. Þessi hópur telur sig hafa yfirráðin í bankanum og ætlar að verja hana.

Landsbankamenn, sem lengi hafa seilst til áhrifa í Íslandsbanka, ráða sjálfir ekki yfir miklu hlutafé, eða innan við tíu prósent. Ef þeir geta beitt atkvæðum Straums í Íslandsbanka verður staða þeirra sterkari. Straumur hefur verið að bæta við sig hlutum undanfarnar vikur. Einnig hefur Burðarás, sem stjórnað er af Björgólfi Thor Björgólfssyni, bætti við sig hlutum. Þeir telja því stöðu sína vænlega.

Sumarhúsavörn
SECURITAS

SUMARHÚSAVÖRN

Sumarhúsavörn Securitas er þráðlaust öryggiskerfi,
hannað með þarfir sumarhúsaeigenda í huga.

Aðeins 2.980 kr. á mánuði.

SECURITAS

Sími: 580 7000 • www.securitas.is

18 ÞÚSUND MANNS MÆTTU Á TÓNLEIKA METALLICU SÍÐASTA SUMAR Slógu öll met og umferðarþunginn eftir því.

Rokkað fyrir fúlgur fjár

Erlendar stórhljómsveitir hafa komið hingað til lands og haldið tónleika fyrir tugi þúsunda gesta að undanförnu. Síðasta sumar sló öll met en sumarið í ár virðist einnig vera mjög blómlegt. Meira er þó um þungt rokk heldur en almennt vinsældapopp enda hefur reynslan sýnt að lítill áhugi er fyrir því. *Dögg Hjaltalín* skoðar hvort Ísland sé svona rosalega vinsælt að hljómsveitirnar sækist eftir að spila hér eða hvort skýringarnar megi rekja til sterks gengis krónunnar og minnkandi tekna af plötusölu.

EINN FREMSTI TENÓR HEIMS Dýrari tónlistarmenn draga til sín hóp fólks sem sækir ekki mikið aðra tónleika. Einnig sjá fyrirtæki sér leik á borði með því að kaupa marga miða og bjóða viðskiptavinum sínum. Miðar á tónleika slíkra listamanna kosta oft tugi þúsunda.

Breiður hópur fólks sækir tónleika erlendra listamanna sem koma hingað en fjölbreytt flóra er í boði, allt frá frægum óperusöngvurum til harðra þungarokkara.

Tónleikahald erlendra stórsveita hérlendis hefur velt hundruðum milljóna á ári síðustu tvö ár. Eftirspurn eftir miðum á þessa tónleika hleypur á þúsundum og sló þungarokkshljómsveitin Metallica aðsóknarmet í fyrrasumar þegar 18 þúsund manns mættu á tónleika sveitarinnar í Egilshöll. Umfang tónleikahalds er svo mikið hér á landi að um sjálfstæða atvinnugrein er nánast að ræða. Á þessu ári mun andvirði miðasölu á erlenda tónlistarmenn vera meiri en hálfur milljarður króna. En hverjar eru ástæður þessara fjölda tónleika og þessarar gífurlegu aðsóknar? Eru tónleikahaldarar að moka inn peningum á þessu og því óstöðvandi í því að flytja inn erlenda tónlistarmenn? Sumarið 2004 sló öll met í fjölda tónleika og aðsókn en sumarið núna er aðeins rólegra. Taka verður tillit til þess að verið er að gera upp Laugardalshöllina og því færri hentugir tónleikastaðir í boði.

EKKI SKJÓTFENGINN GRÓÐI

Tónleikahaldarar segja sögur um skjótfenginn gróða stórlega ýktar og vara við því að reynslulausir aðilar rói á þessi mið. Í mörg horn beri að líta og eru sögur á kreiki um að nokkrir hafi farið mjög illa á þessu.

Gróði getur verið nokkur af tónleikahaldi en áhættan er þó öllu meiri. Oftast er ekki um mjög fjársterka aðila að ræða og því augljóst að ef illa fer er fallið mikið.

Einnig er oft samið um að tónlistamennirnir fái stóran hluta hagnaðar ef einhver er en tónleikahaldarinn tekur allt tapið á sig, ef eitthvað er. Sérstaklega er um slíka samninga að ræða í tilvikum frægra hljómsveita sem eru vanar að draga þúsundir aðdáenda til sín.

STERKT GENGI

Helsta ástæða þess að tónlistarmenn flykkjast hingað til lands er að gengi krónunnar er mjög sterkt um þessar mundir. Innflutningur á tónlist er eins og hver annar innflutningur og því njóta íslenskir tónlistarunnendur háa gengisins í botn. Tónleikahaldarar segja lítið mega bera út af í kostnaðinum til að tónleikar standi ekki undir sér. Því megi búast við að með veikingu krónunnar fækki tónleikum til muna.

Einnig benda tónleikahaldarar á að ef gróði verður á tónleikum fá tónlistarmennirnir hluta hans en bera ekkert tap ef verður.

Önnur ástæða þess að tónleikum fjölgar er að tónleikahald er mun stærri hluti af tónlist en áður. Bæði vegna minnkandi tekna vegna hljómplötusölu og einnig vegna þess að tónlistarunnendur vilja heldur sjá hljómsveitirnir á sviði. Með nýjustu tækni er erfitt að greina hversu góð hljómsveitin í rauninni er og því eru tónleikar dálítil prófraun á hæfileika listamannanna. Tónlistarmenn selja einnig fleiri plötur í kjölfar tónleikaferða.

Erlendis er svipað uppi á teningnum, stórar tónlistarhátíðar njóta mikilla vinsæla og hljómsveitir eru duglegar við að stíga á stokk.

Þriðja ástæðan liggur í því að nokkrir aðilar bjóða nú tæki og tól til leigu fyrir stórtónleika og því er samkeppni á því sviði. Samkeppnin verður til þess að meira er hægt að semja um verð.

HUNDRUÐ MILLJÓNA

Tekjur tónleikahalda eru mjög einhæfar, þær koma frá seldum miðum og því er hægt að áætla tekjur hvers tónleikahalds. Tónleikar sem haldnir voru með Metallicu í fyrra sumar slógu öll met

Stóru stjörnurnar mættar til Þýskalands

Fimmta Álfukeppnin hefst í dag

RONALDINHO OG SNILLINGARNIR FRÁ BRASILÍU

MICHAEL BALLACK OG ÝSKA STÁLIÐ

RIQUELME OG FÉLAGAR Í ARGENTÍNU ERU HEITASTA LANDSLIÐIÐ Í HEIMINUM Í DAG

TEKST EVRÓPUMEISTURUM GRIKKJA AÐ ENDURTAKA ÆVINTÝRIÐ FRÁ ÞVÍ Í PORTÚGAL

Argentínumenn líklegir til afreka í Álfukeppninni

Ólympíumeistarar Argentínumanna mæta til leiks í álfukeppnina með mikið breytt lið frá HM 2002, þar sem liðið náði ekki að standa undir væntingum. Ungir og ferskir leikmenn mynda nú léttleikandi lið sem talið er líklegt til afreka á heimsviði fótboltans á næstu árum.

ÁLFUKEPPNIN Argentínumenn hafa á að skipa gríðarlega sterku liði sem talið er líklegt til afreka í álfukeppninni. Ólympíumeistararnir frá því í Aþenu í fyrra hafa verið að endurnýja liðið eftir ófarirnar á HM 2002 í Japan og Suður-Kóreu, og eru nú með hóp sem miklar væntingar eru gerðar til.

Lykilmaður liðsins er miðjumaðurinn Juan Roman Riquelme sem spilað hefur frábærlega með Villareal síðustu tvö ár.

Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1996, þá 18 ára gamall, og varð strax helsta stjarna í suður-amerísku knattspyrnunni. Lið hans, Boca Juniors, vann allt sem hægt var að vinna með Riquelme sem lykilmann. Hann var kjörinn leikmaður ársins í Suður-Ameríku árið 1999, þá tuttugu og eins árs gamall. Öll helstu stórlið Evrópu voru á eftir honum en Riquelme ákvað að ganga til liðs við Barcelona, þar sem hann átti erfitt uppdráttar. Hann var lánaður til Villareal og þar hefur hann blómstrað, og komið liðinu í fremstu röð á Spáni.

Argentínumenn hafa alltaf átt stóran hóp góðra leikmanna, en staðan nú þykir sögulega góð. Aldrei hafa Argentínumenn verið jafnvel settir með varnamenn, með þá Gabriel Heinze hjá Manchester United og hinn eftirsótta Gabriel Milito hjá Real Zaragoza sem helstu stoðir. Miðjumenn og sóknarmenn liðsins eru hver öðrum betri. Javier Saviola, Hernan Crespo, Carlos Tevez, Pablo Aimar og títtnefndur Riquelme eiga örugglega eftir að sýna sjónvarpsáhorfendum sóknarbolta af bestu gerð.

JUAN ROMAN RIQUELME Þessi stórkostlegi miðjumaður fór á kostum með spútnikliði Villarreal í spænska boltanum í vetur og hann mætir í toppformi til Þýskalands.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

JAVIER ZANETTI Algjör lykilmaður hjá Argentínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

Mikil kynslóðaskipti hafa orðið hjá Argentínumönnum og eru lykilmenn úr gullaldarkynslóð yngri landsliða nú orðnir kjarninn í aðalliðinu. Aimar, Saviola, Riquelme, Heinze og Tevez slóu allir í gegn með yngri landsliðunum áður en þeir komust í A-liðið og settu strax mikla pressu á þá eldri sem fyrir voru í landsliðinu. Eftir frábæran árangur ungu leikmannanna á Ólympíuleikunum var landsliðsþjálfaranum José Nestor Pekerman, sem þjálfaði ungmennaliðin áður en hann tók við aðalliðinu, ekki stætt á öðru en að setja eldri menn eins og Diego Simone og Juan Veron út úr liðinu.

Það verður því spennandi að sjá hvort gullaldarkynslóð yngri leikmanna Argentínu nær að koma liðinu í hæstu hæðir. Getan er svo sannarlega fyrir hendi, en spurningin er hvort liðið er nógu reynt til þess að takast á við það andlega og líkamlega álag sem fylgir stórmótum.

Margir þekktir leikmenn í ástralska landsliðinu í Þýskalandi:

Ástralir gefast aldrei upp

ÁLFUKEPPNIN Ástralir hafa verið að eflast mikið í knattspyrnunni síðastliðinn áratug og eru nú með sterkt lið, sem líklegt er til þess að stríða stórþjóðunum. Margir leikmanna liðsins leika á Englandi þar sem þeir hafa getið sér gott orð.

Sérstaklega eru það Tim Cahill hjá Everton, Harry Kewell sem leikur með Liverpool, Mark Viduka hjá Middlesbrough og Brett Emerton hjá Blackburn Rovers sem hafa slegið í gegn, en auk þeirra má nefna markvörðinn Mark Schwarzer sem líkt og Viduka leikur hjá Middlesbrough og varnarmanninn Lucas Neill, liðsfélaga Emerton hjá Blackburn, sem þykir harður í horn að taka.

Þessir leikmenn mynda kjarnann í sterku liði sem hefur náð athyglisverðum úrslitum gegn stórþjóðum síðustu misseri.

Þótt Þjóðverjar og Argentínumenn séu sigurstranglegastir í A-riðli skal enginn afskrifa baráttuglatt lið Ástrala.

BARÁTTUGLAÐUR Ástralinn Tim Cahill stimplaði sig rækilega inn í ensku knattspyrnuna í vetur og verður gaman að fylgjast með honum í Álfukeppninni.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

ÞÝSKALAND

1. Oliver Kahn, Bayern Munchen	36 ára
2. Andreas Hinkel, Stuttgart	**23 ára**
3. Arne Friedrich, Hertha Berlin	26 ára
4. Robert Huth, Chelsea	**21 árs**
5. Patrick Owomoyela, Bielefield	26 ára
6. M. Engelhardt, Kaiserslautern	**25 ára**
7. B. Schweinsteiger, Bayern	21 árs
8. Torsten Frings, Munchen	**29 ára**
9. Mike Hanke, Wolfsburg	22 ára
10. Sebastian Deisler, Bayern	**25 ára**
11. Thomas Brdaric, Wolfsburg	30 ára
12. Jens Lehmann, Arsenal	**36 ára**
13. Michael Ballack, Bayern	29 ára
14. Gerald Asamoah, Schalke	**27 ára**
15. Fabian Ernst, Werder	26 ára
16. Thomas Hitzlsperger, A. Villa	**23 ára**
17. Per Mertesacker, Hannover	21 árs
18. Tim Borowski, Werder	**25 ára**
19. Bernd Schneider, Leverkusen	32 ára
20. Lukas Podolski, Köln	**20 ára**
21. Christian Schulz, Werder	25 ára
22. Kevin Kuranyi, Stuttgart	**23 ára**
23. Timo Hildebrand, Stuttgart	26 ára

ÞJÁLFARINN Jurgen Klinsmann ætlar sér að koma þýska landsliðinu í fremstu röð á nýjan leik en þeir hafa ekki átt góðu gengi að fagna að undanförnu. Klinsmann ætti að geta kennt framherjum liðsins að finna netmöskvana en hann var á sínum tíma einn allra besti framherji heims.

FYLGSTU MEÐ... Michael Ballack hefur sýnt það og sannað að hann er einn besti miðjumaður Evrópu. Hann verður að eiga góða keppni svo Þjóðverjar eigi möguleika á sigri.

TÚNIS

1. Ali Boumnijel, Club Africain	39 ára
2. Alaeddine Yahia, Etienne	**24 ára**
3. Karim Essediri, Tromso	26 ára
4. Wissem Abdi, Sfaxien CS	**26 ára**
5. Ziad Jaziri, Gaziantepspor	27 ára
6. Hatem Trabelsi, Ajax	**28 ára**
7. Imed Mhadebi	29 ára
8. Mehdi Nafti, Birmingham	**27 ára**
9. Haykel Guemamdia, Sfaxien	24 ára
10. Kaies Ghodbane, Samsunsp.	**29 ára**
11. Santos, Toulouse	26 ára
12. Jawhar Mnari, Esperance	**29 ára**
13. Hamed Namouchi, Rangers	21 ára
14. Adel Chadli, Istres	**29 ára**
15. Radhi Jaidi, Bolton	30 ára
16. K. Fadhel, Diyarbakirspor	**29 ára**
17. Chouki Ben Saad,Bastia	21 árs
18. Slim Benachour, PSG	**24 ára**
19. Anis Ayari, Samsunspor	23 ára
20. Clayton, Esperance	**31 árs**
21. Issam Jomaa,Esperance	21 árs
22. Hamdi Kasraoui, Esperance	**22 ára**
23. Amir Massaoud, Sfaxien	24 ára

ÞJÁLFARINN Roger Lemerre hefur náð góðum árangri með landslið Túnis. Ekki var búist við sigri þeirra í Afríkukeppninni, en annað kom nú á daginn.

FYLGSTU MEÐ... Hatem Trabelsi leikmaður Ajax er lykilmaður í liði Afríkumeistaranna frá Túnis. Það mun mikið mæða á honum í keppninni, enda reyndur leikmaður miðað við flesta í liðinu.

ARGENTÍNA

1. Leonardo Francko, Atletico	28 ára
2. Walter Samuel, Real Madrid	**27 ára**
3. Juan Sorin, Villareal	29 ára
4. Javier Zanetti, Inter Milan	**31 árs**
5. Esteban Cambiasso, Inter	24 ára
6. Gabriel Heinze, Man. Utd.	**27 ára**
7. Carlos Tevez, Corinthians	21 árs
8. Juan Riquelme, Villareal	**27 ára**
9. Javier Saviola, Monaco	23 ára
10. Pablo Aimar, Valencia	**26 ára**
11. Cesar Delagado, Crus Azal	23 ára
12. Lux German, River Plate	**23 ára**
13. Gonzalo Rodriguez, Villareal	21 árs
14. Gabriel Milito, Real Zaragosa	**24 ára**
15. Diego Placente, Leverkusen	28 ára
16. Fabricio Coloccini, Deportivo	**25 ára**
17. Lucas Bernardi, Monaco	27 ára
18. Mario Santana, Palermo	**21 árs**
19. M. Rodriguez, Espanayol	24 ára
20. M. Demichelis, B. Munchen	**24 ára**
21. Luciano Figuero, Villareal	24 ára
22. Luciano Galletti, Zaragosa	**25 ára**
23. Caballero Wilfredo, Elche	**23 ára**

ÞJÁLFARINN José Nestor Pekerman náði frábærum árangri með yngra landslið Argentínu. Hann er nú að leiða nýja kynslóð leikmanna í landsliðið, sem miklar væntingar eru gerðar til.

FYLGSTU MEÐ... Argentínumaðurinn Riquelme er frábær leikstjórnandi. Hann hefur farið fyrir spútnikliði Villareal á Spáni í vetur.

ÁSTRALÍA

1. Mark Schwarzer, Middlesb.	33 ára
2. Kevin Muscat, Milwall	**32 ára**
3. Craig Moore, Möncheng.	29 ára
4. Lucas Neill, Blackburn	**27 ára**
5. Tony Vidmar, Cardiff	35 ára
6. Tony Popovic, Crystal Palace	**32 ára**
7. Brett Emerton, Blackburn	33 ára
8. Josip Skoko, Genclerbirligi	**29 ára**
9. Mark Viduka, Middlesbrough	29 ára
10. Tim Cahill, Everton	**26 ára**
11. Scott Chipperfield, Basel	29 ára
12. M. Petkovic, Trabzonspor	**29 ára**
13. Luke Wilkshire, Bristol City	23 ára
14. Simon Colosimo, Perth Glory	**26 ára**
15. John Aloisi, Osasuna	29 ára
16. David Zdrilic, Sydney FC	**31 árs**
17. Jon Mc Kain, N. Bucharest	22 ára
18. Zelkjo Kalac, Perugia	**32 ára**
19. Jason Culina, Twente	23 ára
20. Ljubo Milicevic, Thun	**24 ára**
21. Ahmad Elrich, Án félags	24 ára
22. Archie Thompson, Lierse	**26 ára**
23. Mile Sterjovski, Basel	26 ára

ÞJÁLFARINN Frank Farina hefur búið til gott lið hjá Áströlum. Liðið er þaulreynt og ætti að geta komið á óvart í keppninni.

FYLGSTU MEÐ... Tim Cahill sem er marksækinn miðjumaður sem gefst aldrei upp

Budweiser®

...alltaf með boltanum!

Fyrir, á meðan, á eftir og oftar....

Sá besti verður með Brasilíu

Álfukeppnin í knattspyrnu hefst í dag en keppnin fer að þessu sinni fram í Þýskalandi og er eins konar upphitunarmót fyrir HM sem fram fer í Þýskalandi að ári. Margar af bestu knattspyrnuþjóðum heims eru mættar til leiks en augu flestra beinast að heimsmeisturum Brasilíumanna. Þeir mæta til leiks með gríðarlega sterkt lið og þar á meðal besta knattspynumann heims, Ronaldinho, sem fór á kostum með Barcelona í vetur.

Í FÍNU FORMI Ronaldinho ætlar sér stóra hluti í Álfukeppninni en hann sést hér æfa hornspyrnur á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP GETTY IMAGES

ÁLFUKEPPNIN Í dag sem fyrr eiga Brasilíumenn marga frábæra leikmenn, en enginn stenst þó hinum stórkostlega Ronaldinho snúning. Á góðum degi er það framlag hans sem gerir gæfumuninn í jöfnum leikjum.

Frank Rijkaard, þjálfari hans hjá Barcelona, segir getu hans koma sér á óvart á hverjum degi. „Það er ekki nóg með að hann kunni allar gabbhreyfingar sem þekkjast í leiknum, heldur er fjölhæfni hans sem leikmanns ótrúleg. Hann getur klárað færi eins og framherji, er góður aukaspyrnumaður og hefur frábært auga fyrir samspili. Hann gerir aðra leikmenn í liðinu betri með nærveru sinni og sá eiginleiki hjá honum er alltaf að vaxa“.

Alinn upp í fátækt

Ronaldinho var alinn upp í Restinga, sem er fátækrahverfi í borginni Porto Alegre. Þar var hann með boltann á tánum allan daginn. „Ég hugsa um fótbolta tuttugu og fjóra klukkutíma á dag. Allt mitt líf snýst um fótbolta og hefur gert það alla tíð. Ég gæti einfaldlega ekki lifað án bolta.“

Ferill Ronaldinhos hingað til er glæsilegur. Hann var lykilmaður í sautján ára landsliði Brasilíumanna sem varð heimsmeistari árið 1997 og var eftir hann krýndur besti leikmaður keppninnar.

Skoraði í fyrsta leik

Fyrsti A-landsliðsleikur hans var gegn Venesúela í Ameríkubikarnum árið 1999, og þar skoraði hann frábært mark og stal senunni af mörgum stærri nöfnum í liði Brasilíumanna. Nokkrum vikum síðar var hann kjörinn besti leikmaður álfukeppninnar í Mexíkó þar sem hann var jafnframt markahæstur allra leikmanna.

Árið 2002 varð hann síðan heimsmeistari með frábæru liði Brasilíumanna á HM í Japan og Suður-Kóreu.

Stórkostlegur vetur

Nú á vormánuðum varð lið hans, Barcelona, Spánarmeistari eftir langa bið, og voru flestir á því að það hefði aldrei getað orðið ef Ronaldinhos hefði ekki notið við.

Þrátt fyrir alla titlana og árangurinn er Ronaldinho enn ungur að árum, aðeins 25 ára, og hann á eflaust eftir að sýna sitt besta í álfukeppninni í sumar, þar sem hann verður drifkraftur í liði Brasilíu.

Erfitt að er að leita að sambærilegum leikmanni og Ronaldinho í sögu knattspyrnunnar, þar sem sérstaða hans felst í fjölbreytilegum eiginleikum og aðlögunarhæfni að ýmsum afbrigðum sóknarleiks.

Líkt við Zico og Pelé

Helst hefur honum verið líkt við samlanda sína Zico og Pele, en einnig hefur argentíski snillingurinn Diego Armando Maradona verið borinn saman við hann þegar kemur að boltatækni og leikskilningi. Þótt Ronaldinho sé ekki á sama stalli og þessir snillingar enn sem komið er verður forvitnilegt að sjá hvernig hann á eftir að þróast sem leikmaður. Hann virðist hafa alla burði til þess að vera einn af betri leikmönnum sögunnar og hefur nú þegar afrekað ótrúlega margt, þrátt fyrir ungan aldur.

Langt er síðan jafn skemmtilegur leikmaður kom fram á sjónarsviðið og því er gleðilegt fyrir sjónvarpsáhorfendur að fá að fylgjast með honum í álfukeppninni í sumar.

magnush@frettabladid.is

ÁLFUKEPPNIN Í BEINNI Á SÝN OG SÝN2

Miðvikudagur 15. júní	
Argentína -Túnis	kl. 16:00
Fimmtudagur 16. júní	
Brasilía – Grikkland	kl. 22:30
Laugardagur 18. júní	
Túnis – Þýskaland	kl. 15:45
Ástralía – Argentína	kl. 18:30 (Sýn2)
Sunnudagur 19. júní	
Grikkland – Japan	kl. 15:45
Mexikó – Brasilía	kl. 18:30 (Sýn2)
Þriðjudagur 21. júní	
Argentína – Þýskaland	kl. 18:30
Miðvikudagur 22. júní	
Japan – Brasilía	kl. 18:30
Grikkland – Mexíkó	kl. 18:30 (Sýn2)
Laugardagur 25. júní	
Undanúrslit	kl. 15:45
Sunnudagur 26. júní	
Undanúrslit	kl. 14:05
Miðvikudagur 29. júní	
Úrslitaleikurinn	kl. 18:30

sýn besta sætið

Álfukeppnin hefur aldrei verið glæsilegri en í ár og búist er við frábærri keppni:

Sigurvegararnir leiða saman hesta sína

ÁLFUKEPPNIN Liðin átta sem taka þátt í keppninni mæta með sína sterkustu leikmenn og munu leggja allt í sölurnar til þess að sigra í keppninni.

Otto Rehhagel, sem gerði Grikki svo eftiminnilega að Evrópumeisturum í Portúgal í fyrra, segir mikilvægt fyrir lið sitt að sanna sig meðal þeirra bestu.

Aldrei jafnsterk lið

„Það reynir á okkur í þessari keppni, því við verðum að standa undir þeim væntingum sem mynduðust við sigurinn á EM í fyrra. Að auki hafa liðin sem keppa aldrei verið jafnsterk og þess vegna verður þessi keppni lærdómsrík fyrir mig og leikmenn mína.“

Heims- og Suður-Ameríkumeistarar Brasilíumanna eru undir mikilli pressu. „Það er ekki hægt að neita því að við erum sigurstranglegir en þannig er það alltaf hjá okkur. Við tökum þessa keppni mjög alvarlega því þetta er fullkominn undirbúningur fyrir heimsmeistarakeppnina á næsta ári. Við munum spila til sigurs í hverjum leik og ávallt stilla upp sterkasta mögulega liði,“ segir landsliðsþjálfarinn Carlos Alberto Parreira.

Ólympíumeistarar Argentínumanna ætla sér stóra hluti á mótinu. Þeir mæta með sína sterkustu menn og líta á mótið sem mikilvægan undirbúning fyrir HM á næsta ári, þar sem ófarirnar frá HM 2002, þegar Argentínumenn komust ekki upp úr riðlakeppninni, verða ekki látnar endurtaka sig.

Sigurvegarar í keppni hverrar heimsálfu fyrir sig mætast í álfukeppninni, en að auki bætast Ólympíumeistararnir við, sem að þessu sinni eru Argentínumenn, eins og áður sagði.

Japönum er mikið í mun að standa sig á mótinu fyrir hönd allrar Asíu, þar sem fótboltinn er orðinn vinsælasta íþróttagreinin eftir velgengni Suður-Kóreu á HM 2002.

Mikið af stjörnum

Afríkumeistarar Túnisbúa, Mexíkóar og Eyjaálfumeistarar Ástrala, hafa átt góðu gengi að fagna að undanförnu, og hafa lykilmenn þeirra getið sér gott orð á sviði alþjóðaboltans.

Sérstaklega hafa leikmenn eins og Ástralinn Tim Cahill hjá Everton, Mexíkóinn Rafael Marquez sem leikur með Barcelona og Túnisbúinn Slim Ben Achour, leikmaður Paris St-Germain í Frakklandi, vakið verðskuldaða athygli.

Það má því með sanni segja að á þessu móti leiði sigurvegararnir saman hesta sína, og því mikilvægt fyrir liðin að sanna sig sem stórþjóð í knattspyrnuheiminum með góðum árangri í keppninni.

Allra veðra von

Notaðu viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar

Viðarvörn er ekki það sama og viðarvörn. Kjörvari er sérstaklega þróaður fyrir íslenska veðráttu þar sem mikilvægt er að gæðin séu í lagi.

Tryggðu viðnum bestu fáanlegu vörn.
Á Íslandi er allra veðra von.

Náðu þér í nýja Kjörvara litakortið

Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði Litabúðin Ólafsvík Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
- það segir sig sjálft -

Sóknarleikur eins og hann gerist bestur

Brasilía er mesta knattspyrnuþjóð heims og býður áhorfendum ávallt frábæran sóknarbolta. Hópurinn í álfukeppninni er gríðarlega sterkur en þar eru reyndir menn í bland við yngri leikmenn.

ÁLFUKEPPNIN Brasilía er mesta knattspyrnuþjóð veraldar, en þar er knattspyrna eins og trúarbrögð. Hver snillingurinn á fætur öðrum hefur komið frá landinu og geta þeir í raun stillt upp mörgum sterkum liðum, svo stór og breiður er hópur þeirra af leikmönnum.

Sóknarleg geta Brasilíu er mögnuð. Snillingar eins og Ronaldinho, Kaká, Adriano og Juninho skapa brasilíska liðinu ótrúlega fjölbreytta sóknareiginleika sem nánast ógjörningur er að verjast. Að auki eru alltaf að koma upp ungir leikmenn sem oftar en ekki blómstra í keppni eins og álfukeppninni. Þar má til dæmis nefna ungstirnið Robinho sem talinn er einn efnilegasti leikmaður veraldar.

Varnarleikur liðsins hefur stundum þótt ótraustur, en í hugum Brasilíumanna er sókn besta vörnin, og þannig mæta þeir ávallt til leiks með það að leiðarljósi.

Mikil endurnýjun hefur orðið á hópi Brasilíumanna þar sem margir lykilmanna liðsins frá því á HM 2002 eru ekki með að þessu sinni. Bakvarðarparið frábæra, Cafu og Roberto Carlos, eru hvíldir á þessu móti, en maður kemur í manns stað, því Belletti, nýkrýndur deildarmeistari á Spáni með Barcelona, og Þýskalandsmeistarinn Ze Roberto eru taldir líklegir til þess að taka við þeirra hlutverki á mótinu.

Miðvörðurinn Lucio, sem leikur með Bayern Munchen, er liðtækur sóknarmaður sem kemur oft með boltann upp völlinn á fullri ferð. Hann er dæmigerður brasilískur varnarmaður sem nýtur þess að vera þátttakandi í sóknaraðgerðum liðs síns. Emerson, fyrirliði liðsins og nýkrýndur ítalskur meistari með Juventus, er akkerið á miðjunni. Hann brúar bilið milli miðju og varnar með mikilli vinnusemi og skapar hinum frábæru sóknarmönnum liðsins meira pláss til þess að spila sína á milli.



KAKA, ROBINHO OG JULIO BAPTISTA. Létt var yfir leikmönnum brasilíska landsliðsins á æfingu í Þýskalandi í vikunni. Hér bregða þrír af efnilegustu leikmönnum þeirra á leik.

Af öðrum athyglisverðum leikmönnum í liði Brasilíumanna má nefna Julio Baptista, leikmann Sevilla á Spáni, en hefur spilað frábærlega fyrir félagslið sitt undanfarin tvö ár. Hann er líkt og Emerson, duglegur miðjumaður, sem skapar sóknarmönnum frið til þess að sinna sóknarleiknum, en að auki er hann mikil langskytta sem hikar ekki við láta vaða markið þegar hann fær færi til.

Það má búast við skemmtilegum leikjum þegar Brasilía etur kappi við andstæðinga sína í álfukeppninni og þar má gera ráð fyrir sóknarleik eins og hann gerist bestur frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu.

Brasilísk sambastemmning í herbúðum japanska landsliðsins:

Brassinn Zico blæs í sóknarlúðra

ÁLFUKEPPNIN Japanska landsliðið hefur tekið miklum stakkaskiptum síðan Brasilíumaðurinn Zico tók við stjórnartaumunum. Liðið spilaði áður agaðan varnarleik, en er nú orðið mikið sóknarlið. Knattspyrnuleg hugsjón Zico, sem á sínum tíma var einn besti leikmaður heimsins, er sú að sóknarleikur sé besta leiðin til þess að vinna leiki. „Það er ekki hægt að vinna leiki með því að verjast. Þú verður alltaf að skora og þess vegna er sóknin aðalatriðið."

Lykilmaður í liði Japana er Naohiro Takahara, sem leikur með Hamburg í Þýsklandi. Hann er vinsæll meðal stuðningsmanna liðsins og þykir góður sóknarmaður.

Japanir hafa sýnt miklar framfarir undanfarin ár og vaxa sem knattspyrnuþjóð með degi hverjum. Vinsældir evrópuboltans í Japan hafa aukist mikið og er ekkert lát á þeim vinsældum. Þetta hefur skilað sér í auknum iðkendafjölda, sem síðan skilar betri leikmönnum til landsliðsins. Japanir eiga nú marga leikmenn sem spila í Evrópu og hafa margir þeirra staðið sig vel með liðum sínum.

Koji Nakata leikmaður Marseille, Naohiro Takahara framherjri Hamburg og Hidetoshi Nakata leikmaður Fiorentina á Ítalíu, eru dæmi um leikmenn sem farið hafa í atvinnumennsku til Evrópu og gert það gott. Þeir hafa koma með mikla reynslu inn í liðið sem hefur reynst því vel.

Inamoto Junichi, sem nú leikur með Cardiff Englandi, er einn af lykilmönnum landsliðsins. Þrátt fyrir óstöðuga spilamennsku í enska boltanum hefur hann ávallt staðið sig vel með landsliðinu, og var einn af betri mönnum liðsins á HM 2002 og verður mikilvægur hlekkur í álfukeppninni.

Fyrsti leikmaðurinn til þess að ná almannahylli í Evrópu var Hidetoshi Nakata sem fór frá Japan til Perugia fyrir nokkrum árum. Hann hefur síðan spilað með Roma, Parma og Fiorentina, og hefur skapað sér nokkuð gott orð á Ítalíu. Hann er mikilvægasti leikmaður Japana og verður að spila vel ef þeir ætla að ná góðum árangri í álfukeppninni.

Búast má því að Japan verði orðin stórþjóð innan knattspyrnuheimsins ef straumur leikmanna frá Japan til Evrópu heldur áfram, því það hefur stórbætt landslið þeirra að hafa leikmenn innan sinna raða sem spila í stórum deildum í Evrópu.

HIDETOSHI NAKATA Frægasti leikmaður Japana.

GRIKKLAND

1. A. Nikopolidis, Olimpiakos	34 ára
2. Giourkas Seitaridis, Porto	**24 ára**
3. Loukas Vyntra, Panathinaikos	24 ára
4. Efstathisos Tavlaridis, Lille	**25 ára**
5. Sotirios Kyrgiakos, Rangers	26 ára
6. Angelos Basinas, Panathin.	**29 ára**
7. Theo Zagorakis, Bologna	34 ára
8. S. Giannakopoulos, Bolton	**31 árs**
9. Angelos Charisteas, Ajax	25 ára
10. Vassilios Tsiartas, Cologne	**33 ára**
11. D. Papadopoulos, Panath.	24 ára
12. K. Chalkias, Portsmouth	**31 árs**
13. Michail Sifakis, OFI	31 árs
14. Panagiotis Fyssas, Benfica	**32 ára**
15. Zisis Vrysas, Celta Vigo	32 ára
16. Pantelis Kafes, Olympiakos	**27 ára**
17. Ioannis Amanatidis, Kaisersl.	24 ára
18. Ioannis Goumas, Panath.	**30 ára**
19. Mihailis Kapsis, Bordeaux	32 ára
20. Georgious Karagounis, Inter	**28 ára**
21. K. Katsouranis, AEK	26 ára
22. Theofanis Gekas, Panath.	**25 ára**
23. Vassilios Lakis, Crystal Palace	29 ára

ÞJÁLFARINN Þjóðverjanum Otto Rehagel er mikið í mun að sanna fyrir löndum sínum að árangur gríska liðsins á Evrópumótinu í Portúgal hafi ekki verið tilviljun. Hann mun því leggja mikla áherslu á að ná góðum árangri í keppninni.

FYLGSTU MEÐ... Angelos Charisteas var frábær í liði Grikkja á EM í Portúgal og á vafalaust eftir að finna netmöskvana í mörkum andstæðinganna.

JAPAN

1. Seigo Narazaki, Grampus	29 ára
2. Makoto Tanaka, Jubilo Iwata	**30 ára**
3. Takayuki Chando, Jubilo Iwata	29 ára
4. Yasuhito Endo, Gamba Osaka	**25 ára**
5. T. Miyamoto, Gamba Osaka	28 ára
6. Koji Nakata, Marseille	**27 ára**
7. Hidetoshi Nakata, Fiorentina	28 ára
8. Mitsuo Ogasawara, K. Antlers	**26 ára**
9. Keiji Tamada, Kashiwa Reysol	25 ára
10. S. Nakamura, Reggina	**27 ára**
11. Takayuki Suzuki, K. Antlers	30 ára
12. Yoichi Doi, FC Tokyo	**32 ára**
13. Atsushi Yanagisawa, Messina	28 ára
14. Alessandro Santos, U. Reds	**28 ára**
15. Takashi Fukunishi, J. Iwata	29 ára
16. Masashi Oguru, G. Osaka	**25 ára**
17. Atsuhiro Miura, Vissel Kobe	31 árs
18. Junichi Inamoto, WBA	**26 ára**
19. M. Motoyamam, K. Antlers	26 ára
20. Keisuke Tsuboi, Urawa Reds	**26 ára**
21. Akira Kaji, FC Tokyo	25 ára
22. Yuji Nakazawa, Yokohama	**27 ára**
23. Y. Kawaguchi, Jubilo Iwata	30 ára

ÞJÁLFARINN Brasilíðumaðurinn Zico, sem á sínum tíma var einn besti leikmaður heims, er þjálfari japanska landsliðsins. Hann reynir vafalaust að koma stórþjóðunum á óvart með djörfum sóknarleik.

FYLGSTU MEÐ... Alessandro Santos. Brasilíumaðurinn með japanska ríkisfangið, á örugglega eftir að setja mark sitt á álfukeppnina.

BRASILÍA

1. Dida, AC Milan	32 ára
2. Belletti, Barcelona	**29 ára**
3. Lucio, Bayern Munchen	27 ára
4. Roque Junior, B. Leverkusen	**29 ára**
5. Emerson, Juventus	29 ára
6. Gilberto, Hertha Berlin	**29 ára**
7. Robinho, Santos	21 árs
8. Kaká, AC Milan	**23 ára**
9. Adriano, Inter	23 ára
10. Ronaldinho, Barcelona	**25 ára**
11. Ze Roberto, Bayern	31 árs
12. Marcos, Palmeiras	**32 ára**
13. Cicinho, Sao Paulo	25 ára
14. Juan, Bayer Leverkusen	**26 ára**
15. Luisao, Benfica	24 ára
16. Leo, Santos	**29 ára**
17. Gilberto, Arsenal	29 ára
18. Juninho, Lyon	**30 ára**
19. Renato, Sevilla	27 ára
20. Julio Baptista, Sevilla	**24 ára**
21. Ricardo Olivera, Real Betis	25 ára
22. Edu, Arsenal	**27 ára**
23. Gomes, PSV	24 ára

ÞJÁLFARINN Carlos Alberto Parreira er ekki öfundsverður að því hlutverki að velja leikmenn í byrjunarlið Brasilíumanna. Hann hefur úr stórum hópi frábærra leikmanna að ráða.

FYLGSTU MEÐ... Ungstirnið Robinho er skemmtilegur leikmaður með mikla boltatækni, sem vert er að fylgjast með.

MEXÍKÓ

1. O. Sanches, Guadalajara	32 ára
2. Aaron Galindo, Cruz Azul	**23 ára**
3. Carlos Salcido, Guadalajara	25 ára
4. Rafael Marquez, Barcelona	**26 ára**
5. Ricardo Osario, Cruz Azul	25 ára
6. Gerardo Torrado, R. Santander	**26 ára**
7. Zinha, Toluca	29 ára
8. Pavel Pardo, America	**29 ára**
9. Jared Borgetti, Pachuca	32 ára
10. Omar Bravo, Guadalajara	**25 ára**
11. Ramon Morales, Guadalajara	30 ára
12. Moises Munoz, Morelia	**25 ára**
13. Lugo Marquez, Atletico	24 ára
14. Gonzalo Pinede, Pumas	**23 ára**
15. Hugo Sanches, Tigres	24 ára
16. Mario Mendez, Toluca	**26 ára**
17. Jose Fonseca, Cruz Azul	26 ára
18. Salvador Carmona, Cruz	**30 ára**
19. Alberto Medina, Guadalajara	22 ára
20. Juan Pablo Rodriguez, Tecos	**26 ára**
21. Jaime Lozano, Pumas	26 ára
22. Luis Perez, Monterrey	**24 ára**
23. Jose Corona, Tecos	24 ára

ÞJÁLFARINN Ricardo Antonio La Volpe byggir lið sitt í kringum Rafael Marquez, sem spilar yfirleitt framar á vellinum hjá Mexíkóska landsliðinu heldur en hjá Barcelona.

FYLGSTU MEÐ... Rafael Marquez, leikmaður Barcelona, er einn fárra leikmanna Mexíkóa sem spilar með stórliðum í Evrópu. Það á mikið eftir að mæða á honum.

Nú er bara að
„pulsa" sig upp
fyrir leikinn
íslendingar borða SS pylsur
Coca-Cola

Coca-Cola
GENUINE RUSSELL YO-YO
Safnaðu
gulum töppum
af Coke og Coke light
og fáðu glaðning
0,5l af Coke eða Coke light
6x =
Coke sundpoki eða Coke light leikjapoki
40x =
4.000 stk.
4.000 stk.
Coke eða Coke light jó-jó
20x =
20.000 stk.
Komdu með gula tappa af Coca-Cola og Coca-Cola light á næstu Esso eða Olís þjónustustöð og fáðu skemmtilegan sumarglaðning. Hægt er að innleysa gulu tappana til 1. sept. 2005, eða á meðan birgðir endast. Nánari upplýsingar á Coke.is.
Leiktu þér í allt sumar með Coca-Cola

og er andvirði seldra miða yfir 100 milljónum króna. Gróði hefur verið af þeim tónleikum sem RR stóð fyrir. Nú nýverið stóðu sömu tónleikahaldarar fyrir Iron Maiden tónleikum sem hafa skilað um 65 milljónum króna í tekjur.

Við áætlun á tekjum af hverjum tónleikum hér á síðunni var stuðst við upplýsingar úr fjölmiðlum frá tónleikahöldurunum sjálfum. Talið er að þær tölur séu nokkuð ofáætlaðar vegna þess að stundum er ekki alveg uppselt þrátt fyrir að sagt sé að uppselt sé á tónleika. Einnig er stundum boðsmiðum dreift og því er ekki hægt að gera ráð fyrir að allir miðar skili inn tekjum.

Kostnaðurinn sem fylgir tónleikahaldi liggur ekki einungis í tilkostnaðinum við að fá tónlistarmennina. Hann felst einnig í auglýsingakostnaði en þær eru oft unnar í samstarfi við ýmis fyrirtæki sem setja nafn sitt við tónleikana og borga þá auglýsingarnar.

SAMÞJÖPPUN

Fyrirtæki Ragnheiðar Hanson, R&R, sem flutti inn Metallicu og Iron Maiden meðal annars, er stærst á þessum markaði veltulega séð. Concert Einars Bárðarsonar er með mestan fjölda tónleika og næst mesta veltu samkvæmt töflunni hér á síðunni. Einnig má nefna Þorstein Stephensen sem er með Hr. Örlyg og Kára Sturluson meðal tónleikahaldara. Hr. Örlygur sér um Icelandic Airwaves ár hvert.

Tónleikar Concerts hafa jafnan gengið vel og samkvæmt fjölmiðlum var nánast alltaf uppselt á tónleika sem það stóð fyrir í fyrra.

Of mikil samþjöppun í viðskiptalífinu er áhyggjuefni margra og virðist tónleikahald ekkert frábrugðið. Mun fleiri reyndu fyrir sér í tónleikahaldi í fyrra en í ár þrátt fyrir að fjöldinn virðist nokkurn veginn sá sami. Ætli það megi ekki túlka það svo sem að þeir hæfustu lifa af. Í mörg horn er að líta við tónleikahald og virðist reynslan skipta miklu máli til að vel takist til.

ROKKIÐ LAÐAR

Breiður hópur fólks sækir tónleika erlendra listamanna sem koma hingað en fjölbreytt flóra er í boði, allt frá frægum óperusöngvurum til harðra þungarokkara. Eins og gefur að skilja laðar þessi breidd mjög mismunandi fólk að sér og á mismunandi aldri. Flestir eru þó sammála um að stór hluti tónleikagesta sé ávallt sá sami.

Þungarokkssveitir virðast eiga upp á pallborðið hjá íslenskum tónleikagestum því Metallica dró að sér alls 18 þúsund manns og nú nýlega dró Iron Maiden til sín 10 þúsund tónleikagesti. Síðasta sumar voru bæði tónleikar með Pink og 50 cent hér á landi, sem ættu að höfða til ungu kynslóðarinnar en þeir tónleikar svöruðu ekki tilkostnaði vegna þess að fjöldi gesta var ekki nægur.

Ekki nægir því fyrir tónleikahaldara að hafa reynslu heldur verða þeir að vita hvar áhugi fjöldans liggur því að hann hefur úrslitavaldið um hvort að tónleikarnir takist eða ekki.

TÓNLEIKAR MEÐ KEANE VORU EINN AF HÁPUNKTUM AIRWAVES Í FYRRA Hingað steyma hundruð erlendra ferðamanna ár hvert til að fylgjast með innlendum og erlendum listamönnum. Þeir skilja eftir sig eitthvað af gjaldeyristekjum auk þess sem skemmtunin er ómetanleg í skammdeginu. Icelandair er stærsti styrktarðilinn og án stuðnings þeirra væri hátíð á borð við Airwaves varla möguleg.

FRANZ FERDINAND SPILA Á ÍSLANDI Í BYRJUN SEPTEMBER Ein heitasta hljómsveit heims um þessar mundir, en því miður rata of fáar af fremstu hljómsveitum heims hingað. Rokk og ról virðist draga mun fleiri tónleikagesti til sín og jafnframt mun meiri tekjur. Til dæmis skiluðu tónleikar Metallicu yfir 100 milljónum króna en tónleikar með Franz Ferdinand skila ekki nema rúmlega 10 milljónum. Tónleikarnir verða haldnir í Kaplakrika en Laugardalshöll er lokuð um þessar mundir.

STÆRSTU TÓNLEIKARNIR ÁRIÐ 2005 OG ÁÆTLAÐAR TEKJUR

	Tekjur í milljónum
R&R	
Iron Maiden	65
Megadeath	11
btb/Kári Sturluson	
Reykjavík Rocks	59
Duran Duran	18
Queens of the Stone Age/Foo Fighters	18
Concert	
Jose Carreras	23
Shadows	11
Joe Cocker	65
Sissel Kirkebo	6
Kiri Te Kanawa	14
Alice Cooper	11
Event	
Snoop Dogg	47
Örlygur-Destiny	
Airwaves	–
Franz Ferdinand	12
Aðrir	
Placido Domingo	50
Sonic Youth	8
Robert Plant	23
Samtals:	**440**

GÖMLU KEMPURNAR Í DURAN DURAN Enn er ekki uppselt á tónleika þeirra í lok júní.

SNOOP DOGG SPILAR HÉR Í JÚLÍ
Rapparinn er með þeim allra svölustu.

FÓLK Á FERLI

PÁLL GUNNAR PÁLSSON hefur verið ráðinn forstjóri Samkeppniseftirlits. Páll

Gunnar er lögfræðingur og starfar nú sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Hann hefur störf sem forstjóri Samkeppniseftirlitsins þann 1. júlí næstkomandi er stofnunin tekur til starfa. Páll hefur verið forstjóri Fjármálaeftirlitsins frá 1999, en þá hóf Fjármálaeftirlitið störf. Hann hefur einnig verið fulltrúi Fjármálaeftirlitsins í ýmsum nefndum sem fjallað hafa um málefni fjármálamarkaðar, svo sem bankalaganefnd, kauphallarnefnd og nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum.
Páll Gunnar var fulltrúi Fjármálaeftirlitsins í samstarfi sameinaðra fjármálaeftirlita, alþjóðlegum samtökum vátryggingaeftirlita, nefnd evrópskra bankaeftirlita, nefnd evrópskra verðbréfaeftirlita og nefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyriseftirlita. Hann var einnig deildarsérfræðingur og síðar deildarstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum, einkum á sviði fjármálamarkaðar. Áður var Páll starfsmaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands 1994-1995.

TrackWell kaupir SeaData

Skrá ferðir og veiðar fiskiskipa.

TrackWell hefur keypt SeaData með rekstri og lausnum. Helstu lausnir SeaData eru Rafræn afladagbók, Útgerðarstjórinn og Afurðabók. SeaData skráir upplýsingar um ferðir og veiðar fiskiskipa og sendir rafrændar upplýsingar til útgerða og Fiskistofu. Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að kerfið hafi náð ágætri útbreiðslu hjá útgerðum á Íslandi og erlendis. **-dh**

„Göngum í öll störf“

Vegamót er veitinga- og skemmtistaður í miðbænum. Matargerð er alþjóðleg og má finna á matseðlinum allt frá spænskri paellu yfir í klassísk-ameríska hamborgara. Um helgar umbreytist Vegamót í skemmtistað. *Jón Skaftason* fór og hitti eigendur Vegamóta, þá **Andra Björnsson** og **Óla Má Ólason**, að máli.

Vegamót er staður sem stendur við Vegamótastíg 4. Í rauninni er erfitt að finna eitthvað eitt heiti yfir það hvers konar staður Vegamót er, í rauninni allt í senn veitinga-, skemmtistaður og kaffihús.

Eigendur Vegamóta eru Óli Már Ólason og Andri Björnsson. Andri keypti fyrir skömmu helmingshlut Hauks Víðissonar, sem söðlaði um og setti á fót skemmtistaðinn Óliver við Laugaveg.

Saman höfðu Haukur og Óli átt staðinn í rúm tvö ár, Óli segir þá hafa skilið í góðu: „Haukur var bara orðinn þreyttur á þessu og þurfti að breyta til. Við fögnum samkeppninni.“

Hjá Vegamótum vinna að jafnaði 25 til 30 manns. Á sumrin aukast viðskiptin og þarf þá að fjölga í starfsliðinu. Af þeim sökum er erfitt að nefna fasta tölu starfsmanna.

Vegamót:
Eigendur: Andri Björnsson og Óli Már Ólason
Fjöldi starfsmanna: 25-30
Starfsemi. veitinga-, skemmtistaður og kaffihús
Staðsetning: Vegamótastígur 4

VEITINGASTAÐURINN

Andri segist fyrst og fremst líta á Vegamót sem veitingastað. Enda leggi þeir mikla áherslu á fjölbreyttan og síbreytilegan matseðil, hann sé endurskoðaður með reglulegu millibili auk þess sem á hverjum degi sé boðið upp á rétti dagsins á viðráðanlegu verði: „Við reynum að endurskoða matseðilinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Þá skiptum við út átta til níu réttum og setjum aðra í staðinn“.

Óli segir matargerðina alþjóðlega: „Við erum með hjá okkur í eldhúsinu Spánverja og Argentínumann svo segja má með sanni að við séum alþjóðleg. Það endurspeglast líka í matseðlinum þar sem hægt er að fá rétti víðs vegar að úr heiminum“.

Einnig er hægt að koma og sækja mat og segir Andri slíkt vera vinsælt, sérstaklega meðal þeirra sem búa í nágrenninu: „Það er náttúrlega þægilegt að geta bara stokkið út og náð sér í svanginn“.

SKEMMTISTAÐURINN

Mikið er um fastakúnna og segja þeir félagar að um sé að ræða „miðbæjargengið“, fólk sem lifi og hrærist í miðbænum en einnig komi talsvert úr hverfum 105 og 107. Þetta sé þá fólk sem borði jafnvel á staðnum í hádeginu, komi og fái sér kaffi um miðjan daginn og skemmti sér svo á Vegamótum um helgar.

Andri og Óli segja staðinn þéttsetinn mest allan daginn. Eldhúsið opnar klukkan 11 og fljótlega upp úr því byrjar hádegistraffíkin. Rólegt er síðan á milli þrjú og sex en þó talsvert um að fólk komi og fái sér kaffi. Klukkan sex byrjar svo fólk að koma og fá sér kvöldmat, það stendur síðan alveg til tíu á kvöldin þegar eldhúsið lokar.

Á virkum dögum er kaffihúsastemmning eftir klukkan tíu og eitthvað fram eftir. Um helgar umbreytist veitingahúsið í skemmtistaðinn Vegamót og dansað er fram eftir nóttu við tónlist reykvískra skífuþeytara: „Það troðfyllist allt hérna þegar djammið byrjar og oft komast færri að en vilja,“ segir Óli.

Við hlið Vegamóta er Hótel Skjaldbreið og er innangengt af hótelinu inn á veitingastaðinn. Talsvert er um að gestir hótelsins komi og versli á Vegamótum. Telja þeir félagar að yfir sumartímann komi um þrjátíu prósent tekna fyrirtækisins af erlendum ferðamönnum.

Á sumrin skiptir veðrið gríðarlegu máli að sögn Andra: „Þegar heitt er veðri, fara allir Reykvíkingar í bæinn. Þá opnum við út og staðurinn stækkar um helming“.

GANGA Í ÖLL STÖRF

Aðspurðir um verkaskiptingu þeirra á milli segjast Andri og Óli ganga í öll störf: „Það er gjarnan þannig að annar okkar er að stússast í bókhaldinu eða eitthvað slíkt á meðan hinn er frammi í sal og sinnir tilfallandi verkefnum. Við gerum allt frá því að sópa stéttina hérna fyrir utan yfir í að ganga um og sjá til þess að þjónustan sé í lagi,“ segir Óli.

Þegar talið berst að afkomutölum halda þeir spilunum þétt að brjósti sér. Þeir segja að í veitinga- skemmtistaðageiranum vilji fólk ekki að keppinauturinn viti hvernig gangi. Óli ljóstrar því þó upp að engin vandræði séu í rekstri Vegamóta.

Vissulega hafi þurft að auglýsa fyrst en nú sé reksturinn í öruggum farvegi: „En það þarf að vinna fyrir þessu. Hér er góð þjónusta, góður matur og snyrtilegt,“ hann bætir því við að staðurinn eigi að líta svolítið „röff“ út: „En þannig á það að vera. Það er hluti af sjarmanum. Hér er allt tandurhreint“.

Fréttablaðið/Vilhelm

ÓLI MÁR ÓLASON OG ANDRI BJÖRNSSON EIGENDUR VEGAMÓTA Á sumrin er hægt að opna út og stækkar staðurinn þá um helming: „Þegar heitt er í veðri fara allir Reykvíkingar í bæinn“, segir Andri.

BESTA RÁÐIÐ

Geturðu ekki gert betur en þetta?

Guðfinnur Halldórsson bílasali hefur greinilega farið sínar eigin leiðir í lífinu því hann virðist hafa hunsað flestar ráðleggingar í gegnum tíðina: „Einhverju sinni var mér sagt að ganga í Framsóknarflokkinn, því þá þyrfti ég ekki að hafa áhyggjur af neinu það sem eftir væri. Ég fór þó ekki eftir því frekar en þegar mér var sagt að gerast ríkisstarfsmaður“.

Guðfinnur segir þó besta ráðið hafa komið í skíðaferð á Ítalíu frá félaga sínum, Jóni Helga Guðmundssyni í Byko. Þó hafi kannski frekar verið um hugmynd að auglýsingu að ræða en algilda lífsspeki.

Hafi þeir félagar setið í makindum þegar einhver allra ljótasta bifreið sem þeir hafi augum litið um dagana rennt í hlað, þriggja hjóla ítölsk drusla eins og Guðfinnur orðar það. Hafi Jón þá sagt: „Af hverju kaupirðu ekki einn svona og setur utan á hann límmiða sem á stendur: Geturðu virkilega ekki gert betur en þetta?“. Guðfinnur segir þetta alveg frábæra hugmynd: „Maður tekur mark á mönnum eins og Jóni, sem eru mikilsvirtir í viðskiptalífinu“. **-jsk**

GUÐFINNUR BÍLASALI Ekur ekki um á „ítalskri druslu“.

Tilboð í Neverland rúmlega tveir milljarðar

Michael Jackson þarf að selja eitthvað af eignum.

Michael Jackson þarf líklega að selja eitthvað af eignum sínum en fjárhagserfiðleikar hans snarversnuðu við réttarhöldin yfir honum. Söluandvirði eignanna þarf hann að nota til að eiga fyrir lögfræðikostnaði og komast hjá gjaldþroti. Á meðan réttarhöldunum stóð bárust fregnir af því að starfsfólk á búgarði Michael Jackson, Neverland, hafi ekki fengið greidd laun. Einnig bárust fregnir af því að búið væri að selja Neverland, eða að minnsta kosti að tilboð upp á 35 milljón dali eða rúma tvo milljarða hafi borist. Ætlaði kaupandinn að breyta því í skemmtigarð en ekki hefur fengist staðfest að búið sé að selja Neverland.

Michael Jackson er sagður hafa veðsett lagasafn sitt en lögfræðingar hans sögðu vanmetið hversu mikilla tekna hann gæti aflað.

Á síðustu mánuðum hefur dregið úr plötusölu Jackson um helming að því er fram kemur í The Guardian. - dh

EKKI BÚINN AÐ SELJA NEVERLAND Hefur varla efni á fleiri lýtaaðgerðum.

Rover í rúst

LENGI LIFI ROVER Hætt er við að listamanninum verði ekki ósk sinni því fátt virðist geta bjargað Rover úr þessu.

Skiptastjórar breska bílafyrirtækisins Rover segja eignir fyrirtækisins ekki nægar til að borga lánadrottnum. Rover var tekið til gjaldþrotaskipta í apríl.

Pricewaterhouse Coopers hefur umsjón með þrotabúinu og segir Tony Lomas, starfsmaður fyrirtækisins, stöðuna slæma: „Eins og staðan er í dag skuldar Rover 1,4 milljarða punda. Ég sé ekki fram á að ástandið batni í bráð“.

Lánadrottnar Rover segjast ekki eiga von á að fá mikið til baka af þeim peningum sem þeim er skuldað: „Við erum heppnir ef við fáum fimm sent fyrir hvert pund,“ sagði John Alexander, en fyrirtæki hans, Lander, á um 12 milljónir króna inni hjá Rover.

Nærri öllum 6100 starfsmönnum Rover var sagt upp er fyrirtækið fór í þrot. -jsk

KIM HANDTEKINN Í SUÐUR-KÓREU Sakaður um að hafa dregið sér allt að 1100 milljarða króna úr sjóðum Daewoo.

Forstjóri handtekinn

Fyrrum forstjóri suðurkóreska fyrirtækisins Daewoo, Kim Woochoong, hefur verið handtekinn í Suður-Kóreu. Kim hafði verið á flótta undan réttvísinni frá 1999 en hann er sakaður um að hafa dregið sér allt að 1100 milljarða króna úr sjóðum fyrirtækisins.

Kim hafði ferðast um Evrópu í millitíðinni og er orðinn franskur ríkisborgari.

Daewoo, sem meðal annars framleiddi bíla, hrundi með braki og brestum í kjölfarið á fjármálakreppunni í Asíu og hafði gjaldþrot fyrirtækisins þær afleiðingar að Suður-Kórea þurfti að biðja um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að rétta hagkerfið við. -jsk

Berlusconi sýnir Ólympíuanda

Forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi, hefur lofað milljarði króna úr ríkissjóði til að hjálpa skipuleggjendum vetrarólympíuleikanna sem fram fara í Tórínó 2006.

Framkvæmdir eru á eftir áætlun og vantar enn talsvert upp á að endar nái saman. Framlag ríkisstjórnarinnar ætti þó að gera skipuleggjendum kleift að klára framkvæmdir í tæka tíð.

Ítölsk lög banna þó ríkinu að leggja fé beint til framkvæmdarinnar en farið var í kringum lögin með því að stofna sérstakt fyrirtæki sem gegndi hlutverki milliliðs.

„Við unnum öll saman til að klára verkefni sem mun auka veg og vegsemd Ítalíu,“ sagði Berlusconi.

Vetrarólympíuleikarnir verða settir í Tórínó þann 10. febrúar 2006. -jsk

SILVIO BERLUSCONI FORSÆTISRÁÐHERRA ÍTALÍU Lét sig ekki muna um að leggja fé úr ríkissjóði til framkvæmdar vetrarólympíuleikanna, þótt ítölsk lög banni það.

Kaupa á vanmetin félög

Áhersla er lögð á að selja þegar markaðsvirðið er sjö prósentum undir kaupverði án undantekninga. Dögg Hjaltalín sat námskeið hjá Eignastýringu Íslandsbanka um val á frábærum fyrirtækjum og tímasetningu markaðarins.

Fjárfesta á í hlutabréfum fyrirtækja þar sem markaðsverð þeirra er langt undir útreiknuðu verðmæti þeirra. Val á frábærum fyrirtækjum snýst ekki um tilfinningu heldur samanburð á helstu kennitölum. Reynt er að reikna út raunverulegt verðmæti fyrirtækja miðað við þekktar stærðir úr rekstrinum.

Í stuttu máli er virði fyrirtækja fundið með því að leggja saman tekjur fyrirtækisins í framtíðinni og reikna út virði þess á verðlagi dagsins í dag. Innra verðmætið er oftast reiknað á hlut og þannig er hægt að bera það saman við markaðsverð hlutabréfs.

Við greininguna er litið á þætti eins og efnahagsumhverfi og stöðu atvinnugreinarinnar, upplýsingar um rekstur og stjórnun svo sem tekjur, hagnað, eignir, skuldir og framtíðarvöxt og fleira.

VERÐMAT BANKANNA SAMANBORIÐ VIÐ GENGI FYRIRTÆKJANNA Í ÚRVALSVÍSITÖLUNNI

	Íslandsbanki	KB banki	Landsbanki	Gengi*
Actavis Group	35,4	33,1	32,4	39,60
Atorka Group			4,35	5,90
Bakkavör Group	37,2	36,4	28,3	35,30
Burðarás	11,7		11,2	14,60
FL Group	13,9		13,85	15,60
Íslandsbanki	-	9,65	11,5	13,60
KB banki	549	-	531	528,00
Kögun			49,1	59,30
Landsbankinn	15	7,5	-	16,70
Marel	52,7	52,8	49,3	56,30
Og Vodafone	4,1	3	4,01	4,05
Straumur	10		8,5	12,30
Össur	79	62,4	61,2	77,50

*Miðað við lokagengi 13. júní 2005

SIGURÐUR B. STEFÁNSSON Kennir á námskeiðum Íslandsbanka um val á frábærum fyrirtækjum og tímasetningu markaðarins.

Margrét Sveinsdóttir, forstöðumaður Verðbréfavaktar Íslandsbanka, segir nokkrar kennitölur vera verðar nánari skoðunar og meðal þeirra séu arðsemi eiginfjár, aukning í hagnaði, aukning í sölu, hagnaður á hlut, V/H hlutfall eða verð í hlutfalli við hagnað, eign í hlutfalli við viðskipti stofnanafjárfesta og eign í hlutfalli við viðskipti eigenda og innherja.

MÁLIÐ ER *Val á frábærum fyrirtækjum*

Greiningardeildir bankanna vinna verðmat á fyrirtækjum og reyna þar að finna út innra verðmæti þeirra. Má segja að tilgangurinn sé að leggja mat á hve mikil verðmæti verði til í rekstrinum. Greiningardeildir nota sjóðstreymisgreiningu en hún gengur út á að gera áætlanir fram í tímann og finna innra virði þannig.

Eins og sjá má á samantekt greiningardeilda Íslandsbanka, KB banka og Landsbankans er markaðsvirði þeirra allra nema KB banka yfir verðmati bankanna á þeim. Fjárfestar sem hyggjast velja fyrirtæki út frá innra virði þurfa því að líta út fyrir landsteinana.

Á námskeiðinu var einnig lögð áhersla á það að fjárfestar selji hlut sinn ef félagið lækkar um sjö prósent frá kaupverði án undantekninga. Sigurður B. Stefánsson lagði áherslu á að ef fjárfestingum fyndist fyrirtækið áhugavert ætti það frekar að kaupa aftur hlut í félaginu heldur en að eiga hlutinn meðan gengið lækkar meira. Með þessari reglu kæmu fjárfestar í veg fyrir að tapa miklu.

Eignastýring Íslandsbanka stendur fyrir námskeiðum fyrir fjárfesta þar sem kenndar eru aðferðir við að velja frábær fyrirtæki og að tímasetja markaðinn. Kennarar þar eru Sigurður B. Stefánsson, Margrét Sveinsdóttir og Ingólfur S. Kristjánsson.

VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDIÐ

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbílsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16“ álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysiöflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíl ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.

Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

WORLD CAR OF THE YEAR AWARDS

Volvo V50 bensín.
Verð frá 2.545.000 kr.*

Volvo V50 dísil.
Verð frá 2.845.000 kr.*

GO ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

BOLTINN Á NÝJAN STAÐ? Sjónvarpsstöðin BSkyB hefur átt réttinn af útsendingum frá hinni sívinsælu ensku Úrvalsdeild undanfarin ár en allt er í heiminum hverfult og hugsanlega nær írska sjónvarpsfyrirtækið Setanta að stela boltanum frá Rupert Murdoch og félögum.

Sky að tapa boltanum

Breski sjónvarpsrisinn BSkyB, sem er í eigu Ástralans Ruperts Murdoch og hefur árum saman ráðið útsendingarétti frá ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, gæti nú tapað réttinum.

Írska sjónvarpsfyrirtækið Setanta hyggst bjóða í útsendingarétt-inn og hefur einnig boðið einum yfirmanna Sky Sports-sjónvarpsstöðvarinnar, Trevor East, að sjá um íþróttasvið fyrirtækisins. East hefur enn ekki ákveðið hvort hann taki boðinu.

RUPERT MURDOCH, EIGANDI BSKYB-FJÖLMIÐLAVELDISINS BSkyB gæti nú tapað gimsteininum í krúnu sinni: útsendingarétt-inum frá ensku úrvalsdeild-inni í knattspyrnu.

Erfitt gæti reynst fyrir BSkyB að fylla skarð Easts enda þykir hann snjall samningamaður.

BSkyB hóf útsendingar frá úrvalsdeildinni árið 1992 og hefur haldið réttinum síðan. Síðast borgaði BSkyB 120 milljarða króna fyrir þriggja ára samning sem rennur út vorið 2006. - jsk

Trúardeilur í dýragarði

Yfirmenn dýragarðsins í Tulsa í Bandaríkjunum hafa ákveðið að setja upp sýningu sem fjallar um sköpunarsögu Biblíunnar og tengsl hennar við dýralífið.

Mikið hafði verið kvartað yfir þeirri sýningu sem nú stendur yfir en þar er fjallað um tengsl trúarlegra tákna við dýralífið og má meðal annars sjá hindúska helgistyttu af fíl.

Fílsstyttan fór mikið fyrir brjóstið á sköpunarsinnum í Tulsa og kröfðust þeir þess að kristnin fengi sinn stall í dýragarðinum. Stjórn dýragarðsins ákvað að gera gott betur og skipulagði sýningu sem eingöngu verður tileinkuð sköpunarsögunni.

Sýningarstjóri dýragarðsins, Kathleen Buck-Miser, er ekki ánægð með þessa þróun: „Við stefnum í ranga átt. Þetta er dýragarður en ekki kirkja."

Samkvæmt Biblíunni skapaði Guð jörðina á sex dögum fyrir um 6.000 árum. - jsk

GEIT Í DÝRAGARÐI Sköpunarsinnar í Bandaríkjunum vilja að dýragarður í Tulsa setji upp sýningu um sköpunarsögu Biblíunnar. Forsvarsmenn dýragarðsins hyggjast verða við þeirri beiðni.

Apple breytir um örgjörva

Tölvufyrirtækið Apple hyggst breyta um örgjörva í tölvum sínum. Apple hefur frá árinu 1994 notast við örgjörva frá IBM en hyggst nú skipta við Intel.

Árum saman hafa gengið sögusagnir um að Apple hygðist skipta um örgjörva og hækkuðu hlutabréf í fyrirtækinu um 5 prósent þegar Wall Street Journal birti frétt um að Apple og Intel hefðu hafið samningaviðræður.

Intel hefur árum saman verið ráðandi á örgjörvamarkaðnum þótt IBM hafi undanfarið sótt í sig veðrið. Ekki eru þó allir á eitt sáttir við breytinguna enda aðdáendur Apple með eindæmum hrifnir af gamla IBM-örgjörvanum. Þeir telja að breytingin muni koma niður á gæðum afurða fyrirtækisins. - jsk

STEVE JOBS FORSTJÓRI APPLE Jobs heldur hér á nýjustu afurð fyrirtækisins, Mac Mini-tölvunni sem brátt mun innihalda Intel-örgjörva.

KÍNVERSKIR NETVAFRARAR Mega ekki nefna Taívan og sjálfstæði í sömu andrá.

Microsoft ritskoðar

Microsoft-tölvufyrirtækið vinnur nú að því í samvinnu við yfirvöld í Kína að ritskoða allt efni sem fer í gegnum kínverskan vefþjón fyrirtækisins.

Hönnuð hefur verið sérstök sía sem á að stöðva allt óæskilegt efni sem fer í gegnum vefþjóninn. Talsmenn Microsoft þegja þunnu hljóði en franska fréttastofan France-Presse hefur greint frá því að orð á borð við lýðræði og mannréttindi séu á bannlista. Einnig er algerlega bannað að nefna sjálfstæði og Taívan í sömu andrá. -jsk

VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

AURASÁLIN

Nútíðin er lykill framtíðar

Þá er þetta komið af stað. Aurasálin er lögð af stað í leiðanguinn sem mun skila henni á leiðarenda – í ríkidæmi og fjárhagslegt öryggi til æviloka. Aurasálin er búin að stofna sitt eigið fyrirtæki.

Aurasálin er orðin gúrú og er búin að stofna ráðgjafafyrirtækið: „Samhæfðar heildarlausnir Group ehf.“ Fyrirtækið fer líklega á markað í haust og í tilefni af því verður haldin umfangsmikil kynning fyrir fagfjárfesta í vor og í kjölfarið á því verður haldið svalasta partí sem sögur fara af á Íslandi. Aurasálin hefur þegar sett sig í samband við David Beckham og Sylvester Stallone um að mæta á svæðið.

Hugmyndin er í sem fæstum orðum sú að ráðgjafafyrirtækið muni einbeita sér að framtíðinni en þó með hliðsjón bæði af þróun í fortíð og stöðu í nútíð. Fortíðin er grunnur framtíðarinnar og nútíðin er brú á milli fortíðar og framtíðar. Til þess að rata á leiðarenda þurfa bæði markmið og stefnumið að liggja fyrir, ásamt kostgæfnisathugun og næmnigreiningu.

Aurasálin telur að margir í viðskiptalífinu vanmeti nútíðina, ofmeti framtíðina og líti algjörlega framhjá fortíðinni. Þetta getur haft mjög alvarlegar afleiðingar og getur komið í veg fyrir að heildrænar alþjóðlegar og hliðrænar lausnir nái fram að ganga með tilheyrandi samþættingu, hagræðingu og EBITDA framlegð. Með því að binda fortíð og framtíð saman með nútíðina að leiðarljósi skapast möguleiki til samlegðaráhrifa milli hins liðna, þess ókomna og hins framliðna.

Aurasálin spáir því að fyrirtæki morgundagsins séu þau fyrirtæki dagsins í dag sem ekki hafa gleymt gærdeginum. Með samþættingu verður frumkvæði og með frumkvæði verður framsækni. Með framsækni verða framfarir og með framförum verður samþætting og úr samþættingu skapast heildrænt alhliða umhverfi sem er í senn klassískt, nútímalegt og framtíðarhneigt. Með þessum áherslum hyggst Aurasálin brúa bilið milli fortíðar og framtíðar með nútíðinni.

En Aurasálin veit að þekking á atvinnulífinu er ekki nóg til að ná árangri sem framsækinn og nútímalegur ráðgjafi. Allar lausnir þurfa að vera í senn viðmótsþýðar og bjóða upp á alhliða heildarinnleiðingu sem tryggja bæði einsleita og fjölbreytta sýn á upplýsingar og verkferla. Hver verkaðili mun innan kerfis Aurasálarinnar geta þjónustað hvern þjónustuaðila og eiga greiðan aðgang að þeim ráðgjafaraðilum sem eru aðilar að hverju máli.

Nútíð og framtíð Aurasálarinnar eru tryggðar.

Nýtir tækifærin

Ásdísi Höllu Bragadóttur finnst gaman að fara úr pólitík og inn í viðskiptalífið og móta einhverja strauma og stefnur þar.

Fréttablaðið/Hari

ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR „Það er mjög gaman að fara úr pólitík og inn í viðskiptalífið og móta einhverja strauma og stefnur þar.“

Ásdís Halla Bragadóttir tók við forstjórastólnum í Byko í lok maí og er hún upptekin þessa dagana við að kynna sér starfsemi fyrirtækisins. Hún hefur heimsótt starfsemi Byko víða um land. Ásdísi finnst eðlilegra að koma sér inn í starfið með því að heimsækja fólkið sem starfar hjá fyrirtækinu og ræða við það í stað þess að raða hlutum á skrifstofuna sína. Hún segir síðustu daga hafa verið mjög skemmtilega. „Ég hef verið að þvælast um alls kyns verslanir, lagera, skrifstofur og margvíslega ranghala, hvort sem er hjá Byko, Elko, Intersport eða Húsgagnahöllinni. Það er búið að vera mjög gaman og lærdómsríkt.“

TRAUSTUR GRUNNUR

Ásdís Halla segir Byko ganga mjög vel og hennar starf verður að leiða fyrirtækið. Yfir hverri verslanakeðju í Byko eru framkvæmdastjórar og eitt megin hlutverk Ásdísar verður að koma auga á ný tækifæri og nýta þau. Hún segir að eitt af því skemmtilegasta við Byko sé að um leið og grunnurinn sé traustur og hafi djúpar rætur sé fyrirtækið framsækið. „Byko er því mjög spennandi fyrirtæki sem byggir á gömlum merg en er um leið tilbúið að taka áhættu og fara nýjar leiðir sem gaman verður að fást við.“

Ásdís segir mest aðkallandi hverju sinni fyrir öll fyrirtæki sé að sjá tækifærin og halda áfram að mótast. „Það er í raun það sem ég verð upptekin við. Við verðum að sjálfsögðu að vera á tánum við að horfa fram á við og leita að verkefnum og það er stærsta og mikilvægasta verkefnið. Byko verður að þróast með samfélaginu og reyna að vera skrefi á undan til að mæta þörfum viðskiptavinanna sem best.“

Ásdís Halla Bragadóttir
Fæðingardagur: 6. júlí 1968
Maki:Aðalsteinn Jónasson
Börn:Jónas Aðalsteinn 15 ára og Breki 6 ára

Áður gengdi Ásdís Halla starfi bæjarstjóra Garðabæjar en hún hefur ekki áður rekið fyrirtæki. Hún hefur sinnt alls kyns verkefnum og unnið við mismunandi starfsemi. „Þannig er starfið ný áskorun fyrir mig og mjög spennandi. Ég á eftir að læra margt og það er margt í þessari starfsemi sem ég á eftir að kynna mér betur. En á sama tíma þarf ég að gæta þess að fara ekki of mikið í daglegan rekstur og passa mig á því að hafa góða yfirsýn.

GARÐABÆR LÍKUR BYKO

Ásdís Halla var bæjarstjóri í Garðabæ áður en hún tók við forstjórastólnum í Byko. Þykir hún hafa staðið framarlega í skipulagsmálum og tekið þarft skref sem önnur sveitarfélög hafa ekki þorað eða viljað taka. Er framtíðarskipulag Garðabæjar gott dæmi um það. „Það er mjög gaman að fara úr pólitík og inn í viðskiptalífið og móta einhverja strauma og stefnur þar.“

Ásdís segist hafa tekið þátt í því með samstarfsfólki bæði í pólitíkinni og meðal embættismannanna að koma með nýjar hugmyndir um starfsemi sveitarfélagsins sem hafi fengið mjög góðar viðtökur. „Garðabær er rótgróið sveitarfélag með mikla sögu og sterka menningu. En á sama tíma hefur Garðabær verið tilbúinn að fara nýjar leiðir. Mér finnst spennandi að líta á Byko með sambærilegum hætti.“

Ásdís Halla hefur búið í Garðabæ frá 1994 með einu hléi. Þar býr hún ásamt manni sínum, Aðalsteini Jónassyni og tveimur sonum sínum, þeim Jónasi Aðalsteini og Braga. Bragi er sex ára og stundar nám við Hjallastefnuskólann hjá Margréti Pálu. Jónas, sem er 15 ára, er nýútskrifaður úr Garðaskóla og hyggst halda áfram námi í haust. Ásdís Halla segir hann nú standa frammi fyrir því að velja framhaldsskóla og nokkrir góðir kostir séu í boði.

FLUTTI OFT SEM BARN

Ásdís Halla hefur brennandi áhuga á pólitík og segist alltaf hafa haft. „Ég alltaf haft mikinn áhuga á pólitík, alveg frá því að ég var smástelpa. Ég var ein að þvælast á pólitískum fundum þegar vinir mínir voru að gera eitthvað skemmtilegt eins og að vera í félagsmiðstöðinni.“

En hvað finnst henni svona skemmtilegt við pólitík? „Ég held að það sé forvitni. Ég hef mikinn áhuga á samfélaginu og viðskiptalífinu og hef alltaf haft gaman að því.“

Ástæðuna fyrir þessari forvitni og áhuga á samfélögum telur hún vera þá að hún flutti oft sem krakki og þá milli mismunandi samfélaga, allt frá sjávarþorpum til stórborga. „Ég held að þessir flutningar hafi kveikt í mér áhuga á fólki, samfélagi, bæjum, borgum og löndum. Af hverju hlutirnir eru öðruvísi hér en þar? Af hverju virkar eitthvað hér en virkar ekki þar? Af hverju má maður hegða sér öðruvísi hér en þar?“

GAMAN AÐ LÆRA

Ásdís segist vera sveitastelpa. Á framhaldsskólaárunum bjó hún á Akranesi og stundaði því nám við Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi. Seinna flutti hún til Reykjavíkur til að læra stjórnmálafræði í Háskólanum. Eftir það starfaði hún sem blaðamaður á viðskiptablaði Morgunblaðsins en fékk svo leyfi þaðan til að gegna stöðu framkvæmdastjóra þingflokks Sjálfstæðismanna. Eftir það varð Ásdís Halla aðstoðarmaður menntamálaráðherra og svo lá leið hennar til Boston, nú til að læra MPA. Hún var svo komin í vinnu fyrir Háskólann í Reykjavík þegar bæjarstjórastaðan í Garðabæ losnaði.

Ásdís er mjög heilluð af námi og finns gaman að læra eitthvað nýtt. „Það er kannski hluti af því að skipta um starf og snúa svona við blaðinu eins og ég er að gera. Mér finnst mikil forréttindi að vera á fullu kaupi við að læra eitthvað nýtt og fá tækifæri til verja tíma með fullt af áhugaverðu fólki til að hella mér á kaf í starfsemi Byko.“

OPNA Í LETTLANDI

En hvað er svo á döfinni hjá Ásdísi Höllu á næstunni annað en að koma sér inn í starfið í Byko? Hún segir að í sjálfu sér fari mesta orkan í það næstu mánuðina að kynna sér starfið og því fari hún varlega í allar yfirlýsingar um nýjungar eða breytingar í rekstrinum. Nefnir þó að eitt af því sem sé spennandi sé opnun verslana í Lettlandi undir heitinu Depo. „Fyrsta verslunin opnar seinna í sumar en í Lettlandi eru þrjár verslanir í undirbúningi á þessu ári.“

Opnun verslana eru ekki fyrstu skref Byko í Lettlandi því fyrir er timburframleiðsla sem heyrir undir eignarhaldsfélagið Norvik, sem Byko er hluti af. Ásdís Halla segir opnun verslananna ekki upphafið að neinni útrás. Jón Helgi Guðmundsson, eigandi Byko, hafi um langt skeið verið mikið í alþjóðasamskiptum og náð þar góðum árangri í fjölþættum verkefnum. Opnun verslananna sé eðlilegt framhald af því starfi.

Óhætt er að fullyrða að mörg krefjandi verkefni bíða Ásdísar Höllu og hún á eflaust margt eftir ólært. Hún lítur á það mjög jákvæðum augum, uppfull af orku til að takast á við námið.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Ásdísi Höllu Bragadóttur
forstjóra BYKO

Hádegisverður fyrir tvo á Kaffihorninu í BYKO

Saltfiskréttur Kaffihornsins ásamt salati og ávöxtum

Drykkir:
Pepsi
Vatn
Kaffi með mjólk
Maturinn var í boði Ásdísar Höllu

AÐDÁENDUR MANCHESTER UNITED MÓTMÆLA YFIRTÖKU MALCOLMS GLAZER Ekki virðast öll kurl komin til grafar í yfirtökumálinu enn. Nú vill ríkisstjórn Bretlands að samkeppnisyfirvöld kynni sér málið.

Braut Glazer samkeppnislög?

Skorað hefur verið á samkeppnisyfirvöld að rannsaka yfirtöku Malcolms Glazer á Manchester United. Þingmenn efri deildar hafa áhyggjur af skuldsetningu félagsins.

Ríkisstjórn Bretlands telur að samkeppnisyfirvöld í landinu ættu að taka kaup bandaríska auðkýfingsins Malcolms Glazer á knattspyrnustórveldinu Manchester United til skoðunar.

„Ríkisstjórnin telur að rannsaka eigi hvort Glazer hafi brotið samkeppnislög þegar hann keypti Manchester United. Knattspyrnufélög eiga að vera vel rekin og í góðum tengslum við grasrótina," sagði Byron Davies lávarður, fulltrúi stjórnar Verkamannaflokksins í efri deild þingsins.

Davies var að svara fyrirspurn frá flokksbróður sínum, Alfred Morris lávarði, sem einmitt kemur frá Manchesterborg. Morris sagðist hafa miklar áhyggjur af kaupunum og þá sérstaklega því að þau hafi verið fjármögnuð að mestu með lántökum: „Maður hlýtur að spyrja sig hvernig ríkasta knattspyrnulið heims verður á einum degi það skuldsettasta".

Glazer hefur nú rúman 97 prósent hlut í Manchester United undir höndum og virðist yfirtaka hans ekki hafa meiri áhrif en svo að metfjöldi aðgöngumiða hefur verið seldur fyrir næsta tímabil. **-jsk**

Grínisti verður stjórnarformaður

Uppistandarinn Zhao er orðinn stjórnarformaður hjá kínversku knattspyrnuliði. Hvert hneykslið rekur annað í kínversku ofurdeildinni.

Nýr stjórnarformaður hefur tekið við taumunum hjá kínverska knattspyrnuliðinu Liaoning. Sá heppni heitir Zhao Benshan og er frægur grínisti í Kína. Zhao sér meðal annars um vikulegan uppistandsþátt í Kínverska ríkissjónvarpinu.

„Með Zhao innanborðs opnast alveg nýr heimur. Við getum notað vinsældir hans til að auka tekjur okkar," sagði stjórnarmaðurinn Zhung Shuguang.

„Ímynd mín er lykillinn að velgengni okkar. Ég tek við starfinu með það að markmiði að snúa við dæminu og fá áhorfendur aftur á völlinn," sagði Zhao.

Kínverjar stofnuðu í fyrra Ofurdeildina sem er efsta deild þar í landi. Fyrsta árið gekk tiltölulega vel en á tímabilinu sem nú stendur yfir hefur hvert hneykslið rekið annað og er svo komið að áhorfendur eru hættir að láta sjá sig á vellinum.

Í síðustu viku var markvörður toppliðsins Dalian dæmdur í keppnisbann fyrir að hafa viljandi hleypt inn mörkum. Markvörðurinn kveðst saklaus, kennir um holum í vellinum og segir varnarmenn Dalian ekki í ofurdeildarklassa. **-jsk**

KÍNVERSKIR KNATTSPYRNUAÐDÁENDUR Kínverska ofurdeildin hefur ekki gengið sem skyldi. Eitt liða deildarinnar freistar þess nú að bjarga fjárhagnum með því að gera landsfrægan grínista að stjórnarformanni.

Khodorkovskí ekki sá síðasti

Varayfirsaksóknari Rússlands, Vladimír Kolesníkov, segir að Mikhaíl Khodorkovskí verði ekki síðasti rússneski ólígarkinn sem dreginn verður fyrir rétt.

Olígarkarnir svokölluðu auðguðust við einkavæðingu ríkisfyrirtækja eftir fall Sovétríkjanna. Fengu þeir margir fyrirtæki sín á silfurfati. Khodorkovskí var á dögunum dæmdur í níu ára fangelsi fyrir fjár- og skattsvik.

„Kodorkovskí er bara sá fyrsti," sagði Kolesníkov og bætti við: „Þeir eru á flótta undan réttvísinni. Ef þeir hefðu ekki flúið hefðu þeir kannski fengið mannúðlegri meðferð. Það verður ekki aftur snúið."

Ekki er vitað nákvæmlega hverja Kolesníkov átti við. **- jsk**

MIKHAÍL KHODORKOVSKÍ Bara fyrstur í röðinni. Varayfirsaksóknari Rússlands segir öðrum ólígörkum að vara sig.

Eimskip flytur mjöl

Kaupa skip til að annast aukna flutninga.

Eimskip hefur samið við SR-mjöl hf. og Fóðurblönduna hf. um að annast heildarflutninga á mjöli til og frá landinu og mun félagið festa kaup á nýju skipi í þessu skyni. Annars vegar mun Eimskip taka að sér að flytja 80 þúsund tonn af fiskimjöli árlega fyrir SR-mjöl til áfangastaða í Norður-Evrópu en hins vegar um 60 þúsund tonn árlega af fóðurmjöli til landsins fyrir Fóðurblönduna. Til viðbótar við stórflutningaskipið Trinket, sem Eimskip á, mun verða keypt sérstaklega skip til að annast þessa auknu flutninga og mun það geta flutt allt að 2.300 tonn í hverri ferð.

Samkvæmt samningi við Fóðurblönduna mun Eimskip taka að sér alla flutninga á fóðri til landsins á vegum fyrirtækisins, en Fóðurblandan er stærsti innflytjandi á fóðri til Íslands. **-dh**

Skipulagsstofnun

SVIÐSSTJÓRI SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐS

Leitað er að sviðsstjóra hjá Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun heyrir undir umhverfisráðherra og starfar samkvæmt skipulags-og byggingarlögum nr. 73/1997 og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun er umhverfisráðherra til aðstoðar við yfirstjórn og framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum.

Hjá Skipulagsstofnun starfar metnaðarfullt samhent lið sérfræðinga. Stofnunin skiptist í þrjú svið; þjónustusvið, skipulags-og byggingarsvið og umhverfissvið. Heimasíða Skipulagsstofnunar er: www.skipulag.is

Helstu verkefni eru:

- Dagleg stjórn skipulags- og byggingarsviðs, þátttaka í ákvörðunum um ráðningar og starfskjör á sviðinu og framkvæmd starfsmannasamtala á sviðinu.
- Ábyrgð á og umsjón með afgreiðslum, leiðbeiningum og öðrum verkefnum skv. skipulags- og byggingarlögum, sbr. stefnu og uppbyggingu Skipulagsstofnunar.
- Áætlanagerð fyrir skipulags- og byggingarsvið, sbr. árangursstjórnun.
- Þátttaka í stefnumörkun og áætlanagerð um rannsóknir og þróun, útgáfu- og kynningarmál og verklags og gæðamál.
- Samstarf við umhverfisráðuneyti og umsagnir til ráðuneyta og Alþingis um tillögur að breytingum á þeim lögum sem stofnunin starfar eftir.
- Vera staðgengill skipulagsstjóra í fjarveru hans og önnur þau verkefni sem skipulagsstjóri kann að fela sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs.

Þú þarft að...

- Beita árangursmiðuðum aðferðum.
- Vera skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.
- Eiga gott með samstarf og sýna frumkvæði í starfi.
- Hafa þekkingu á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Hafa æðri námsgráðu í skipulagsfræðum eða skyldum greinum ásamt víðtækri reynslu.

Laun greiðast samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar
Þeim sem vilja spyrjast nánar fyrir um þetta starf er velkomið að hafa samband við Þórð S. Óskarsson hjá Intellecta í síma 511 1225.

Umsókn
Umsókn sendist til Intellecta á neðangreint heimilisfang eða á thordur@intellecta.is fyrir 20. júní 2005. Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförnum árum og sem hann telur að koma muni að gagni í þessu starfi.

Gætt verður trúnaðar varðandi fyrirspurnir. Öllum umsóknum verður svarað.

intellecta

Intellecta ehf
Lágmúla 6
108 Reykjavík
Sími 511 1225
Fax 511 1226
intellecta@intellecta.is
www.intellecta.is

Slegist um Rauða jakkann

Árlegt golfmót Og Vodafone.

Og Vodafone hélt árlegt golfmót fyrir viðskiptavini fyrirtækisins á Grafarholtsvelli nýlega þar sem keppt var um Rauða jakkann. Í kringum 80 manns frá fjölmörgum fyrirtækjum tóku þátt og voru þeir sem náðu bestum árangri leystir út með gjöfum. Og Vodafone hljómsveitin gladdi gesti með fjörlegum tónum í mótslok. Viggó H. Viggósson, Tölvudreifingu, var með besta skorið á 79 höggum. Sigtryggur Hilmarsson, Vistor, varð hins vegar í fyrsta sæti á 41 punkti. Hann hlaut að launum Rauða jakkann, Nokia 9500 og 30 þúsund króna gjafabréf frá 66° Norður. Ingi Þór Hermannsson, Esso, varð í öðru sæti á 39 punktum. Í þriðja sæti hafnaði Kristján Daníelsson, Hótel Sögu, einnig á 39 punktum. -dh

SVEIFLA Í GOLFSKÁLNUM Og Vodafone hljómsveitin hélt uppi fjöri í kringum verðlaunaafhendingu.

RAUÐI JAKKINN OG FLEIRI GRIPIR VORU Í VERÐLAUN Verðlaunahafar ásamt Eiríki S. Jóhannssyni forstjóra Og Vodafone.

Fréttablaðið/Páll

NIVEA, LABELLO OG HANSAPLAST ERU MEÐAL VÖRUMERKJA BEIERSDORF Jean Dominique Rugiero, Uwe Finnern, framkvæmdastjóri Beiersdorf Nordic Region og Ólafur Gylfason, framkvæmdastjóri Beiersdorf ehf.

Beiersdorf opnað á Íslandi

Uwe Finnern, framkvæmdastjóri Beiersdorf Nordic Region, opnaði formlega útibú Beiersdorf AG á Íslandi en Beiersdorf ehf. tók við sölu- og markaðssetningu á vörumerkjum BDF hérlendis 1. maí síðastliðinn. Beiersdorf framleiðir m.a. Nivea, Eucerin, Hansaplast, 8x4, Basis, Gammon, Labello, Atrix, Dobbeldush og Futuro.

Beiersdorf AG var stofnað 1882 en hjá því vinna rúmlega 16.000 manns. Ársvelta Beiersdorf AG var 4.546 milljónir evrur árið 2004.

Parlogis hf. var valið til að annast alla vöruhýsingu og dreifingu fyrir hönd Beiersdorf sem einbeitir sér eingöngu að sölu- og markaðssetningu.

Karl K. Karlsson hf. var umboðsaðili Beiersdorf frá 2002-2005, J.S. Helgason ehf. frá 1947-2002 og Sturlaugur Jónsson hf. fyrir tíð J.S. Helgasonar.

Tískusýning í kjölfar hlutafjárútboðs

Eftirspurn tæp níföld en 1,2 milljarðar voru falir.

Í hlutafjárútboði Mosaic Fashions óskuðu 2.391 fjárfestar eftir að kaupa hluti fyrir samtals 10.7 milljarða króna að söluvirði. Í boði voru hins vegar nýir hlutir að söluvirði 1.200 milljónir króna. Eftirspurn almennra fjárfesta eftir hlutum í Mosaic Fashions hf. var 8,7föld. Verður fjárfestum því úthlutað minna hlutafé en þeir skráðu sig fyrir. Hlutafjárútboð Mosaic Fashion hf. til almennra fjárfesta kemur í kjölfar vel heppnaðs útboðs félagsins til fagfjárfesta í maí síðastliðnum segir í tilkynningu frá félaginu. Þá bauð félagið til sölu nýja hluti að söluvirði um 3,7 milljarðar króna og óskuðu fagfjárfestar þá eftir fjórfaldri þeirri upphæð. Áformað er að Mosaic Fashion hf. verði skráð í Kauphöll Íslands eigi síðar en þann 21. júní næstkomandi. Mosaic Fashions hf. er eigandi nokkurra helstu vörumerkja á sviði kvenfatnaðar í Bretlandi, Oasis, Karen Millen, Coast og Whistles. - dh

VIÐSKIPTALÍF OG TÍSKA SAMEINUÐUST GÓÐA KVÖLDSTUND Jóhannes Jónsson í Bónus og Guðrún Þórsdóttir.

Fréttablaðið/Hörður, Páll, Heiða

UNDIRFATALÍNA OASIS VAR SÝND VIÐ GÓÐAR UNDIRTEKTIR Nærföt eru jafnmikilvægur hluti af „lúkkinu“ og hver önnur spjör.

GLATT Á HJALLA Jón Ásgeir Jóhannesson, Dorrit Moussaieff, forsetafrú og Ingibjörg Pálmadóttir, athafnakona.

KAREN MILLEN ER DÝRASTA MERKIÐ INNAN OASIS Áhorfendur voru kvaddir með hvítum pels.

KB BANKI ER STÓR HLUTHAFI Í MOSAIC Anna Lísa Sigurjónsdóttir, Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, Þórdís J. Sigurðardóttir og Kristján Vigfússon.

Hluthafafundur

Stjórn Samskipa hf. boðar til hluthafafundar mánudaginn 20. júní 2005 kl. 16.00 síðdegis í ráðstefnusal að Kjalarvogi 7-15, Reykjavík.

Dagskrá fundarins er:

1. Tillaga um heimild til stjórnar, til allt að fimm ára, til að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 700.000.000 að nafnverði, á því gengi sem stjórnin ákveður, þó þannig að hluthafar falli frá forkaupsrétti að hækkuninni. Tillagan gerir ráð fyrir að gildandi heimild stjórnar til að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 300.000.000 verði jafnframt felld niður.

2. Önnur mál löglega upp borin.

Fundargögn, þ.m.t. framangreind tillaga, verða hluthöfum til afhendingar á skrifstofu félagsins viku fyrir hluthafafundinn.

Stjórn Samskipa hf.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

AUGLÝSINGASTOFA / CB-0101-02

EFNALAUG

Á góðum stað í góðum rekstri til margra ára, ábatasamur rekstur í eigin húsnæði.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - hvíldingar um fínn hug -

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Suðurlandsbraut 50 - blái bláin v/Faxafen - 108 Reykjavík Salómon Jónsson löggiltur fasteignasali

BLÓMABÚÐ

Umgjörð og staðsetning gefur góða möguleika, heimasíða fylgir í kaupunum, tilvalið fyrir samhent hjón eða tvo einstaklinga

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - hvíldingar um fínn hug -

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Suðurlandsbraut 50 - blái bláin v/Faxafen - 108 Reykjavík Salómon Jónsson löggiltur fasteignasali

DVD LEIGA

DVD leiga í stórgóðu húsnæði, vandað grill er í húsnæðinu og ísvél. Leigan er staðsett í Garðabæ. Gott tækifæri.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - hvíldingar um fínn hug -

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Suðurlandsbraut 50 - blái bláin v/Faxafen - 108 Reykjavík Salómon Jónsson löggiltur fasteignasali

EIGENDUR FYRIRTÆKJA ATHUGIÐ

Vegna snarprar sölu á minni fyrirtækjum undanfarið óskum við eftir minni fyrirtækjum á skrá, velta allt að 100 milljónir.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - hvíldingar um fínn hug -

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Suðurlandsbraut 50 - blái bláin v/Faxafen - 108 Reykjavík Salómon Jónsson löggiltur fasteignasali

Kaupa á vanmetin félög

Áhersla er lögð á að selja þegar markaðsvirðið er sjö prósentum undir kaupverði án undantekninga. Dögg Hjaltalín sat námskeið hjá Eignastýringu Íslandsbanka um val á frábærum fyrirtækjum og tímasetningu markaðarins.

Fjárfesta á í hlutabréfum fyrirtækja þar sem markaðsverð þeirra er langt undir útreiknuðu verðmæti þeirra. Val á frábærum fyrirtækjum snýst ekki um tilfinningu heldur samanburð á helstu kennitölum. Reynt er að reikna út raunverulegt verðmæti fyrirtækja miðað við þekktar stærðir úr rekstrinum.

Í stuttu máli er virði fyrirtækja fundið með því að leggja saman tekjur fyrirtækisins í framtíðinni og reikna út virði þess á verðlagi dagsins í dag. Innra verðmætið er oftast reiknað á hlut og þannig er hægt að bera það saman við markaðsverð hlutabréfs.

Við greininguna er litið á þætti eins og efnahagsumhverfi og stöðu atvinnugreinarinnar, upplýsingar um rekstur og stjórnun svo sem tekjur, hagnað, eignir, skuldir og framtíðarvöxt og fleira.

VERÐMAT BANKANNA SAMANBORIÐ VIÐ GENGI FYRIRTÆKJANNA Í ÚRVALSVÍSITÖLUNNI

	Íslandsbanki	KB banki	Landsbanki	Gengi*
Actavis Group	35,4	33,1	32,4	39,60
Atorka Group			4,35	5,90
Bakkavör Group	37,2	36,4	28,3	35,30
Burðarás	11,7		11,2	14,60
FL Group	13,9		13,85	15,60
Íslandsbanki	-	9,65	11,5	13,60
KB banki	549	-	531	528,00
Kögun			49,1	59,30
Landsbankinn	15	7,5	-	16,70
Marel	52,7	52,8	49,3	56,30
Og Vodafone	4,1	3	4,01	4,05
Straumur	10		8,5	12,30
Össur	79	62,4	61,2	77,50

*Miðað við lokagengi 13. júní 2005

SIGURÐUR B. STEFÁNSSON Kennir á námskeiðum Íslandsbanka um val á frábærum fyrirtækjum og tímasetningu markaðarins.

Margrét Sveinsdóttir, forstöðumaður Verðbréfavaktar Íslandsbanka, segir nokkrar kennitölur vera verðar nánari skoðunar og meðal þeirra séu arðsemi eiginfjár, aukning í hagnaði, aukning í sölu, hagnaður á hlut, V/H hlutfall eða verð í hlutfalli við hagnað, eign í hlutfalli við viðskipti stofnanafjárfesta og eign í hlutfalli við viðskipti eigenda og innherja.

MÁLIÐ ER *Val á frábærum fyrirtækjum*

Greiningardeildir bankanna vinna verðmat á fyrirtækjum og reyna þar að finna út innra verðmæti þeirra. Má segja að tilgangurinn sé að leggja mat á hve mikil verðmæti verði til í rekstrinum. Greiningardeildir nota sjóðstreymisgreiningu en hún gengur út á að gera áætlanir fram í tímann og finna innra virði þannig.

Eins og sjá má á samantekt greiningardeilda Íslandsbanka, KB banka og Landsbankans er markaðsvirði þeirra allra nema KB banka yfir verðmati bankanna á þeim. Fjárfestar sem hyggjast velja fyrirtæki út frá innra virði þurfa því að líta út fyrir landsteinana.

Á námskeiðinu var einnig lögð áhersla á það að fjárfestar selji hlut sinn ef félagið lækkar um sjö prósent frá kaupverði án undantekninga. Sigurður B. Stefánsson lagði áherslu á að ef fjárfestingum fyndist fyrirtækið áhugavert ætti það frekar að kaupa aftur hlut í félaginu heldur en að eiga hlutinn meðan gengið lækkar meira. Með þessari reglu kæmu fjárfestar í veg fyrir að tapa miklu.

Eignastýring Íslandsbanka stendur fyrir námskeiðum fyrir fjárfesta þar sem kenndar eru aðferðir við að velja frábær fyrirtæki og að tímasetja markaðinn. Kennarar þar eru Sigurður B. Stefánsson, Margrét Sveinsdóttir og Ingólfur S. Kristjánsson.

VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDIÐ

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbílsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16“ álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysiöflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíl ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.

Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

WORLD CAR OF THE YEAR AWARDS

Volvo V50 bensín.
Verð frá 2.545.000 kr.*

Volvo V50 dísil.
Verð frá 2.845.000 kr.*

GO ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

BOLTINN Á NÝJAN STAÐ? Sjónvarpsstöðin BSkyB hefur átt réttinn af útsendingum frá hinni sívinsælu ensku Úrvalsdeild undanfarin ár en allt er í heiminum hverfult og hugsanlega nær írska sjónvarpsfyrirtækið Setanta að stela boltanum frá Rupert Murdoch og félögum.

Sky að tapa boltanum

Breski sjónvarpsrisinn BSkyB, sem er í eigu Ástralans Ruperts Murdoch og hefur árum saman ráðið útsendingarétti frá ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, gæti nú tapað réttinum.

Írska sjónvarpsfyrirtækið Setanta hyggst bjóða í útsendingarétt-inn og hefur einnig boðið einum yfirmanna Sky Sports-sjónvarpsstöðvarinnar, Trevor East, að sjá um íþróttasvið fyrirtækisins. East hefur enn ekki ákveðið hvort hann taki boðinu.

RUPERT MURDOCH, EIGANDI BSKYB-FJÖLMIÐLAVELDISINS BSkyB gæti nú tapað gimsteininum í krúnu sinni: útsendingarétt-inum frá ensku úrvalsdeild-inni í knattspyrnu.

Erfitt gæti reynst fyrir BSkyB að fylla skarð Easts enda þykir hann snjall samningamaður.

BSkyB hóf útsendingar frá úrvalsdeildinni árið 1992 og hefur haldið réttinum síðan. Síðast borgaði BSkyB 120 milljarða króna fyrir þriggja ára samning sem rennur út vorið 2006. - jsk

Trúardeilur í dýragarði

Yfirmenn dýragarðsins í Tulsa í Bandaríkjunum hafa ákveðið að setja upp sýningu sem fjallar um sköpunarsögu Biblíunnar og tengsl hennar við dýralífið.

Mikið hafði verið kvartað yfir þeirri sýningu sem nú stendur yfir en þar er fjallað um tengsl trúarlegra tákna við dýralífið og má meðal annars sjá hindúska helgistyttu af fíl.

Fílsstyttan fór mikið fyrir brjóstið á sköpunarsinnum í Tulsa og kröfðust þeir þess að kristnin fengi sinn stall í dýragarðinum. Stjórn dýragarðsins ákvað að gera gott betur og skipulagði sýningu sem eingöngu verður tileinkuð sköpunarsögunni.

Sýningarstjóri dýragarðsins, Kathleen Buck-Miser, er ekki ánægð með þessa þróun: „Við stefnum í ranga átt. Þetta er dýragarður en ekki kirkja."

Samkvæmt Biblíunni skapaði Guð jörðina á sex dögum fyrir um 6.000 árum. - jsk

GEIT Í DÝRAGARÐI Sköpunarsinnar í Bandaríkjunum vilja að dýragarður í Tulsa setji upp sýningu um sköpunarsögu Biblíunnar. Forsvarsmenn dýragarðsins hyggjast verða við þeirri beiðni.

Apple breytir um örgjörva

Tölvufyrirtækið Apple hyggst breyta um örgjörva í tölvum sínum. Apple hefur frá árinu 1994 notast við örgjörva frá IBM en hyggst nú skipta við Intel.

Árum saman hafa gengið sögusagnir um að Apple hygðist skipta um örgjörva og hækkuðu hlutabréf í fyrirtækinu um 5 prósent þegar Wall Street Journal birti frétt um að Apple og Intel hefðu hafið samningaviðræður.

Intel hefur árum saman verið ráðandi á örgjörvamarkaðnum þótt IBM hafi undanfarið sótt í sig veðrið. Ekki eru þó allir á eitt sáttir við breytinguna enda aðdáendur Apple með eindæmum hrifnir af gamla IBM-örgjörvanum. Þeir telja að breytingin muni koma niður á gæðum afurða fyrirtækisins. - jsk

STEVE JOBS FORSTJÓRI APPLE Jobs heldur hér á nýjustu afurð fyrirtækisins, Mac Mini-tölvunni sem brátt mun innihalda Intel-örgjörva.

KÍNVERSKIR NETVAFRARAR Mega ekki nefna Taívan og sjálfstæði í sömu andrá.

Microsoft ritskoðar

Microsoft-tölvufyrirtækið vinnur nú að því í samvinnu við yfirvöld í Kína að ritskoða allt efni sem fer í gegnum kínverskan vefþjón fyrirtækisins.

Hönnuð hefur verið sérstök sía sem á að stöðva allt óæskilegt efni sem fer í gegnum vefþjóninn. Talsmenn Microsoft þegja þunnu hljóði en franska fréttastofan France-Presse hefur greint frá því að orð á borð við lýðræði og mannréttindi séu á bannlista. Einnig er algerlega bannað að nefna sjálfstæði og Taívan í sömu andrá. -jsk

VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

MARKAÐURINN

SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

Dýr mundi Björgólfur allur

- **1626** Karl I Englandskonungur leysir upp þingið.
- **1752** Benjamin Franklin gerir tilraunir á rafmagni með flugdreka.
- **1785** Tveir franskir loftbelgjaflugmenn láta lífið í fyrsta flugslysi heimsins.
- **1869** John Wesley Hyatt fær einkaleyfi á filmu.
- **1876** Flóðbylgja verður 28 þúsund Japönum að bana.
- **1924** J. Edgar Hoover verður yfirmaður bandarísku alríkislögreglunnar, FBI.
- **1965** Bob Dylan tekur upp lagið „Like a Rolling Stone“.

†

Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmans míns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Sveinbjörns Sigurðssonar
byggingameistara, Miðleiti 7,

Helga Kristinsdóttir

Kristinn Sveinbjörnsson	**Valgerður Bjarnadóttir**
Sigurður Sveinbjörnsson	**Dagný Jónasdóttir**
Árni Sveinbjörnsson	**Áslaug Sigurðardóttir**
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	**Auður Jónsdóttir**
Anna María Sveinbjörnsdóttir	**Egill Ingibergsson**

barnabörn, barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæri faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Óskar Emilsson
Bólstaðarhlíð 41,

andaðist þann 13. júní.

Hafdís Óskarsdóttir	**Hlynur Guðmundsson**
Birgir L. Blöndal	**Áslaug Steingrímsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bergljót Þorsteinsdóttir
frá Byggðarholti, Lóni, fyrrum húsfreyja,

andaðist á Elliheimilinu Skjólgarði, Höfn, Hornafirði, fimmtudaginn 9. júní.

Guðmundur Þórðarson, Freysteinn Þórðarson, Guðlaug Þorgeirsdóttir, Arnór Þórðarson, Ólöf Rafnsdóttir, Erla Ásthildur Þórðardóttir, Hugi Jóhannesson, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur faðir okkar ,

Svavar Vemundsson
múrarameistari, Lækjarsmára 6, Kópavogi,

Verður jarðsunginn fimmtudaginn 16. júní frá Kópavogskirkju kl. 15.

Guðmundur Svavarsson	**Hrafnhildur Björnsdóttir**
Ósk Svavarsdóttir	**Andrés Árnmarsson**
Svava Hlíð Svavarsdóttir	**Páll Breiðfjörð Eyjólfsson**
Sandra Svavarsdóttir	
Gunnar Svavarsson	**Erla Kolbrún Svavarsdóttir**

Barnabörn og barnabarnabörn

TÍMAMÓT: FINNUR BECK FRÉTTAMAÐUR ER ÞRÍTUGUR Í DAG

Það er gott að komast á fertugsaldur

Finnur Beck, fréttamaður, verður á vakt hjá Sjónvarpinu fram á kvöld og ætlar því ekki að halda stórt upp á þrítugsafmælið sitt. „Ég gifti mig í fyrra og þá var stór veisla, þannig að þetta verður „low profile“ núna,“ segir Finnur sem ætlar þó að bjóða fjölskyldunni í kaffi í kvöld. „Þar mun frúin bera fram svakalegar kræsingar eins og vanalega þegar svona stendur á,“ segir Finnur sem finnst konan sín snillingur í matargerð. Finnur segir að henni takist ágætlega að fita sig þó ekki sé það á honum að sjá.

Finnur er nýlega kominn heim úr fríi frá Taílandi ásamt konu sinni. „Það var alveg frábært og ég mæli með að fólk fari þangað í frí,“ segir Finnur sem fannst fólkið yndislegt, veðrið frábært og strendurnar góðar. Það kom honum einna mest á óvart hve auðvelt er að vera ferðamaður á Taílandi. Því sé að þakka hve fólkið er almennilegt og því hve margir tali ensku. Einu tungumálaerfiðleikarnir hafi verið að skilja framburðinn sem oft hafi skapað fyndinn misskilning.

Finnur fór bæði til Bangkok þar sem hann segir að margt sé að skoða og gott að versla. Þá fóru þau hjónin til Phuket eyju til að kanna hvernig sá staður væri að jafna sig eftir fljóðbylgjuna í desember. Finnur segir að uppbyggingin gangi mjög vel þótt vanti enn þá ferðamennina. „Hins vegar er ekkert slegið af í þjónustunni,“ segir Finnur en sums staðar voru sex þjónar á veitingastað en einungis setið á tveimur borðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

FINNUR BECK Er nýlega kominn heim úr fríi frá Taílandi þar sem hann skoðaði meðal annars Phuket eyju sem varð hvað verst úti í flóðbylgjunum í desember. Finnur segir uppbyggingu ganga mjög vel en það vanti enn þá ferðamenn.

Finni finnst bara skemmtilegt að vera að komast á fertugsaldurinn og hræðist það ekki. „Maður verður alltaf betri manneskja eftir því sem maður þroskast meira,“ segir Finnur sem ætlar ekki að hætta að kalla vini sína stráka alveg á næstunni. ■

ANDLÁT

Kristín Helgadóttir, Hvítingavegi 2, Vestmannaeyjum, lést á Hraunbúðum föstudaginn 10. júní.

Brynjólfur Jónatan Jónsson, Borg, Reykhólasveit, andaðist á dvalarheimilinu Barmahlíð laugardaginn 11. júní.

Þorbjörg Einarsdóttir, Hóli, Stöðvarfirði, lést laugardaginn 11. júní.

Jörundur Sigurgeir Sigtryggsson andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði laugardaginn 11. júní.

Ragnar Guðjónsson, úr Landeyjum, lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 12. júní.

JARÐARFARIR

13.00 **Gísli Jósefsson,** málarameistari, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.
14.00 **Kristín Stefanía Magnúsdóttir,** Kirkjuvegi 1, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.
15.00 **Víkar Davíðsson**, Hátúni 8, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

80 ára afmæli

Föstudaginn 17. júlí n.k. verður

Lilja Stefánsdóttir

Grensásvegi 58 í Reykjavík, áttræð.

Af því tilefni taka hún og fjölskylda hennar á móti gestum í Holtakránni Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti milli kl. 16.00 og 19.00 á afmælisdaginn.

70 ÁRA AFMÆLI

Miðvikudaginn 15. júní verður **Svanur Jóhannsson** 70 ára.
Svanur verður að heiman á afmælisdaginn.

Til hamingju Bubbi

með 25 ára starfsafmælið!

Í tilefni 25 ára starfsafmælis Bubba og nýútgefnum plötum verða allar plötur Bubba með 25% afslætti út þessa viku

1.799 kr
Alm. verð 2.399-

1.799 kr
Alm. verð 2.399-

1.349 kr
Verð áður 1.799-

Gildir til 21. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

Heyrst hefur ...

... að Guðjón Þórðarson hafi ákveðið að ganga í raðir Notts County þar sem hann hafi strax fengið góða tilfinningu fyrir starfinu, ólíkt því sem gerðist þegar honum voru boðin störf hjá Stockport og Hibernian. Þá hafi hann haft slæma tilfinningu fyrir því sem var í boði og því hafi hann hafnað félögunum.

sport

sport@frettabladid.is

JÓNAS ÞÓRHALLSSON HJÁ GRINDAVÍK: FUNDURINN MEÐ ÓLA STEFÁNI Í GÆR VAR GÓÐUR

Á ekki von á öðru en að Óli Stefán spili áfram

Í gær var haldinn sáttafundur hjá knattspyrnudeild Grindavíkur. Mættir voru forráðamenn félagsins, Milan Stefán Jankovic og Óli Stefán Flóventsson. Tilefni fundarins var að sætta aðila eftir að upp úr hafði soðið á milli þjálfarans og leikmannsins en Óli Stefán var settur í agabann eftir að hafa skellt sér út á lífið eftir landsleik Íslands og Ungverjalands, átta dögum fyrir næsta leik sem var gegn Fylki.

„Ég ætla að ræða við hann um allt og allt. Það kemur svo í ljós hvað gerist," sagði Óli Stefán fyrir fundinn en ekki náðist í hann áður en blaðið fór í prentun í gærkvöldi. „Ég skulda öllum í kringum fótboltann í Grindavík það að reyna eitthvað að leysa málin. Það eru tveir að deila og það verður að mætast á miðri leið ef eitthvað á að gerast."

Að sögn Jónasar Þórhallssonar, formanns knattspyrnudeildar Grindavíkur, gekk fundurinn vel og á hann ekki von á öðru en að Óli Stefán haldi áfram hjá Grindavík. Hann sé með þriggja ára samning við félagið sem hann skrifaði undir í haust og að ekkert hafi breyst í þeim málum.

Óli Stefán er leikreyndasti leikmaður Grindavíkur og hefur leikið á annað hundrað leiki með liðinu í efstu deild. Hann og Milan Stefán Jankovic hafa unnið saman allar götur síðan 1992, fyrst sem leikmenn en svo með núverandi hætti ef frá eru talin þau tvö ár sem Milan Stefán þjálfaði Keflvíkinga. Það er vitað að sem þjálfari heldur Milan Stefán uppi miklum aga meðal leikmanna sinna og því ekki óeðlilegt að einhverntímann komi upp árekstrar í samstarfinu. Ekki náðist í Óla Stefán sem fyrr segir og því verður að koma í ljós hvort vilji sé hans megin til að halda áfram sem leikmaður Grindavíkur. Engin æfing var hjá liðinu í gærkvöldi en það verður æft í kvöld. Óli Stefán er boðaður á æfinguna.

> Við mælum með ...

... að fólk fjölmenni á Hlíðarenda á morgun og sjái tvo frábæra íþróttaviðburði. Veislan byrjar með handboltaleik á milli meistaraflokks Vals og fyrrum leikmanna liðsins á borð við Júlla Jónasar, Geir Sveins, Gumma Hrafnkels og Valda Gríms. Þetta verður kveðjuleikur hússins. Svo í kjölfarið er stórleikur Vals og FH í Landsbankadeild karla. Sannkölluð veisla.

> Við hrósum ...

.... FH-ingum fyrir að blása í herlúðra og rífa handboltann hjá félaginu upp úr meðalmennskunni. FH er stórveldi í handboltanum sem á að berjast á toppnum og ekki sætta sig við annað.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild kvenna:

STJARNAN–BREIÐABLIK 1–2
0–1 Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, 1–1 Björk Gunnarsdóttir, 1–2 Lára Hafliðadóttir.

KR–KEFLAVÍK 4–1
1–0 Hrefna Jóhannesdóttir (41.), 3–0 Júlíana Einarsdóttir (47.), 3–0 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (64.), 4–0 Hrefna Jóhannesdóttir (74.), 4–1 Nína Ósk Kristinsdóttir, víti (84.).

ÍA–FH 1–3
Thelma Ýr Gylfadóttir – Sif Atladóttir, Valdís Rögnvaldsdóttir, Kristín Sigurðardóttir.

STAÐAN:

BREIÐABLIK	5	5	0	0	15–5	15
VALUR	**5**	**4**	**0**	**1**	**27–7**	**12**
KR	5	4	0	1	20–8	12
FH	**5**	**2**	**0**	**3**	**5–10**	**6**
STJARNAN	5	2	0	3	4–12	6
ÍBV	**4**	**1**	**0**	**3**	**14–12**	**3**
KEFLAVÍK	4	1	0	3	5–16	3
ÍA	**5**	**0**	**0**	**5**	**6–26**	**0**

MARKAHÆSTAR:

Hrefna Huld Jóhannesdóttir, KR	7
Laufey Ólafsdóttir, Val	**7**

Nú verður eitthvað að láta undan

Í fyrsta sinn í sögu tíu liða efstu deildar mætast lið í sjöttu umferð sem bæði hafa fullt hús þegar leikurinn hefst. Valsmenn hafa byrjað best allra nýliða og geta séð til þess að FH-ingar jafni ekki met í kvöld.

FÓTBOLTI Þeir gerast varla flottari toppslagirnir en á Hlíðarenda í kvöld þegar Íslandsmeistarar FH heimsækja nýliða Valsmanna í Landsbankadeildinni en liðin eru fyrir leikinn hnífjöfn á toppnum, með fullt hús stiga og jafnmörg mörk skoruð. Það er því ljóst að annaðhvort Valur eða FH eða jafnvel bæði tapa sínum fyrstu stigum í Landsbankadeildinni í sumar en aðeins þrjú önnur lið í sögu efstu deildar hafa náð að vinna fimm fyrstu leiki sína síðan að tíu lið skipuðu hana fyrst sumarið 1977.

Íslandsmeistarar FH-inga hafa unnið átta deildarleiki í röð og leikið 21 leik í röð án þess að tapa. FH-ingar geta jafnað met með sigri í kvöld en það yrði níundi útisigur liðsins í röð. FH hefur unnið þrjá fyrstu útileiki sína í sumar og vann auk þess fimm síðustu útileiki sína í fyrrahaust. Aðeins eitt lið hefur unnið fleiri útileiki í röð í sögu tíu liða efstu deildar en KR-ingar unnu 9 útileiki í röð á árunum 1999 til 2000. Síðasta liðið til að hafa stig af FH á sínum eigin heimavelli voru einmitt Skagamenn fyrir rétt tæpu ári síðan en liðin gerðu þá 2-2 jafntefli upp á Skaga. FH-ingar eru nú eitt af fjórum liðum sem hafa unnið 8 útileiki í röð en hin eru Valur (1978), Víkingur (1991-92) og ÍA (1993-94).

Valsmenn hafa leikið frábærlega í sumar, unnið alla fimm leiki sína og skorað tvö mörk eða meira í öllum leikjunum. Eitt stærsta prófið á Valsliðið verður í kvöld. FH-ingar hafa gríðarlega sterkan og traustan hóp og hafa unnið sannfærandi sigra í sumar þótt framistaðan hafi kannski ekki verið eins glæsileg og hjá Val. Það er ljóst að eitthvað verður að láta undan á Valsvellinum í kvöld og því má búast við hörkuleik tveggja frábærra liða.

ooj@frettabladid.is

HVERJIR FAGNA Á HLÍÐARENDA Í KVÖLD Það má búast við fjölmenni á Hlíðarenda í kvöld þegar Valsmenn taka á móti FH í toppslag Landsbankadeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Toppslagur Vals og FH í Landsbankadeildinni í kvöld:

Guðmundur eða Tryggvi geta ráðið úrslitunum

FÓTBOLTI Knattspyrnuþjálfararnir Bjarni Jóhannsson, sem nú þjálfar karlalið Breiðabliks, og Njáll Eiðsson eiga von á háspennuleik í kvöld þegar Valur tekur á móti FH að Hlíðarenda.

Bjarni á von á hörkuleik. „Þetta verður einn af úrslitaleikjum þessa móts. FH hafa staðið fyllilega undir væntingum á meðan Valsmenn hafa komið svolítið á óvart, og liðin eru að mínu mati mjög jöfn. Bæði liðin eru sterk í vörn og sókn, það eru lítill getumunur á liðunum."

Bjarni segir framlag Guðmundar Benediktssonar og Tryggva Guðmundssonar geta skipt sköpum í leiknum.

„Þetta eru leikmenn sem geta gert óvænta hluti. Þeir eru báðir heitir núna og því geta úrslitin alveg eins ráðist á þeirra leik."

Njáll Eiðsson, fyrrum þjálfari Vals, á von á jafnteflisleik.

„Þetta er athyglisverður leikur. Magnaður árangur hjá báðum liðum að vinna fimm fyrstu leiki sína þetta sannfærandi. Liðin eru með ólíkt leikskipulag en eru þó með sterka leikmenn í öllum stöðum. Ég hugsa að þetta endi með jafntefli, en vonandi fá áhorfendur markaleik.

7 MÖRK Í 5 LEIKJUM Tryggvi Guðmundsson hefur verið óstöðvandi það sem af er íslandsmótisins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Leikurinn hefst klukkan 20.00 en fyrr um daginn er hátið á Hlíðarenda þar sem Valsmenn kveðja gamla íþróttahúsið sitt og taka um leið fyrstu skóflustunguna að nýja íþróttthúsinu sem er að fara í byggingu á Hlíðarenda. Valsmenn hafa sett upp sérstakan fjölskyldudag þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Það má því búast við fjölmenni á Hlíðarenda í kvöld enda er komin langur tími síðan að Valsmenn fengu toppslag á sínum heimavelli en þeir unnu íslandsmeistaratitilinn síðast 1987 eða fyrir 18 árum síðan. Þeir sem komast ekki á völlinn geta horfa á leikinn á sjónvarpstöðinni Sýn sem sýnir hann beint.

-mh

7 STOÐSENDINGAR Guðmundur Benediktsson hefur lagt upp sjö af 15 mörkum Valsmanna og alls komið að 9 mörkum liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is

CASIO MYNDAVÉLAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

Casio QVR51
5 MEGAPIXEL UPPLAUSN
2" LCD SKJÁR
3x OPTICAL AÐDRÁTTARLINSA
NOTAR AA RAFHLÖÐUR
TILBOÐ 24.995
Fullt verð kr. 39.995

Casio EXZ50
5 MEGAPIXEL UPPLAUSN
2" LCD SKJÁR
3x OPTICAL AÐDRÁTTARLINSA
HREYFIMYNDATAKA MEÐ HLJÓÐI
LITHIUM RAFHLAÐA SEM ENDIST Í 390 MYNDIR
TILBOÐ 31.995
Fullt verð kr. 49.995

Casio EXP700 EXILIM PRO
7,2 MEGAPIXEL UPPLAUSN
2" LCD SKJÁR
4x OPTICAL AÐDRÁTTARLINSA
HREYFIMYNDATAKA MEÐ HLJÓÐI
ENDINGARGÓÐ LITHIUM RAFHLAÐA
TILBOÐ 46.995
Fullt verð kr. 64.995

CASIO MYNDAVÉLARNAR ERU ALLAR MEÐ **BESTSHOT** MÖGULEIKA. ÞÁ VELUR ÞÚ VIÐ HVAÐA AÐSTÆÐUR VERIÐ ER AÐ TAKA MYND OG VÉLIN STILLIR SIG SJÁLFKRAFA TIL AÐ NÁ SEM MESTUM GÆÐUM - TRYGGIR AÐ HVER SEM ER GETUR NÁÐ FRAMÚRSKARANDI MYNDUM VIÐ NÁNAST ALLAR AÐSTÆÐUR.

HUGVERK Ásmiðja

CASIO
CASIO MYNDAVÉLARNAR ERU MARGVERÐLAUNAÐAR OG HAFA MEÐAL ANNARS HLOTIÐ HIN VIRTU EISA VERÐLAUN.

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is

330 milljónir

100+230

1. vinningur

ENNEMM / SIA / NM16815

Tvöföld spenna

Þolir þú álagið?

BÓNUS-VINNINGUR 11 MILLJÓNIR

JÓKER 2 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

Fyrsti vinningur í Víkingalottóinu þessa vikuna er **tvöfaldur** og ánægjan því tvöföld þegar þú dettur í lukkupottinn.

Vertu með fyrir kl. 16 í dag.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

12 13 14 **15** 16 17 18

Miðvikudagur

LEIKIR

- 19.15 **ÍA** og **Keflavík** mætast á Akranesvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 20.00 **Valur** og **FH** mætast á Hlíðarenda í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 20.00 **HK** og **Fjölnir** mætast á Kópavogsvelli í 1. deild karla í knattspyrnu.

SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 17.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 14.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 15.15 **Kraftasport** á Sýn. Sterkasti maður Íslands 2004.
- 15.45 **Álfukeppnin** á Sýn. Leikur Argentínu og Túnis.
- 17.55 **NBA** á Sýn. Spurs gegn Pistons.
- 19.40 **Landsbankadeildin** á Sýn. Stórleikur Vals og FH í beinni útsendingu.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Bein útsending.
- 22.20 **Formúlukvöld** á Rúv.
- 23.15 **Álfukeppnin** á Sýn. Leikur Argentínu og Túnis.

Handboltarisinn að vakna

Handknattleiksdeild FH er stórhuga fyrir næsta tímabil og safnar liði í kvenna- og karlaflokki. Formaðurinn deildarinnar er búinn að fá nóg af meðalmennskunni og segir kominn tíma á að vekja handboltarisann.

HANDBOLTI Kvennalið FH hefur styrkst verulega síðustu vikur með komu örvhentu skyttunnar Ásdísar Sigurðardóttur frá Stjörnunni og hinnar stórefnilegu Örnu Gunnarsdóttur sem kom frá Gróttu/KR. FH er þar að auki með tvær sterkar erlendar stúlkur til reynslu, annars vegar landsliðsmarkvörð Lithúa og svo norskan leikmann sem lék undir stjórn þjálfara FH, Kristjáns Halldórssonar, í Noregi en hún getur leikið bæði sem línumaður og skytta.

„Við ætlum okkur stóra hluti, bæði í karla- og kvennaflokki. Við erum fjölmörg sem komum að þessu og erum orðin þreytt á meðalmennskunni og getum ekki horft upp á þetta ástand öllu lengur," sagði Örn Magnússon, formaður handknattleiksdeildar FH.

Mikill metnaður

„FH er félag sem er í fremstu röð í fótbolta og frjálsum, en hefur samt hingað til verið þekktast fyrir að vera handboltarisi. Það er kominn tími til þess að vekja þennan handboltarisa. Metnaður okkar er einfaldur: Það er að tefla fram tveimur liðum sem eru samkeppnishæf eða eiga raunhæfan möguleika á titilbaráttu."

Fyrir utan þessa fínu viðbót hefur landsliðskonan Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir skrifað undir nýjan samning og skyttan Dröfn Sæmundsdóttir mun vænt-anlega gera nýjan samning við félagið þar sem ekki er útlit fyrir að framhald verði á Spánardvöl hennar.

Karlaliðið hefur einnig styrkst mikið síðustu vikur, en FH er búið að gera samning við litháíska skyttu og svo hefur félagið fengið Andra Berg Haraldsson og Daníel Berg Grétarsson. Örn segir að þar verði ekki látið staðar numið heldur ætli félagið sér einn til tvo sterka leikmenn til viðbótar.

henry@frettabladid.is

KRISTJÁN SAFNAR LIÐI Það er ljóst að Kristján Halldórsson sættir sig ekki við miðlungsmennsku næsta vetur með kvennalið FH. Hann hefur fengið verulegan liðsstyrk og er enn að safna liði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SAMAN Á NÝ? Phil Jackson og Kobe Bryant gætu unnið saman á nýjan leik næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Lakers komið með þjálfara:

Phil Jackson snýr aftur

KÖRFUBOLTI Phil Jackson var í gær ráðinn á ný sem þjálfari Los Angeles Lakers en hann var rekinn frá félaginu fyrir ári síðan. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið og er talinn fá um 10 milljónir dollara á ári í laun.

Það er óhætt að segja að Lakers-liðið hafi hrunið eftir fjarveru Jacksons en það missti Shaquille O'Neal til Miami og Kobe Bryant var ólíkur sjálfum sér. Til að undirstrika hrunið komst Lakers ekki einu sinni í úrslitakeppninna í ár og það aðeins í annað skipti síðan 1976.. Lakers tapaði 19 af síðustu 21 leik sínum í NBA-deildinni.

Jackson hefur níu sinnum stýrt liði til sigurs í NBA-deildinni – sex titla vann hann með Chicago og þrjá með Lakers. Hann er jafn Red Auerbach, fyrrum þjálfara Boston, yfir flesta sigra í sögu NBA-deildarinnar. **- hbg**

MYNDARLEGUR SKURÐUR Mike Tyson veitti Kevin McBride höfuðáverka í bardaganum á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/AFP

Mike Tyson reynir enn að éta andstæðinga sína:

Beit í geirvörtu McBride

HNEFALEIKAR Mike Tyson hnefaleikakappi steig í síðasta sinn í hringinn um helgina er hann mætti írska risanum Kevin McBride. Sá síðarnefndi sá um að Tyson hóf aldrei í keppni í 7. lotu og gaf þar með bardagann. Fram að því hafði McBride hamrað á Tyson sem reyndi þó allt sem hann gat til að klekkja á andstæðingnum.

Það er löngu orðið frægt er Tyson beit hluta af eyra Evander Holyfield í bardaga þeirra árið 1997 og virðist sem svo að hann hafi lítið lært af því. Í sjöttu lotu bardagans gegn McBride mun hann hafa beitt tönnunum á nýjan leik, í þetta sinn beit hann í geirvörtu andstæðings síns. Tyson hafði einnig stangað McBride með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð við vinstra augað. Tók dómarinn í hringnum tvö stig af Tyson fyrir. Þá segir McBride einnig að Tyson hafi reynt að handleggsbrjóta sig. „Hann var orðinn örvæntingafullur. Að lokum hætti hann einfaldlega vegna þess að hann hafði fengið nóg," sagði McBride í samtali við enska fjölmiðla. **- esá**

Lítil not fyrir Bretana í Vestmannaeyjum:

Báðir lánaðir í 2. deildina

FÓTBOLTI Bresku knattspyrnumennirnir Lewis Dodds og Jack Wanless hafa verið lánaðir til Selfoss en þeir voru fengnir til ÍBV fyrir tímabilið.

Eftir því sem kemur fram á heimasíðu ÍBV mun tilhögun þessa fyrirkomulags vera sú að Eyjamenn geti kallað á leikmennina aftur til Eyja ef þeirra telst vera þörf. Annars er ekki loku fyrir það skotið að þeir dvelji hjá Selfyssingum út tímabilið. Selfyssingar eru sem stendur í 2. sæti annarar deildar með 9 stig eftir fimm leiki. Dodds hefur leikið þrjá leiki fyrir Eyjamenn í sumar og hefur unnið sér það helst til frægðar að vera rekinn af velli í 2. umferð gegn Keflavík eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

ÚR SPORTINU

Michael Essien, miðjumaðurinn eftirsótti hjá Lyon, er nú sterklega orðaður við Chelsea. Félagið hans Eið Smára virðist vera fremst í kapphlaupinu um leikmanninn sem stendur, en Manchester United og Juventus hafa einnig átt í viðræðum umboðsmann leikmannsins. **Essien** hefur leikið frábærlega með Lyon síðustu ár, en liðið hefur orðið franskur meistari fjögur ár í röð.

Luis Figo, leikmaður Real Madrid er nú sterklega orðaður við för frá félaginu, en arabíska liðið Al Rayyan hefur nú þegar lýst yfir áhuga á því að fá leikmanninn til sín. Liverpool er einnig sagt hafa áhuga á því að fá leikmanninn til sín, en Rafael Benitez er víst mikill áðdáandi leikmannsins. **Figo** missti sæti sitt í byrjunarliði Real Madrid til **Michael Owen** undir lok tímabilsins og hefur verið óánægður með stöðu sína hjá félagi sínu.

Kelvin Davis er genginn til liðs við Sunderland fyrir rúma eina milljón punda. **Davis**, sem áður var markvörður hjá Ipswich, var ánægður með félagsskiptin. „Þetta er stór dagur fyrir mig. Ég hef alltaf stefnt að því að fara í úrvalsdeildina en ég vildi vera viss um að fara í rétta liðið. Ég talaði oft við stjóra liðsins áður en ég ákvað mig og leist vel á allt hjá félaginu. Það er vonandi skemmtilegur tími framundan hjá mér og vonandi tekst okkur að halda okkur í deildinni."

Park Ji-sung, Kínverjinn sem leikur með PSV Eindhoven, en hefur verið orðaður við Manchester United að undanförnu, segist ekki vera viss um hvernig mál sín standa, en vonar að málin skýrist fljótlega. „Ég veit ekki hvernig þetta fer, en vonandi tekst félögunum að ná samkomulagi um þessi félagsskipti því mér finnst vera kominn tími til þess að skipta um félag og prófa eitthvað nýtt. Manchester United er náttúrulega frábært félag og þangað vil ég fara."

Jamaíkabúinn **Asafa Powell** bætti í fyrradag heimsmetið í hundrað metra hlaupi um einn hundraðasta úr sekúndu, á móti á Ólympíuleikvanginum í Aþenu. Tími Asafa var 9,77 sekúndur, einu skúndubroti betri en tími Tim Montgomerys frá Bandaríkjunum. **Asafa** hafði fyrr á þessu tímabili lýst því yfir að hann gæti slegið metið og var ánægður í leikslok. „Þetta kom mér ekkert á óvart. Ég vissi að ég gæti þetta."

Kakha Kaladze, Georgíumaðurinn sem leikur með AC Milan, segist vera á leiðinni til Chelsea. „Ég fer til Moskvu á morgun til þess að komast að því hvað Chelsea vilja borga fyrir mig," sagði **Kaladze** við ítalska fjölmiðla í gær. Chelsea leitar nú logandi ljósi að vinstri bakverði, þar sem **Wayne Bridge** er eini leikmaðurinn í þeirri stöðu hjá félaginu. Hann er nú að ná sér eftir fótbrot sem hann varð fyrir í vetur.



El Hadji Diouf, leikmaður Liverpool, sem var í láni hjá Bolton Wanderes á síðustu leiktíð, segist tilbúinn til þess að ganga til liðs við lánsfélag sitt. „Ég hef áhuga á því að skrifa undir fjögurra ára samning við Bolton og ætla mér að gera það sem allra fyrst. Ég á þessu félagi mikið að þakka, og ég virði **Sam Allerdyce** mikið fyrir það starf sem hann hefur unnið hjá félaginu."

ROBIN VAN PERSIE Er hér í baráttunni með Arsenal gegn Neil Clement, leikmanni WBA.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

Hollendingurinn Robin van Persie:

Ásakaður um nauðgun

FÓTBOLTI Hollenski sóknarmaðurinn Robin van Persie var í fyrradag handtekinn vegna nauðgunarmáls sem kom upp á sunnudag í heimaborg hans, Rotterdam.

Van Persie lék sína fyrstu landsleiki með hollenska liðinu í síðustu viku, gegn Rúmenum og Finnum en hann skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í síðarnefnda leiknum.

Hollensk yfirvöld hafa ekki gefið út neinar nánari staðreyndir um málið en það er hægt að halda van Persie í gæsluvarðhaldi í þrjá daga án kæru.

Van Persie var í fyrrasumar keyptur frá Feyenoord til Arsenal fyrir 2,75 milljónir punda. Honum gekk ágætlega á sínu fyrsta tímabili með Arsenal sem varð enskur bikarmeistari og í 2. sæti í deildinni.

Hann skoraði 10 mörk á tímabilinu, þar af tvö gegn Blackburn í undanúrslitum bikarkeppninnar. Arsenal vann svo úrslitaleikinn gegn Manchester United í vítaspyrnukeppni þar sem van Persie var einn þeirra sem skoraði fyrir Arsenal.

Talsmenn félagsins höfðu ekkert um málið að segja að svo stöddu en þetta er ekki í fyrsta skipti á ferlinum sem hinn efnilegi Van Persie kemst í blöðin vegna neikvæðra frétta.

- esá



STUÐ MILLI STRÍÐA : Ísskápur sem gæludýr

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR HEFUR GAMAN AF GÖMLUM HEIMILISTÆKJUM

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég flutti að heiman fyrir um mánuði síðan. Nú bý ég í lítilli sætri íbúð niðri í bæ ásamt kærastanum mínum og þriðja aðila. Sá þriðji er sennilega hávaðasamasti íbúinn af okkur þremur. Hann minnir okkur reglulega á það að hann sé til staðar fyrir okkur með því að syngja hástöfum. „Rigliriglirigliriglirigli.....rumm rumm rumm rumm rumm.“ Svo þegir hann í nokkrar mínútur, kannski er hann að hvíla sig. Svo byrjar hann aftur: „Rigliriglirigli“. Þetta er semsagt ísskápurinn okkar nýi. Nema hann er ekki nýr heldur fimmtíu ára gamall. Fimmtíu. Tæplega þrjátíu árum eldri en við og hefur örugglega séð tímana tvenna. Við erum samt nýbúin að fá hann því að ísskápurinn sem okkur áskotnaðist fyrst og var á aldur við okkur, kældi ekki nóg og gerði mjólkina okkar kekkjótta. Á einum mánuði höfum við semsagt átt tvo ísskápa. Það er örugglega met.

Svo kom „Gamli“, eins og við köllum hann, til sögunnar. Hann er lítill, sætur, sægrænn að innan og með pinkulítinn frysti sem er á stærð við ísbox. Það þarf að sparka í hann til að loka honum og svo setti pabbi hespu á hurðina svo hann lokaðist nú örugglega. Ef það heyrast læti frammi í eldhúsi þá hugsum við bara: „Æ, þetta er bara hann Gamli.“ Stundum frystir hann matinn okkar eða kókið en við elskum hann samt. Mikið hlýtur að vera leiðinlegt að eiga nýjan ísskáp. Ekki gæti ég skrifað pistil um nýjan ísskáp. „Ó ísskápurinn minn er svo nýr og hann kælir svo vel....“

Það að eiga gömul eldhústæki kemur kannski pínulítið í staðinn fyrir að eiga gæludýr. Það er nauðsynlegt að hlúa vel að gömlum heimilistækjum og stundum þarf aðeins að ýta við þeim eða klappa þeim hressilega til að þau fari í gang. Svo er hægt að segja sögur af þeim. „Veistu hvað ísskápurinn minn gerði í dag?“

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Hvað verður um Michael Jackson?

Eftir að popparinn Michael Jackson var sýknaður af ákæru um kynferðislega misnotkun velta menn fyrir sér hvað verði um kappann.

Mun hann snúa sér aftur að tónlistinni eða mun hann loka sig algjörlega af og slíta öll samskipti við umheiminn? Málið virðist aðallega snúast um traust. Getur almenningur treyst Jackson á nýjan leik eftir allar þær ásakanir sem hafa verið bornar á hendur honum og þær ítarlegu upplýsingar um einkalíf hans sem voru dregnar fram í dagsljósið í réttarhöldunum? Ekki er heldur víst að Jackson eigi sjálfur auðvelt með að treysta nokkrum manni eftir allan fjölmiðlasirkusinn undanfarin ár og það fólk sem hefur reynt að notfæra sér frægð hans. Því er alveg óvíst hvort hann hefði á annað borð áhuga á að vera áberandi í tónlistinni í framtíðinni.

Sérfræðingar í Bandaríkjunum virðast vera á öndverðum meiði um það hvort Jackson eigi sér viðreisnar von. „Jackson þarf ná einbeitingu á nýjan leik og búa til frábæra plötu," segir Anthony DeCurtis, hjá tímaritinu Rolling Stone, í viðtali við CNN. Bætir hann því við að Jackson þyrfti að nota tækifærið og létta þeirri byrði af sér að þurfa að endurtaka vinsældir sínar frá níunda áratugnum. Þá gaf hann meðal annars út Thriller sem er ein mest selda plata allra tíma. „Slíkar vinsældir koma ekki tvisvar," segir hann. „Ég held að þetta hafi hamlað sköpunargáfu Jackson."

Forstjóri plötuframleiðandans Island/Def Jam Records, Antonio „LA" Reid er á því að Jackson eigi góða möguleika á að spjara sig. „Hann þarf ekki að vera á flótta. Þú ert Michael Jackson og þarft að skilja hvað það þýðir. Þú ert stórstjarna, þú ert goðsögn," segir Reid, sem hvetur Jackson til að hætta að einangra sig. „Þú ættir að flytjast til New York og kynnast malbikinu. Farðu á veitingastaði, slappaðu af, farðu á klúbba og hlustaðu á tónlist. Þá fer fólk að hugsa: „Michael er að bara nokkuð eðilegur náungi."

Prófessor Robert Thompson, sérfræðingur í poppmenningu, er óviss um hvort eitthvað sé fyrir hendi sem hægt er að bjarga varðandi feril Jackson. „Það er næstum áratugur liðinn síðan fólk hlakkaði meira til að heyra nýja plötu frá Jackson heldur en að fylgjast með nýjasta hneykslismáli hans. Hann hefur gert hvern skandalinn á fætur öðrum sem við höfum notið þess að fylgjast með."

Michael Jackson er um þessar mundir staddur á búgarði sínum Neverland þar sem hann er að jafna sig eftir hin erfiðu réttarhöld sem hafa tekið sinn toll hjá honum, bæði andlega og líkamlega. Á meðan ætti hann að hafa tíma til að liggja undir feldi og íhuga næsta leik sinn.

freyr@frettabladid.is

MICHAEL JACKSON Hinn sjálfskipaði konungur poppsins er fyrir löngu fallinn af þeim stalli. Margir bíða spenntir eftir því að sjá hvað hann tekur til bragðs núna.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kærasti söngspírunnar **Charlotte Church**, **Gavin Henson**, er greinilega mjög latur. Charlotte flaug yfir hálfan hnöttinn til að hitta gæjann í þrjá daga en þegar skvísan lenti á flugvellinum hafði hann ekki nennt að koma að sækja hana og sendi í staðinn fulltrúa. Charlotte leit út fyrir að vera leið þegar hún steig upp í leigubíl og keyrði á hótelið sem hann gisti á, en það var aðeins í korters fjarlægð. Gavin, sem er ruðningskappi, var þar staddur að spila á móti í Nýja-Sjálandi.

Michael Jackson hefur borið sýknudóm sinn saman við það þegar **Nelson Mandela** var sleppt úr fangelsi. Á vefsíðu hans var orðið „saklaus" birt stórum stöfum við sigurtónlist og sagt að dagsetning sýknunarinnar muni verða jafn eftirminnileg í sögubókum og dagsetning falls Berlínarmúrsins og fæðingardagur **Martins Lúther King**.

Kabbalahtrú **Madonnu** hefur enn á ný fært hana á nýjar slóðir. Nú er hún orðin hóteleigandi. Poppsöngkonan eyddi um 200 milljónum í að kaupa hús í Regen Park hverfinu í London og ætlar að gera það að hóteli og athvarfi fyrir fylgismenn Kabbalah.

Rod Stewart sem er þessa dagana að skilja við aðra eiginkonu sína, **Rachel Hunter**, fékk frekar óskemmtilegar fréttir nýlega. Dóttir hans úr fyrsta hjónabandi, **Kimberley Stewart**, hefur eignast nýjan kærasta sem heitir **Wes Scantlin**. Það slæma er að hann er fyrrverandi kærasti Rachelar, en hún var stjúpmamma Kimberley í allmörg ár.

Christian Bale segist hafa skrifað undir samning um að leika í annarri *Batman* mynd. „Ég veit ekki hvort einhver hinna leikaranna ætlar að vera með, en svo lengi sem fólk verður ánægt með mig í myndinni þá ætla ég að koma aftur," sagði breski leikarinn.

SONY

Sumartilboð í Sony Center

512 MB minniskort fylgir!

512 MB minniskort
að verðmæti 10.995,-
fylgir með!

DSC-S90 & 512 MB minniskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 4,1 milljón pixlar
• 2,5" skjár

3.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
41.940 krónur staðgreitt

DSC-T7 & 512 MB minniskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 5,1 milljón pixlar
• 2,5" skjár

4.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
59.940 krónur staðgreitt

DSC-P200 & 512MB minniskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 7,2 milljón pixlar
• 2" skjár

4.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
53.940 krónur staðgreitt

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

BARRAMUNDI: Þrisvar valið besta kassavínið

Barramundi Cabernet Merlot hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi enda rauðvín sem hefur hlotið frábæra dóma víða um heim. Þrisvar sinnum hefur það verið valið besta kassavínið í Svíþjóð. Aftonblaðið þar í landi kallaði það „grand cru" vín kassavínanna og vísar þar til flokkunar á frönskum gæðavínum.
Vínið er nokkuð djúpt með keim af plómum og dökkum kirsuberjum. Mjög gott með grilluðu lambi, svínakjöti, kjúklingi og léttri villibráð og ekki síst eitt og sér. Heldur til fulls öllum bestu einkennunum í 10 til 14 daga eftir opnun. Einnig fáanlegt í hvítu. Barramundi Semillon Chardonnay hvítvínið er ferskt og ljúft með góðum ávexti. Frábært sólpallavín.
Verð í Vínbúðum 3.590 kr.

DEAKIN ESTATE: Óvenjulega kraftmikið

Deakin Estate er framleitt í Victoria, einu frjósamasta og gjöfulasta svæði Ástralíu. Vín Deakin Estate úr cabernet sauvignon-þrúgunni þykir afar kraftmikið og blaðið Herald Sun segir að það sé óvenjulega kraftmikið og sérstakt og endurspegli einkenni svæðisins betur en algengt sé um áströlsk vín.
Þetta vín er bragðmikið þar sem fram koma þroskuð ber með eikarívafi. Þetta vín er gott til neyslu núna en má vel geyma í allt að þrjú ár. Fer vel með öllu grilluðu kjöti, lamba-, svína- og nautakjöti, einnig gott með grilluðum krydduðum kjúklingi.
Verð í Vínbúðum 1.290 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STEINAR Lenti í slæmum meiðslum undir lok tímabilsins en hlakkar til að fara að spila aftur.

Veronaspagettí körfuboltamannsins

Fyrirliði meistaraflokks körfuknattleiksdeildar KR, Steinar Kaldal, nefnir Veronaspagettí þegar hann er inntur eftir sínum uppáhaldsmat. Steinar segir að þetta sé ekki aðeins rosalega góður matur heldur tengist uppskriftin líka góðum minningum. Veronaspagettí er réttur sem hann og Soffía, kærastan hans, bjuggu til saman eftir að þau komu frá Verona á Ítalíu fyrir tveimur árum. Eins og gefur að skilja voru þau undir sterkum áhrifum frá ítalskri matargerð á þessum tíma en þau tóku hluta af hráefninu með sér þaðan. Hann segir að þau séu mjög dugleg að elda heima hjá sér og að Soffía eldi oftar og „betur", þó hann sé einnig duglegur við það. Hann byrjaði að prófa sig áfram í eldhúsinu á menntaskólaaldri og það fyrsta sem hann lærði að elda voru svínalundir með sveppum og brúnni sósu. Hann telur nauðsynlegt að eiga ferskt hráefni og gott krydd í matargerð en oftast eldar hann kjúkling eða grillar lamb. Það skemmtilegasta í matargerð finnst Steinari vera að grilla en hann er duglegur að gera það í góðra vina hópi. Hann myndi hins vegar aldrei elda lifur því honum finnst hún hræðilega vond og nánast óæt.

VERONASPAGETTÍ STEINARS OG SOFFÍU
300-500 gr. ferskt ólífuspagettí
ólífuolía
3-4 hvítlausrif
fersk steinselja
salt
nokkrir bufftómatar
tómatpuré úr dós
1 poki klettasalat
1 pakki þurrkaðir sveppir t.d. kóngasveppir
1 krukka svartar eða grænar ólífur
1 dós túnfiskur
parmesan

Hvítlaukurinn er saxaður og steiktur upp úr ólífuolíunni. Svo eru tómatarnir afhýddir og niðurskornir settir út í ásamt tómatmaukinu, saltinu og steinseljunni og það látið malla í fimm til tíu mínútur. Því næst er sveppunum og ólífunum blandað saman við og allt látið sjóða í nokkrar mínútur til viðbótar. Að lokum er soðnu spagettíinu og sósunni hrært saman og túnfisknum, klettasalatinu og parmesanostinum dreift ofan á.

PATRICK MAROTEAUX: Í KROSSFERÐ UM HEIMINN AÐ KYNNA FRÖNSK VÍN

Markaðurinn fyrir Bordeaux gæðavín stækkar

Frönsk vín hafa ekki verið jafn áberandi í hillum Vínbúðanna hérlendis og fyrir nokkrum árum síðan. Einkum eiga ódýrari frönsk vín undir högg að sækja enda samkeppnin mikil frá löndum nýja-heimsins. Frönsk gæðavín eiga þó alltaf upp á pallborðið hjá vínunnendum, eru jafnvel of vinsæl hjá söfnurum og ríkmennum víða um heim sem hafa þrýst verðinu á vínum ýmissa topphúsa upp úr öllu valdi. Sem betur fer er þó enn hægt að fá gæðavín á viðráðanlegu verði í Vínbúðunum og einnig er vert að benda á að í Fríhöfninni er hægt að gera fín kaup. Hér á landi voru staddir í síðustu viku Georges Haushalter frá Compagnie Medocaine, sem er einn stærsti söluaðili franskra gæðavína, og Patrick Maroteaux sem á vínhúsið Chateau Brainaire Ducru auk þess að vera forseti samtaka vínframleiðanda í St. Julien.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR LOGI

PATRIK MAROTEAUX: Bankamaður sem varð vínástríðunni að bráð.

Maroteaux var áður bankamaður en vínástríðan varð þess valdandi að hann söðlaði um fyrir tæpum tveimur áratugum og keypti gamalgróna eign í Bordeaux og hefur byggt húsið upp í að verða eitt það athyglisverðasta á svæðinu. „80-90% af vínframleiðslu í heiminum eru auðdrekkanleg vín sem eru tilbúin til neyslu strax og á að drekka innan tveggja mánaða frá því þau eru framleidd," segir Maroteaux. „Um afganginn, þessi 10-20%, gildir annað og það eru þau vín sem áhugi er stöðugt að aukast á. Góð nýja-heimsvín eru það há í alkóhóli að þau henta ekki eins vel til geymslu og okkar vín sem eru lægri í alkóhóli og fínlegri sem þýðir að þau endast betur. Markaðurinn stækkar stöðugt fyrir Bordeaux gæðavín enda skulum við ekki gleyma því að þrátt fyrir allt tal um ofurverðlagningu þá má fá prýðileg vín allt frá tveimur og upp í tvöhundruð evrur og það er verkefni hvers vínáhugamanns að finna hvar smekkurinn liggur og hvað buddan leyfir." Maroteaux segist vera á ferðalögum um heiminn í þrjá til fjóra mánuði á ári að kynna vín sín og annarra framleiðanda í Bordeaux. „Samtökin standa fyrir smökkunum víða um heim og þá mætir 70 til 80 manna hersveit framleiðenda í krossferð fyrir frönskum vínum. Það er mjög áhrifamikið og vonandi getum við einhvern tímann heimsótt Ísland þótt ykkar litla land þoli kannski ekki svona mikinn her!"

FOSTER'S: Drama í formúlunni!

Formúlu 1 kappaksturinn hefur ekki verið jafn spennandi í áraraðir. Mikið drama er í gangi og sigurinn ræðst ekki fyrr en í síðasta hring. Eftir tvær síðustu mótaraðir er það enn og aftur sannað að ekkert er sjálfgefið, í þar síðustu keppni missti Kimi Raikonen af verðskulduðum sigri á síðasta hring þegar dekkið gaf sig. Um síðustu helgi lenti hver ökuþórinn á fætur öðrum í óhöppum og bilunum. Það er alveg ljóst að keppnin í Indianapolis verður hörkuspennandi þar sem allt er opið enn þá. Að sjálfsögðu heldur Fosters áfram að styðja Formúluna með stórlækkuðu verði en þessi 5% sterki bjór verður á tilboðsverði, 169 kr. út keppnistímabilið í Formúlu 1 og er því ódýrasti 5% bjórinn sem fæst í öllum helstu Vínbúðum.



SEAMAN'S SHOT: Í plastpelum fyrir útileguna



Snafsinn sjómannsskot eða Seaman's Shot er nýr snafs fyrir þá sem vilja góðan snafs með bjórnum sínum og eru orðnir leiðir á að drekka sætan lakkríssnafs. Seaman's Shot er ekki eins sætur og önnur dökk skot en hefur bragð af mentóli og myntu eins og Fisherman's Friend töflurnar, ferskur og hressandi en rífur samt svolítið í, upplagður til að hressa sig við og rífa úr sér kvefdrulluna sem herjar á alla landsmenn í augnablikinu. Enda gamalt læknisráð við kvefi að fá sér einn snafs!

Seaman's Shot er í reynslusölu, sem þýðir að aðeins er hægt að kaupa hann í Heiðrúnu og Kringlunni. Hann er í tveimur stærðum, annars vegar 700 ml á 3.290 kr.og hins vegar í 500 ml plastflösku fyrir ferðalögin og kostar hún 2.400 kr.

VEITINGASTAÐURINN

JÓMFRÚIN

LÆKJARGÖTU 4, 101 RVK.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

JÓMFRÚIN heldur jazztónleika á hverjum laugardegi frá júní til ágústloka milli kl. 16 -18

Dásamleg smurbrauð

Hvernig er stemningin?:
Stöðugleiki er aðalsmerki Jómfrúarinnar því fólk veit alltaf að hverju það gengur þar. Mjög notaleg og heimilisleg stemning er á Jómfrúnni þar sem þjónustan er greið og meira eða minna sama fólkið í afgreiðslu. Jómfrúin er mjög sérhæfður veitingastaður sem býður upp á klassíska, danska matargerð með aðaláherslu á smurbrauð. Hún er einnig þekkt fyrir að bjóða upp á frábæra jazztónleika alla laugardaga á sumrin.

Matseðillinn:
Smurbrauð er uppistaðan á matseðlinum. Fjölmargar tegundir smurbrauða eru í boði, allt frá hefðbundnum síldarsmurbrauðum til framandi Bombay-smurbrauða. Einnig er boðið upp á heita rétti, þar á meðal purusteik.

Vinsælast:
Vinsælasta smurbrauðið er nýsteikt rauðspretta á rúgbrauði með remúlaði, laxarós, kavíar, úthafsrækju, spergli og sítrónu.

Réttur dagsins:
Hér spilar stöðugleikinn aftur stórt hlutverk því á mánudögum er alltaf boðið upp á fiskibollur, á miðvikudögum eru kjötbollur og á föstudögum er hakkabuff með spæleggi.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:
550 500

FRÉTTABLAÐIÐ



menning

menning@frettabladid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14, Lau 13/8 kl 14
Sun 14/8 kl 14

STÓRA SVIÐ
99% UNKNOWN - Sirkussýning
CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ
Í kvöld kl 20,
Fi 16/6 kl 20,
Fö 17/6 kl 20
Aðeins þessar sýningar

SIRKUS SIRKÖR
- ÓGLEYMANLEG UPPLIFUN

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Fi 16/6 kl 20,
Lau 18/6 kl 20,
Su 19/6 kl 20
Síðustu sýningar

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20
miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

Hollenska reaggae hljómsveitin
FIVE-4-VIBES

DANSLEIKIR
á Víkingahátíðinni um helgina
fimmtudag – föstudag – laugardag – sunnudag
...auk þess
Rammíslenska hljómsveitin
VÍKINGASVEITIN

VIKING village
FJÖRUKRÁIN
Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is

Skuggaföll Kristins

„Maður verður að passa sig á því að valta ekki yfir fólk þegar maður tekur af því myndir, það þarf að gefa því tækifæri á að sýna sinn karakter. Að hitta margt af þessu fólki sem er á myndunum hefur verið indælt því það er það sem er grunnurinn að góðri portrettmynd, að fólk nái saman, sá sem myndar og sá sem er myndaður," segir Kristinn Ingvarsson sem opnar ljósmyndasýninguna Skuggaföll í Þjóðminjasafninu á fimmtudaginn. Þar mun Kristinn sýna 60 svarthvítar portrettmyndir frá tímabilinu 1989 og fram til dagsins í dag. Þetta er fyrsta stóra einkasýningin sem Kristinn heldur. Myndirnar eru af innlendu og erlendu fólki og mikið af því er þekkt.

Sama dag og Kristinn opnar sína sýningu opnar Haraldur Jónsson einnig ljósmyndasýningu í Þjóðminjasafninu sem ber heitið The Story of Your Life.

„Þetta eru myndir sem ég hef verið að taka á annan áratug. Myndirnar eru ekki heimildarmyndir heldur eru þetta ljósmyndir af undirmeðvitundinni, myndir af augnablikum sem birta ákveðinn sannleika sem vísar í titil sýningarinnar. Fólk segir oft „this is the story of my life" þegar fólk upplifir eða heyrir um eitthvað sem því finnst vera dæmigert um sjálft sig," segir Haraldur Jónsson, myndlistamaður. Haraldur sýnir 53 myndir á sýningunni sem eru brot af stærra verki sem hann vinnur nú að.

ELÍAS MAR Kristinn Ingvarsson tók þess mynd af Elíasi Mar, rithöfundi, á Kaffi Mokka.

„Þjóðminjasafnið opnaði aftur í september í fyrra og þá fyrst fengum við fast sýningarrými fyrir ljósmyndir. Við vorum með tvær sýningar á síðasta ári, það sem af er árinu höfum við verið með fjórar sýningar og svo bætast þessar tvær við. Við vonum að þetta geti beint kastljósinu að ljósmyndinni sem miðli," segir Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri myndasafns Þjóðminjasafns Íslands.

Sýningar Kristins og Haraldar í Þjóðminjasafninu standa yfir til 18. september. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

13 14 **15** 16 17

Miðvikudagur

FYRIRLESTRAR

☐ 17.00 Bandaríska textíllistakonan **Rachel Starr Suntop** sýnir myndir og segir frá bagrunni verka sinna í Hafnarborg.

BJARTIR DAGAR

☐ 17.00 **Fjölskyldudagskrá** skátafélagsins Hraunbúa verður á Víðistaðatúni.

☐ 19.30 Á **leikhúskvöldi** í Gamla bókasafninu við Mjósund verða sýndir stuttir leikþættir frá leikhópnum **Maður verður fyrir eldingu**.

☐ 20.30 Tónleikar **Margrétar Eirar Hjartardóttur** söngkonu og **Róberts Þórhallssonar** bassaleikara í Sverrissal Hafnarborgar.

NASA
FIMMTUD. 16. JÚNÍ '05
OFURPLÖTUSNÚÐURINN
NICK WARREN
ÁSAMT GRÉTARI OG DANNA
FORSALA MIÐA Í ÞRUMUNNI. MIÐAVERÐ 1200 KR.
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

FÖSTUD. 17. JÚNÍ '05
ÞJÓÐHÁTÍÐARGLEÐSKAPUR
PAPAR
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

LAUGARD. 18. JÚNÍ '05
SKÍTAMÓRALL
STÓRDANSLEIKUR
EIN VINSÆLASTA HLJÓMSVEIT ÍSLANDS
STÍGUR Á SVIÐ UM MIÐNÆTTI
500 KALL INN
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
PRIMUS MOTOR CO

Netkosningu er lokið...
símakosning hefst!

Sýningar ársins, að mati áhorfenda á vísir.is eru:

vísir

Símanúmer	Sýning
900-1101	Alveg brilljant skilnaður Edda Björgvinsdóttir / Borgarleikhúsið
900-1102	Hárið Austurbær
900-1103	Híbýli vindanna Leikfélag Reykjavíkur
900-1104	Mýrarljós Þjóðleikhúsið
900-1105	Óliver! Leikfélag Akureyrar

Kjóstu þína sýningu!

Ein sýning verður krýnd Áhorfendasýning ársins á Grímunni í Þjóðleikhúsinu 16. júní.

Athöfnin fer fram í beinni útsendingu Sjónvarpsins og verður hægt
að greiða atkvæði allt þar til í lok hátíðarinnar.

BaseCamp Productions

GRÍMAN
ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

* símtalið kostar 99 kr.

Í samvinnu við:

BAUGUR GROUP | actavis | DAGUR group

LEÐURBLÖKUMAÐURINN Þegar Bruce snýr aftur til Gotham er borginni stjórnað af glæpamönnum. Hann ákveður því að horfast í augu við tilgang sinn og verður Leðurblökumaðurinn

Leðurblökumaðurinn snýr aftur

Kvikmyndarinnar um upphaf Leðurblökumannsins hefur verið beðið með óþreyju. Það eru komin átta ár síðan slysið Batman & Robin kom fyrir sjónir kvikmyndahúsagesta og eru margir spenntir að sjá hvernig til takist að reisa söguhetjuna úr öskustónni.

Kvikmyndin Leðurblökumaðurinn: Upphafið verður frumsýnd í kvöld. Þetta er ein stærsta sumarmynd ársins en hún var að hluta til tekin upp hér á landi. Myndin hefst þegar Bruce Wayne er átta ára og verður vitni að morði foreldra sinna. Hann flýr frá Gotham til þess að leita réttlætis og kemur til baka tilbúinn, fullur sjálfstrausts, til þess að hefna og með nægjanlega þekkingu. Hann fær aðstoð frá gömlum fjölskylduvini, Lucuios Fox, sem aðstoðar hann við að búa til goðsögnina Leðurblökumaðurinn.

Óvenjulegt leikstjóraval

Þrátt fyrir að Leðurblökumaðurinn sé nánast ódrepandi munaði minnstu að hörmungin árið 1997 hefði gert út um hann. Þá klæddist George Clooney búninginum og kvikmyndagagnrýnendur hökkuðu myndina í sig. Það var því stórfrétt þegar Warner Bros tilkynnti gerð fimmtu myndarinnar. Það þótti jafnvel enn meiri tíðindum sæta að Chris Nolan hefði verið fenginn til þess að leikstýra. Warner Bros töluðu ekki við Chris Nolan fyrst. Joel Schumacher, sem gerði slysið 1997, var fyrst boðið en þegar hann hafnaði því töluðu þeir við David Fincher, leikstjóra Seven. Á tímibili voru uppi hugmyndir að hafa Leðurblökumanninn gamlan og fá Clint Eastwood til að leika og leikstýra. Myndin átti þá að vera minningarbrot Leðurblökumannsins.

Þeir hættu við það og fengu Chris Nolan til þess að sjá um að koma goðsögninni á réttan kjöl. Nolan hófst strax handa og þegar hann hafði fengið til sín allt starfsfólk bauð hann því á kvikmyndasýningu. Myndin sem hann sýndi þeim var Blade Runner og ástæðan: Það var svona mynd sem hann ætlaði að gera. Hann fékk David Goyer til að skrifa handritið sem studdist við myndasögur Franks Miller og báru heitið Leðurblökumaðurinn: Fyrsta árið.

Bandaríski geðsjúklingurinn í búninginn

Chris Nolan er hálfblautur á bak við eyrun miðað við fjölda þeirra kvikmynda sem hann hefur leikstýrt. Hann gerði Memento eftir handriti bróður síns með Guy Pearce í aðalhlutverki. Myndin var ódýr í framleiðslu en vakti töluverða athygli.

Nolan fékk mun stærri leikara til liðs við sig fyrir næstu mynd en þá léku þeir Al Pacino og Robin Willliams í Insomnia, enn einum sálfræðitryllinum. Batman Begins er því eingöngu hans þriðja alvöru mynd en hann hafði gert tvær myndir sem ekki höfðu vakið neina athygli.

Valið á Christian Bale sem Leðurblökumanninum kom nokkuð á óvart. Bale er engin stórstjarna í Hollywood en á langan feril að baki. Hann var ungur að árum þegar hann fékk sitt fyrsta alvöru kvikmyndahlutverk. Það var í kvikmyndinni Empire Of the Sun sem Steven Spielberg leikstýrði. Myndin var margverðlaunuð og Bale varð hálfgerð unglingastjarna. Þrettán árum eftir að hann hafði leikið Jim, enska drenginn sem dregst inn í seinni heimstyrjöldina, kom Bale aftur fram á sjónarsviðið sem geðsjúklingurinn Patrick Bateman í American Psycho.

Það verður varla annað sagt en að bæði Bale og Nolan hafi fengið til liðs við sig sterka leikmenn. Gary Oldman leikur einu óspilltu lögguna í Gotham og Michael Caine er ráðagóði þjónninn Alfred. Meðal annarra leikara má nefna Liam Neeson og Morgan Freeman.

STÓRSTJÖRNUR HJÁ SVÍNAFELLSJÖKLI Christian Bale og Liam Neeson æfa sig hjá Svínafellsjökli. Ísland kemur töluvert við sögu í myndinni en þeir eiga í rauninni að vera í Tíbet.

BRUCE WAYNE Bruce er einungis átta ára þegar óþokkar myrða fjölskyldu hans fyrir framan augun á honum. Hann flýr og flakkar um heiminn til þess að leita að tilgangi lífs síns.

ALVÖRU TRYLLITÆKI

Þar sem Leðurblökumaðurinn er ekki gæddur neinum ofurkröftum eins og Ofurmennið og Köngulóarmaðurinn þarfnast hann tækja sem auðvelda honum baráttuna gegn illum öflum í Gotham. Margir muna eftir klassískri setningu Jacks Nicholson í fyrstu myndinni um Leðurblökumanninn þegar hann öskraði. „Hvar fær hann öll þessi yndislegu leikföng?“

Meðal þeirra leikfanga sem Leðurblökumaðurinn hefur til umráða er bíllinn. Þetta er ekkert venjulegt tryllitæki því hann er ekki nema sex sekúndur að ná sér upp í tæplega hundrað kílómetra hraða.

Enginn bíll var notaður sem fyrirmynd því bíllinn er algjörlega hannaður frá toppi til dekkja. Christian Bale sagði í kynningarviðtölum að bíllinn minnti hann mest á blending af Lamborghini og Hummer. Katie Holmes, sem leikur æskuást Bruces Wayne, Rachel Dawes , sagði að hún skildi bíladellu karlmanna eftir að hafa fengið að þeysast um í bílnum.

Bíllinn komst þó ekki óskemmdur frá öllum tökum en þó er skondnastur sá árekstur sem varð í Chicago þegar verið var að taka þar upp atriði. Drukkinn ökumaður ók vísvitandi inn í bílinn, en sem betur fer slasaðist enginn. Ökumaðurinn hélt því fram að bíllinn væri í eigu geimvera sem væru að ráðast á jörðina. Þetta olli ekki mikilli kátínu þeirra sem höfðu setið sveittir að hönnun bílsins því að svo vel var hugsað um hann að áhættuökuþórarnir fengu skilaboð um að taka öllu með ró. Þegar bíllinn var fluttur á milli staða tóku vörubílarnir sér góðan tíma þannig að oftar en ekki bárust fréttir af umferðaröngþveiti vegna þessa.

LEÐURBLÖKUBÍLLINN Bíllinn er mikil smíði og er með 44 tommu Hummer dekk að aftan. Þess má til gamans geta að bílnúmerin í Gotham eru gerð eftir þeim sem íbúar Illinios notast við.

FRUMSÝND Í DAG!

REYKJAVÍK - KEFLAVÍK - AKUREYRI - SELFOSS

★★★★★
KVIKMYNDIR.IS

★★★★
LOKSINS, LOKSINS
M.M.M. XFM 91,9

★★★★
GLEYMIÐ ÖLLUM HINUM
BATMAN MYNDUNUM.
ÞESSI ER MÁLIÐ.
ANDRI CAPONE X-FM 91,9

★★★★
GLEYMDU HINUM. ÞETTA
ER ALVÖRU BATMAN
Ó.Ö.H. DV

BATMAN BEGINS

BATMAN, EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR!

CHRISTIAN BALE · MICHAEL CAINE · LIAM NEESON · KATIE HOLMES · GARY OLDMAN and MORGAN FREEMAN

AKUREYRI	KRINGLUNNI	ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	HÁSKÓLABÍÓ	SELFOSSBÍÓ
kl. 5 – 8 10.40	kl. 12 - 2.10 3.30 - 5.10 - 6.30 8.10 - 9.30 - 11	kl. 2 - 3.20 - 4 - 5 - 6.20 7 - 8 - 9.20 - 10 - 10.50 Lúxus VIP kl. 2 - 5 - 8 - 10.50	kl. 8 – 10.40	kl. 5 – 7 9 - 11	kl. 8 - 10.30

Háskólabíó

www.sambioin.is meira um myndina

SAMBÍÓIN

Kerry Katona, sem brátt verður fyrrverandi eiginkona **Brians McFadden** úr *Westlife*, er svo djúpt sokkin í eiturlyfjaneyslu að vinir hennar óttast um líf hennar. Þegar Brian fór frá henni fyrir söngkonuna **Deltu Goodrem** í september 2004 sökk Kerry í djúpt þunglyndi. „Hún reyndi að flýja þunglyndið með neyslunni,“ sagði besta vinkona hennar, **Joanne Goodier**. „Hún er farin að fá ofskynjanir og sagði mér að gluggatjöldin töluðu við sig,“ sagði Joanne.

Pamela Anderson hefur ekki verið mikið fyrir skjólgóð föt og hér er ástæðan: „Mér finnst föt alltaf gera mann svo feitan, þannig að mér finnst best að vera bara nakin,“ sagði þokkadísin. Þegar hún getur ekki verið nakin reynir hún að vera í sem fæstum fötum til að sýna línurnar. Pamela hefur þó aldrei þótt þurfa að hafa áhyggjur af aukakílónunum því fyrir utan gríðarstór brjóstin eru hún þvengmjó.

Mögnuð upprisa Leðurblökumannsins

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Leðurblökumaðurinn var afskrifaður árið 1997 þegar Joel Schumacher misbauð aðdáendum grímuklædda bófabanans sem og almennum bíógestum með myndinni Batman og Robin sem var svo slæm að líkamleg óþægindi voru meðal þeirra aukaverkana sem fylgdu því að sitja undir ósköpunum þar sem George Clooney og Arnold Schwarzenegger gerðu sig að fíflum í einni verstu bíómynd sögunnar.

Það var almennt talið að með þessari mynd hefði Schumacher tekist að drepa Leðurblökumanninn. Eitthvað sem Jókernum, Mörgæsinni og öðrum erkióvinum Batmans hafði aldrei auðnast. Það er því óhætt að segja að leikstjórinn Christopher Nolan hafi unnið dálítið kraftaverk með nýjustu mynd sinni, Batman Begins, þar sem hann reisir þennan skuggalega riddara götunnar upp frá dauðum og það besta er að hann hefur aldrei verið öflugri.

Það er deginum ljósara að Nolan, handritshöfundurinn og aðalleikarinn Christian Bale bera virðingu fyrir Batman og það eru því engin fíflalæti í gangi hérna. Miklum tíma og púðri er eytt í persónusköpun hetjunnar og að því leyti má segja að Nolan feti svipaða slóð og Tim Burton í tímamótamyndinni Batman frá árinu 1989. Þar var sett spurningarmerki við andlega heilsu hetjunnar og það sama er uppi á teningunum hér. Milljarðaerfinginn Bruce Wayne glímir við fortíðardrauga og reynir að vinna bug á sorginni sem heltók hann þegar foreldrar hans voru myrtir með því að berjast gegn glæpum í Gotham borg.

Fyrsti hluti Batman Begins segir þessa sköpunarsögu Batmans og hér sækir handritshöfundurinn markvisst í myndasögubók Franks Miller Batman: Year One og það er varla hægt að hugsa sér traustari grunn fyrir öfluga Batman mynd en einmitt þessa snilldarbók.

Efniviðurinn er líka svo safaríkur að það er töluvert liðið á myndina áður en Batman birtist í allri sinni dýrð en það er nógu mikið í gangi til að maður finni ekkert fyrir fjarveru búningsins og bílsins. Christian Bale smellpassar í hlutverkið og búninginn loksins þegar hann kemur sér í hann og hér er loksins kominn fram leikari sem ræður við báðar hliðar klofinnar persónu Bruce Wayne/Batmans. Bale toppar Michael Keaton, Val Kilmer og George Clooney án þess að reyna á sig og gerir Batman algerlega að sínum. Hann er dyggilega studdur frábærum aukaleikurum en þar fer Michael Caine fremstur sem hinn hundtryggi Alfred, einkaþjónn Batmans.

BATMAN BEGINS
LEIKSTJÓRI: CHRISTOPHER NOLAN
AÐALHLUTVERK: CHRISTIAN BALE, MICHAEL CAINE, LIAM NEESON, GARY OLDMAN

NIÐURSTAÐA: Svona á að gera Batman-myndir og okkar maður hefur aldrei verið betri og maður getur varla beðið eftir að sjá meira af Bale í gervi svalasta myndasögutöffara allra tíma.

Þá er Gary Oldman traustur að vanda sem Gordon, tilvonandi lögreglustjóri, og eini óspillti bandamaður Blaka innan lögreglunnar í Gotham. Morgan Freeman og Liam Neeson klikka ekki frekar en fyrri daginn og Rutger Hauer setur sinn svip á myndina í litlu hlutverki.

Nolan og samstarfsfólki hans hefur hér tekist með samstilltu átaki að bjarga einni flottustu myndasögupersónu allra tíma úr því víti sem Joel Schumacer skóp henni fyrir átta árum og þetta er svo sannarlega ný byrjum. Svona á að gera Batman-myndir og okkar maður hefur aldrei verið betri og maður getur varla beðið eftir að fá að sjá meira af Bale í gervi svalasta myndasögutöffara allra tíma.

Þórarinn Þórarinsson

Paris leggur niður störf

Fyrirsætan og leikkonan Paris Hilton ætlar að hætta í sviðsljósinu eftir tvö ár. Þetta sagði hún í viðtali við bandaríska tímaritið Newsweek. Þá ætlar hún að snúa sér að því að verða góð móðir og eiginkona en Paris trúlofaðist nýlega nafna sínum Latsis.

Paris Hilton hefur verið áberandi meðal stjörnuliðsins undanfarin ár og fékk sinn eigin þátt á MTV, Simple Life. Hún segist ekki lengur nenna að leika heimsku ljóskuna. „Mér fannst sætt að leika heimsku ljóskuna í sjónvarpi. Það var bara fyndið. Ég lít á mig sem viðskiptakonu," sagði Paris og bætti því við að það væri orðið skelfilegt að fara út að skemmta sér. „Það eru allir að bjóða mér samning, vilja láta taka myndir af sér með mér. Þetta er alveg hrikalega uppáþrengjandi lið. Ég trúi því ekki að mér hafi þótt þetta skemmtilegt einhvern tímann." ■

PARIS OG MAMMA HENNAR Kathy, mamma Parisar Hilton, hefur hvatt hana til þess að ná sáttum við Nicole Ritchie. Paris fær væntanlega nógan tíma til þess þegar hún kveður sviðsljósið eftir tvö ár.

Ætlaði ekki að vera á listanum

Vince Vaughn segist vera svekktur yfir því að á hann skuli vera minnst í kynningarmyndum Mr. & Mrs. Smith. Doug Liman, leikstjóri myndarinnar og Vaughn eru vinir frá fornu fari en þeir gerðu Swingers saman. Liman hringdi í Vaughn og spurði hvort hann vildi ekki leika lítið hlutverk sem ekki væri minnst á í kynningarmyndum. Vaughn sló til og gerði gamla vini sínum greiða. „Hlutverkið varð síðan aðeins stærra en upphaflega stóð til og Liman fannst ég skila svo góðu starfi að hann ákvað að nota það í kynningarmyndbandið," sagði Vaughn. Hann er þó ekkert brjálaður yfir þessu og segist hafa skemmt sér mjög vel við gerð myndarinnar. „Mig langaði bara svo að koma aðdáendum mínum á óvart," sagði Vaughn. ■

VINCE VAUGHN Glímdi við lesblindu og er þakklátur föður sínum fyrir að hafa ekki sett sig á lyf. Hann er nú meðal helstu gamanleikara Bandaríkjanna og hlutverk hans í Mr. & Mrs. Smith varð mun stærra en áætlað var.

KRINGLUKAST

MOKKASÍUR Á 30% AFSLÆTTI

SAND

WOMAN

Kringlunni • 553 4141



Taktu þátt í War of the Worlds leik FM957!

Innrásin hefst 29.júní

- Frítt flug með Icelandair til London með 2 vinum þínum!
- Frí gisting í London!
- Miði á heimsforsýningu á War Of The Worlds!
- 50.000 kr. í gjaldeyri frá Gullplúskort Mastercard!

Sendu okkur tölvupóst á fm957@fm.is og segðu okkur af hverju þú ættir að fá að koma með og þú gætir verið á leiðinni.

FM 957

SUMARIÐ ER TÍMINN

VIÐ TÆKIÐ

Heimsendasjónvarp og kynórar

FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÁTTI FJÖLBREYTT SJÓNVARPSKVÖLD Á MÁNUDAGINN

Það var gott veður á mánudaginn. Sólin skein á Laugaveginn og við félagarnir ákváðum að grilla. Rúlluðum niður í bæ og keyptum grísavöðva, salat og kartöflur. Kveiktum í kolunum og stemmingin minnti á útilegu. Klukkan nálgaðist níu og kjötið var að verða tilbúið. Um leið og Skjár einn tilkynnti að The Contender væri að byrja vorum við komnir með veisluföngin á diskana og sátum spenntir. Að þessu sinni voru það Jesse og Jonathan sem háðu bardaga upp á líf og dauða. „Ég veðja uppvaskinu á Jonathan," sagði einn félagi minn og heitar umræður um hver væri betri hófust.
Klukkan korter í tíu var þátturinn á enda. Jesse vann og við sem höfðum haft trú á Jesse sátum rólegir og fylgdumst með tíu fréttum. Hinir vöskuðu upp.
Korter yfir tíu voru ljósin slökkt og þeir sem höfðu eitthvað að segja beðnir um að þegja. Komið var komið að Lost. Til að eyðileggja ekki fyrir þeim sem misstu af þættinum og ætla að horfa á endursýninguna segi ég bara: Ekki missa af þessum þætti!
Þegar þessu var lokið leystist hópurinn upp og ég fór heim. Mér varð á að stilla á Stöð 2 og horfa á Extreme Sex. Hver annar viðbjóðurinn fylgdi öðrum og ég velti því fyrir mér af hverju ég þurfti að vita um afbrigðilegt kynlíf náungans. Forvitnin rak mig áfram í gegnum þáttinn.
Kvöldinu lauk með heimsendaþætti á BBC Learning þar sem Sam Neill útskýrði fyrir mér hvernig jörðin eyðist ef og þegar hún lendir í svartholi. Ég var sem betur fer í of góðu skapi til þess að láta slíkar bölsýnisspár eyðileggja fyrir mér svefninn. Myndi pæla í þessu á morgun.

SLY OG MARK BURNETT Uppvaskið var sett undir í veðmáli um hvor myndi vinna í þætti kvöldsins, Jonathan eða Jesse.

▶ **21.25** *Fræðsla*

BODY HITS. Breskur myndaflokkur um áhrifin sem lífsmáti nútímafólks hefur á líkama þess.

▶ **21.15** *Gaman*

KEVIN HILL. Kevin er gullmyndarlegur lögfræðingur sem heillar stelpurnar upp úr skónum.

▶ **22.00** *Spenna*

LAW & ORDER. Maður er stunginn til bana og í ljós kemur að hann barðist í Vietnam stríðinu.

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (24:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (36:42)

18.30 Sögur úr Andabæ (10:14)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Ed (72:83)
20.55 Í einum grænum (7:8) Ný garðyrkjuþáttaröð þar sem tekið er á því helsta sem lýtur að fegrun garða. Umsjónarmenn þáttanna, Guðríður Helgadóttir og Kristinn H. Þorsteinsson, gefa áhorfendum hagnýt ráð við umhirðu garða og skipulagningu þeirra.
▶ **21.25 Búksorgir (1:6)** (Body Hits) Breskur myndaflokkur um áhrifin sem lífsmáti nútímafólks hefur á líkama þess. Í fyrsta þættinum er fjallað um skaðlega skyndibita.
22.00 Tíufréttir
22.20 Formúlukvöld
22.40 Í hár saman (1:7) (Cutting It)e.

23.35 Gríman 2005 **0.00** EM í kvennaknattspyrnu. Sýndur verður fyrri undanúrslitaleikurinn sem fram fór fyrr í dag. **1.40** Kastljósið **2.00** Dagskrárlok

2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.40** Hver lífsins þraut **14.10** Að hætti Sigga Hall **14.45** Happy Days **15.10** Amazing Race 6 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
19.35 Simpsons (Simpson-fjölskyldan)
20.00 Strákarnir (Brot af því besta)
20.30 Medium (14:16) (Miðillinn)Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Hún sér það sem aðrir sjá ekki. Bönnuð börnum.
▶ **21.15 Kevin Hill (11:22)** (Love Don't Live Here Anymore)Nýr myndaflokkur um lögfræðing í tónlistariðnaðinum. Kevin Hill nýtur lífsins í botn.
21.55 Strong Medicine 3 (7:22) (Samkvæmt læknisráði 3)Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
22.40 Oprah Winfrey (Lose Weight This Summer With Oprah: Boot Camp Follow-Ups)

23.25 Nighty Night **23.50** Pennsylvania Miner's Story **1.20** Mile High (B. börnum) **2.05** Medical Investigations **2.45** Fréttir og Ísland í dag **4.05** Ísland í bítið **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

17.55 Cheers **18.20** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

19.15 Þak yfir höfuðið (e)
19.30 Sjáumst með Silvíu Nótt (e)
20.00 Jack & Bobby Hin einstæða Grace McAllister einsetti sér að synir hennar, Jack og Bobby, skyldu njóta velgengni í lífinu og ekki finna fyrir því að faðir þeirra var ekki til staðar á mótunarárunum.
20.50 Þak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
21.00 Providence Syd telur sig hafa fundið hinn eina rétta og svo virðist sem Jim hafi náð sér að fullu. Robbie og Joanie myndast við að koma undir sig fótunum með misjöfnum árangri.
▶ **22.00 Law & Order** Maður er stunginn til bana. Í ljós kemur að hann barðist í Víetnam.
22.45 Jay Leno Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

23.30 CSI: Miami (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **2.05** Óstöðvandi tónlist

STÖÐ 2 BÍÓ

8.00 Robin Hood Men in Tights **10.00** Three Men and a Little Lady **12.00** Calendar Girls **14.00** Groundhog Day **16.00** Robin Hood Men in Tights **18.00** Three Men and a Little Lady **20.00** Calendar Girls **22.00** Lovely and Amazing (Bönnuð börnum) **0.00** More Dogs Than Bones (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Celebrity (Bönnuð börnum) **4.00** Lovely and Amazing (Bönnuð börnum)

OMEGA

7.00 Blandað efni **7.30** Ewald Frank **8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

AKSJÓN

7.15 Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
14.00 Football: World Cup Germany **16.00** All sports: WATTS **16.30** Equestrianism: Samsung Nations Cup Lisbon Portugal **17.30** Football: UEFA European Women's Championship England **19.15** Golf: U.S. P.G.A. Tour Booz Allen Classic **20.15** Golf: the European Tour KLM Open **20.45** All Sports: Wednesday Selection **21.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Football: FIFA Confederations Cup Germany

BBC PRIME
12.40 Teletubbies **13.05** Tweenies **13.25** Fimbles **13.45** Balamory **14.05** Angelmouse **14.10** Yoho Ahoy **14.15** The Story Makers **14.35** The Really Wild Show **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** Living the Dream **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** The Life Laundry **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Property People **21.00** Spooks **21.50** Murder in Mind **22.45** Table 12 **23.00** Making Masterpieces **23.30** In Pursuit of Pleasure **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** Dawn of the Clone Age

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** Frontlines of Construction **14.00** Golden Gate **15.00** Crocs – Here Be Dragons **16.00** Battlefront **17.00** The Truth About Killing **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** Crocs – Here Be Dragons **20.00** World's Best Demolitions **21.00** North Sea Wall **22.00** War Secrets – Italy's Forgotten Invasion **23.00** Seconds from Disaster **0.00** World's Best Demolitions

ANIMAL PLANET
12.00 Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Swimming Lions **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Ferocious Crocs **20.00** Miami Animal Police **21.00** The Life of Birds **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Duel in the Swamp

DISCOVERY
12.00 Building the Ultimate **12.30** Massive Engines **13.00** Weapons of War **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** Super Structures **17.00** A Bike is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Why Intelligence Fails **20.00** War Surgeons **21.00** Unwrapped **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Untold Stories – Navy SEALs

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

VH1
16.00 VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** Fabulous Life Of... **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

CLUB
12.10 Come! See! Buy! **12.40** Other People's Houses **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Living Colour **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Sex and the Settee **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Innertainment **23.40** Backyard Pleasures **0.05** Living Colour **0.30** Come! See! Buy!

E! ENTERTAINMENT
12.00 E! News **12.30** The E! True Hollywood Story **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** Fashion Police **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Life is Great with Brooke Burke **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Dr. 90210 **21.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** The E! True Hollywood Story **0.30** Behind the Scenes **1.00** The Entertainer

CARTOON NETWORK
12.20 Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX
12.10 Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM
12.00 The Last Time I Saw Archie **13.40** Thrashin' **15.10** The Glory Guys **17.00** The Bells of Silesia **18.40** A Trip with Anita **20.20** Roadhouse 66 **21.55** Purple Haze **23.30** Beach Red **1.15** Exposed

TCM
19.00 Mutiny on the Bounty **21.55** Murder Most Foul **23.25**

VIÐ MÆLUM MEÐ...

NIGHTY NIGHT *Stöð 2* **23.25**

Harðbrjósta eiginkona

Þættirnir eru sex talsins.

Í kvöld hefur göngu sína nýr myndaflokkur á Stöð 2 sem ber heitið Nighty Night. Þar er dramatíkin og svartur húmor alls ráðandi. Aðalsöguhetjan er Jill Farrell sem rekur snyrtistofu í úthverfi. Maðurinn hennar er fársjúkur en hin illgjarna Jill lætur sem hann sé dauður. Hún skeytir líka lítið um vinnuna og eyðir flestum stundum í að krækja í lækninn Don. Sá er nágranni Jill en hún lætur sig engu skipta þótt hann sé harðgiftur. Eiginkona hans er í hjólastól en það vekur litla samúð hjá Jill.

Julia Davis sem Jill Farrell.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„It's money. I remember it from when I was single."

Svar: Jack Lawrence úr kvikmyndinni Fathers' Day frá árinu 1997.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason.

15.03 Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

17.59 Á kassanum – Illugi Jökulsson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Andblær frá Ipanema **11.03** Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Lesið í snjóinn **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Stúlkur eins og ég **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.25 Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Myndin af manninum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Málarinn Gunnlaugur Scheving

23.00 Eins og dýr í búri

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

1.10 Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

▶19.40
Íþróttir

LANDSBANKADEILDIN. Bein útsending frá leik Vals og FH í sjöttu umferð.

SÝN

7.00 Olíssport

14.30 David Letterman **15.15** Kraftasport **15.45** Álfukeppnin.Bein útsending frá leik Argentínu og Túnis í Köln. Þjóðirnir leika í A-riðli ásamt Þýskalandi og Ástralíu. **17.55** NBA (Úrslitakeppni)

▶**19.40 Landsbankadeildin** (Valur – FH)Bein útsending frá sjöttu umferð Landsbankadeildarinnar en í kvöld og annað kvöld mætast eftirtalin félög: Valur – FH, ÍA – Keflavík, Grindavík – KR, Fylkir – Fram og Þróttur – ÍBV.

22.00 Olíssport Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

22.30 David Letterman Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

23.15 Álfukeppnin (Argentína – Túnis) **0.55** Landsbankadeildin (Valur – FH)

POPP TÍVÍ

20.00 Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Tvíhöfði (e) **21.30** Real World: San Diego

Edward My Son **1.15** Stand By for Action **3.05** MGM: When the Lion Roars

HALLMARK

12.45 Gift of Love: The Daniel Huffman Story **14.15** The Man from Left Field **16.00** Touched by an Angel III **16.45** Picture Perfect **18.15** Jessica **20.00** Just Cause **20.45** Sudden Fury **22.15** State of Mind **0.00** Just Cause **0.45** Jessica **2.30** Sudden Fury

BBC FOOD

12.00 Giorgio Locatelli – Pure Italian **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Ching's Kitchen **13.30** Made to Order **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Worrall Thompson **15.30** Ready Steady Cook **16.00** A Cook's Tour **17.00** Neven Cooks **17.30** Coconut Coast **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Chefs at Sea **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Street Cafe **21.30** Ready Steady Cook

DR1

13.50 Nyheder på tegnsprog **14.00** DR-Derude med Søren Ryge Petersen **14.30** En dag i haven **15.00** Braceface **15.30** Junior-Dox **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Historier fra Danmark **17.45** Hunde på job **18.10** Min far er min mor **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** Forbuden frugt **21.30** Onsdags Lotto **21.35** Stakkels Tom **22.35** Mekaniker eller Martyr

SV1

12.20 Svart Narcissus **14.00** Rapport **14.05** På fisketur med Lars & Bård **14.35** Vilda hjärtan **15.00** Sverige! **15.30** Mina vänner **16.00** Rent hus **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Slut för idag... tack för idag **16.55** I huvudet på ungar **17.00** Expedition vildmark **17.30** Rapport **18.00** När storken sviker **18.30** Mitt i naturen **19.00** Fotboll: För-VM **21.00** Rapport **21.10** Fader Ted **21.35** En röst i natten **22.25** Sändning från SVT24

WWW.VALUR.IS

HÁTÍÐ AÐ HLÍÐARENDA

DAGSKRÁIN:

16:00 ***FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ VALS OG VÍS***
Boðið er upp á skemmtiatriði fyrir alla fjölskylduna. Í boði eru veitingar, leiktæki, tónlistaratriði og aðrar uppákomur vegna stórhátíðar að Hlíðarenda og toppslags Vals og FH í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

17:15 ***KVEÐJULEIKUR Í ÍÞRÓTTAHÚSI VALS***
Fyrrum afrekskempur Vals í handknattleik etja kappi við núverandi leikmenn meistaraflokks.

18:00 ***HÁTÍÐARDAGSKRÁ Í OG VIÐ ÍÞRÓTTAHÚS VALS***
Ávarp - Grímur Sæmundsen, formaður Knattspyrnufélagsins Vals.
Ávarp - Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri.
Allir núlifandi formenn Knattspyrnufélagsins Vals taka fyrstu skóflustungu að nýjum íþróttamannvirkjum að Hlíðarenda.

20:00 ***TOPPSLAGUR Í LANDSBANKADEILD KARLA***
Valsmenn taka á móti íslandsmeisturum FH að Hlíðarenda!

GREIND-V-20050615

HÖNNUN GREIND EHF - TEIKNING: ALARK ARKITEKTAR - ÞRÍVÍDDARTEIKNINGAR: ONNO

HRÓSIÐ

... fær Hugleikur Dagsson fyrir að vera kominn með samning við JPV og ætla að gefa út tvær bækur hjá þeim.

ÞRÍR SPURÐIR

HVERNIG ER HINN FULLKOMNI 17. JÚNÍ?

Fjallganga á Akrafjalli

Hinn fullkomna 17. júní upplifði ég í fyrrasumar uppi á Akrafjalli. Það fer enginn í fjallgöngu á 17. júní þannig að maður hefur fjallið fyrir sig í ró og næði. Ég hef ekki lengur þörf fyrir að fara í bæinn og hitta alla. Þetta er kannski ekki nógu skemmtilegt svar, en mér fannst tilvalið að fara upp á Akrafjallið á 17. júní.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar.

Hæ, hó og jibbí jei

Hjá mér myndi þetta bara vera „hæ hó jibbí jei og jibbí jei," fara niður í miðbæ með krökkunum sínum, kaupa blöðrur og hitta alla. Þetta klassíska, er það ekki bara? Já, kaupa blöðrur handa krökkunum og hitta fólk.

Vala Matthíasdóttir dagskrárgerðarkona.

Örlítil rigning

Ja, ég vil nú bara hafa þetta þannig að hann byrji á því að vera bjartur og fagur. Svo kemur örlítil rigning en það styttir upp seinni partinn. Annars erum við að tala um svo mismunandi daga. Við erum oft að spila, gamla unglingahljómsveitin. Nú á maður ekki lengur lítil börn en áður fór maður með börnin í skrúðgöngu og keypti blöðrur og svona, það var líka gaman.

Egill Ólafsson leikari og söngvari.

NYLON Alma, Emilía, Klara og Steinunn í Nylon taka upp myndband við Dans, dans, dans í næstu viku

HELGA MÖLLER: ANÆGÐ MEÐ ENDURÚTGÁFU AF ÞÚ OG ÉG

Nylon-stelpurnar dansa

Nýtt lag með Nylon, *Dans, dans, dans*, fór í loftið í gær. Þetta er ný útgáfa á lagi sem *Þú og ég* flokkurinn flutti með Helgu Möller í fararbroddi á sínum tíma. Steinunn Þóra Sigurðardóttir söngkona í Nylon segir að stelpunum finnist gaman að taka gömul lög. „Maður er alltaf að pæla í einhverjum gömlu lögum. Við hlustum á alls konar tónlist og það er alltaf gaman að taka eitthvað sígilt sem fólk kann," segir Steinunn.

„Einar Bárðason kom okkur í samband við dj-inn og svo var það Óskar Páll sem pródúseraði," segir Steinunn um upptökuna á laginu, en það var plötusnúðurinn Danni Deluxe sem poppaði upp lag Þú og ég dúettsins. „Ég er ekki búin að heyra það. En ég hlakka mikið til þess," segir Helga Möller um Nylon-útgáfuna á **Dans, dans, dans**. Dúettinn *Þú og ég* var skipaður Helgu, sem er frænka Emilíu úr Nylon, og söngvaranum Jóhanni Helgasyni. Frægasta plata dúettsins var *Ljúfa líf* og var lagið sem Nylon notaði á henni.

Í næstu viku verður tekið upp myndband við lagið í leikstjórn Kristófers Dignus, en hann gerði einnig myndbandið við Lög unga fólksins. „Það er engin saga í því þannig séð, bara flott sumarlegt myndband með fullt af dönsurum" segir Steinunn. „Við leggjum náttúrulega bara jafnmikla vinnu í það og allt sem við gerum," segir Steinunn.

Steinunn segir að Nylon-stelpurnar séu ekkert að stressa sig yfir því að slá í gegn erlendis. „Við náttúrulega erum alltaf á Íslandi. Við erum ekkert á leiðinni eitt eða neitt nema eitthvað alvöru komi upp. Og við vitum það ekki núna. Auðvitað væri það ekkert leiðinlegt, en mér finnst eiginlega skemmtilegra að vera hérna heima, meira kósí að vera svona nálægt. Ef hitt gerist er það bara bónus."

Það verður nóg að gera hjá Nylon í sumar. „Við verðum úti um allt og gerum ýmislegt," segir Steinunn. Á 17. júní verða þær á þönum milli staða en þær munu koma fram í Garðabæ, í Hljómskálagarðinum og á stóra sviðinu í Reykjavík og loks í Hafnarfirði um kvöldið.

rosag@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að **Guðmundur Árni Stefánsson**, þingmaður Samfylkingarinnar, væri á leið til Svíþjóðar þar sem hann mun taka við sendiherraembættinu af **Svavari Gestssyni**, núverandi sendiherra í Stokkhólmi, sem er á leið til Kaupmannahafnar. **Markús Örn Antonsson** útvarpsstjóri er sagður vera á leið til Kanada þar sem hann mun taka við sendiherraembætti en það mun **Sigríður Dúna Kristmundsdóttir**, mannfræðiprófessor við Háskóla Íslands og fyrrverandi þingmaður Kvennalistans, einnig gera en hún mun taka við sömu stöðu í Mósambik. Fleiri breytingar eru fyrirhugaðar næsta haust samkvæmt framgangskerfi utanríkisþjónustunnar og verður fróðlegt að sjá hverjir fara hvert.

Íslenska ofurfyrirsætan **Berglind Ólafsdóttir** spókar sig þessa dagana meðal höfuðborgarbúa. Ljósu lokkarnir sem voru eitt sinn hennar aðalsmerki hafa fengið að víkja fyrir dökku hári. **Berglind** fékk karlkyns sundlaugagesti til þess að standa á öndinni þegar hún brá sér í Laugardagslaugina í bleiku bíkiní. Þar var hún á ferð með **Vali Kristjánssyni** sem gat sér gott orð fyrir frábæran leik í myndbandi **Selmu Björnsdóttur**, If I Had Your Love. **Berglind Icey** eins og sviðsnafn hennar er býr í Los Angeles og hefur verið að reyna fyrir sér í kvikmynda – og sjónvarpsiðnaðinum. Henni brá meðal annars fyrir í kvikmyndinni **Hot Chick** þar sem hún lék fatafellu og í **Master of Disguise** þar sem hún fór með hlutverk „bottom girl".



Lárétt: **1** H20, **5** svelgur, **6** samhljóðar, **7** átt, **8** skordýr, **9** vegur, **10** tangi, **12** gerast, **13** málmur, **15** íþróttafélag, **16** bragðefni, **18** nem.
Lóðrétt: **1** tryggðarböndin, **2** skel, **3** verkur – k, **4** gott samkomulag, **6** pjátur, **8** tónn, **11** fljótið, **14** stórfljót, **17** haf.

LAUSN:

Lárétt: **1** vatn, **5** íða, **6** br, **7** na, **8** fið, **9** leið, **10** tá, **12** ske, **13** tin, **15** kr, **16** anís, **18** leri.
Lóðrétt: **1** vinátta, **2** aða, **3** ta, **4** bróðerni, **6** blikk, **8** fes, **11** áin, **14** nil, **17** sæ.

X 97·7
Enginn viðbjóður

SIGIN GRÁSLEPPA, STÓR HUMAR
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga 10.00 - 14.30

Íslenskir Leðurblökustarfsmenn

Í gærkvöldi fengu starfsmenn Saga Film forsmekkinn af því sem almennir bíógestir fá að sjá í kvöld þegar þeim var boðið á sérstaka forsýningu Batman Begins. Saga Film aðstoðaði kvikmyndatökulið Batman myndarinnar hér á landi en að sögn þeirra sem hafa séð hana kemur Ísland mjög vel út. Boðið var upp á léttar veitingar á Kringlukránni fyrir sýningu og síðan var rölt í sal 1 í Kringlubíó og horft á myndina.

Myndin hefur verið að fá prýðisgóða dóma erlendis og eru flestir sammála um að vel hafi til tekist að endurreisa Leðurblökumanninn. Starfsmenn Saga Film voru í það minnsta ánægðir með útkomuna og fögnuðu henni. ■

FINNI JÓHANNSSON OG FÉLAGAR Starfsmenn Saga Film eru ánægðir með hvernig til tókst og segja Ísland koma vel út nýju Batman myndinni.

Starfsmenn Icelandair klippið hér

www.icelandexpress.is

SKUTLASTU TIL LONDON

Iceland Express býður nú **1000 flugsæti** til og frá London á tilboðsverði. Tilboðið gildir fyrir flug á tímabilinu **17. júní** til 31. júlí. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð. **Fyrstur bókar, fyrstur fær!**

SALA HEFST KL. 12:00
www.icelandexpress.is

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

» Til London:
2500 kr. (flugfargjald)
+ 3200 kr. (skattar)
= **5.700 kr**. aðra leið með sköttum

» Frá London:
2500 kr. (flugfargjald)
+ 2750 kr. (skattar)
= **5.250 kr.** aðra leið með sköttum

Barnaverð 5.995 kr.*

* Verð aðra leið með sköttum. Barnaverð m.v. 12 ára og yngri og í fylgd með fullorðnum.

Búðu þig undir brottför á **www.icelandexpress.is**

1000 SÆTI
Verð frá aðeins: **5.250 kr.**
(Aðra leið með sköttum)

Tilboðið gildir aðeins á völdum dagsetningum frá 17. júní til 31. júlí. Takmarkað sætaframboð.

Iceland Express

Fíton/SÍA FI013457

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, sími 5 500 600

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

Síðan 1991
Þakviðgerðir
PACE ÞAKVIÐGERÐIR
Nánari upplýsingar á www.pace.is
Málarameistari sér um þakið
555 7500

BAKÞANKAR

SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

Hreinar hendur

Þegar ég var patti spurði mamma mig einu sinni hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. „Lögfræðingur," svaraði ég um hæl. Svarið vakti undran þar sem ég þekkti engan lögfræðing og vissi ekkert um lögfræðinga. Pabbi var bifvélavirki og ég þekkti ekki aðra menn en þá sem unnu með höndunum og reyndar var það svo að oft mátti ekki á milli sjá hvor var skítugri að kveldi, ég eða pabbi. Eftir að hafa svarað að ég vildi verða lögfræðingur var ég spurður hvers vegna ég vildi verða lögfræðingur: „Þá þarf ég ekki að þvo mér um hendurnar."

EINHVERRA HLUTA vegna vissi ég, sem barn, að lögfræðingar vinna ekki vinnu sem gerir þá skítuga um hendurnar. Svo er hægt að takast á um hvað er skítugt og hvað ekki. Í huga barnsins var hins vegar enginn vafi á hvað var skítugt og hvað ekki. Tjöruslettur, málning og sorgarrendur undir nöglum gerðu hendur skítugar. Grænsápa var fín til að ná flestu af en stundum varð að nota magarín, einkum á tjöru og olíumálningu. Við slíkar hreingerningar er eðlilegt að barn óski sér að þurfa aldrei aftur að ganga í gegnum þannig hreinsun.

SVO ER HITT. Ekki nást öll óhreinindi af, jafnvel ekki með magaríni og grænsápu. Jafnvel ekki með Ríkisendurskoðun. Halldór Ásgrímsson veifaði samantekt Ríkisendurskoðunar um það sem hann gerði ekki við sölu bankanna, en sá hængur er á að Ríkisendurskoðun er með fyrirvara um að stofnunin sé kannski hvorki grænsápa né magarín. Þess vegna eru áhöld um hvort hendur forsætisráðherra eru eins hreinar og hann vill vera láta. Þess vegna er mögulegt að Halldór verði að finna aðra sápu til að losna við þau óhreinindi sem hann er sagður þakinn.

SKAÐI ER ORÐINN af þessu máli. Efast er um hvort forsætisráðherra hafi hreinar hendur. Honum dugir ekki að þvo sér með Ríkisendurskoðun. Svo er það álit margra að meira þurfi að koma til. Sala bankanna var fjölbreyttari en svo að skýrsla um það sem Halldór ekki gerði eyði öllum efasemdum. Sérstaklega þegar varað er við að hún sé ekki sótthreinsandi. Svo að lokum, þurfa ekki fleiri að taka hendur úr vösum og leyfa þjóðinni að sjá hvort sorgarrönd sé undir nögl og nögl?

NÚ GEFUM VIÐ!

50 fyrstu pörin í dag
1 par á mann

Seljum 100 pör á aðeins 490 kr./stk.
1 par á mann

UN



Sími 695 1612
Opið:
Virka daga 13 - 19
Laugardag 11 - 17
Sunnudag 13 - 17
Lokað 17. júní

Kr. 1.990.-

Kr. 1.490.-

Kr. 990.-

Kr. 990.-

„Ég mæli með TEFAL
Fyrsta flokks pottum og pönnum"
Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari
á veitingahúsinu *"Þrír frakkar hjá Úlfari"*

MODEL AKRANESI
HAGKAUP Skemmtilegast að versla
RADIONAUST AKUREYRI
BRÆÐURNIR ORMSSON Lágmúla 8 • Sími 530 2800 www.ormsson.is
ORMSSON SMÁRALIND